

Nóvember 2024



Skýrsla Þjóðaröryggisráðs um framkvæmd þjóðar- öryggisstefnu fyrir Ísland á árinu 2023



Stjórnarráð Íslands
Þjóðaröryggisráð

Skýrsla Þjóðaröryggisráðs
um **framkvæmd þjóðar-
öryggisstefnu fyrir Ísland
á árinu 2023**

Efni

Inngangur	4
I Virkt alþjóðasamstarf – víðtækir öryggishagsmunir	6
Greinargerð utanríkisráðuneytisins.....	6
II Umhverfis- og öryggishagsmunir á hafsvæðum og á norðurslóðum	15
Greinargerð utanríkisráðuneytisins.....	16
Greinargerð dómsmálaráðuneytisins.....	17
Greinargerð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.....	19
III Atlantshafsbandalagið	21
Greinargerð utanríkisráðuneytisins.....	21
IV Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna	25
Greinargerð utanríkisráðuneytisins.....	25
V Norræn samvinna og grannríkjasamstarf um öryggis- og varnarmál	29
Greinargerð utanríkisráðuneytisins.....	29
VI Varnarmannvirki, sérfræðipekking og alþjóðlegar skuldbindingar	34
Greinargerð utanríkisráðuneytisins.....	34
VII Virkni mikilvægra innviða og styrking áfallapols. Viðbúnaður og samhæfð viðbrögð	40
Greinargerð dómsmálaráðuneytisins.....	40
Greinargerð forsætisráðuneytisins.....	41
Greinargerð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins.....	43
Greinargerð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.....	45
Greinargerð matvælaráðuneytisins.....	58
Greinargerð heilbrigðisráðuneytisins.....	50
VIII Loftslagsbreytingar	55
Greinargerð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.....	55
IX Stafrænt fullveldi. Net- og upplýsingaöryggi	57
Greinargerð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins.....	57
X Aðrar ógnir sem þarfnast fullrar athygli	60
Greinargerð dómsmálaráðuneytisins.....	60
Greinargerð forsætisráðuneytisins.....	65
Greinargerð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins.....	65
Greinargerð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.....	67
Greinargerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins.....	68
XI Friðlýsing fyrir kjarnavopnum að teknu tilliti til alþjóðaskuldbindinga	70
Greinargerð utanríkisráðuneytisins.....	70
XII Þjóðaröryggisráð	73
Greinargerð forsætisráðherra og formanns þjóðaröryggisráðs.....	73

Inngangur

Hlutverk Þjóðaröryggisráðs er að hafa eftirlit með því að framkvæmd þjóðaröryggis-
stefnu fyrir Ísland sé í samræmi við ályktun Alþingis, sbr. þingsályktun nr. 26/145 sem
samþykkt var á Alþingi 13. apríl 2016 með breytingum 28. febrúar 2023.

Þjóðaröryggisstefnan miðar að því að tryggja sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra
Íslands, öryggi borgaranna og vernd stjórnkerfisins og grunnvirkja samfélagsins.
Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland felur í sér 12 áherslur sem allar hafa jafnt vægi og
varða fjölmörg málefnasvið stjórnkerfisins.

Með ályktun Alþingis um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland er ríkisstjórninni falið að fylgja
stefnu um þjóðaröryggi. Ábyrgð á stjórnarsýsluframkvæmd á einstökum málefnasviðum
þjóðaröryggisstefnunnar er hjá viðkomandi ráðherra.

Áherslur þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland eru:

1. Að tryggja víðtæka öryggishagsmuni Íslands með virku alþjóðasamstarfi á
grundvelli alþjóðalaga og með friðsamlega lausn deilumála, afvopnun, virðingu
fyrir lýðræðislegum gildum, mannréttindum og réttarríkinu, jafnrétti kynjanna
og baráttu gegn ójöfnuði, hungri og fátækt að leiðarljósi. Lögð verði áhersla
á mikilvægi samvinnu og samhæfingar í stjórnkerfinu á þeim sviðum sem
þjóðaröryggisstefnan tekur til og að stjórnvöld taki virkan þátt í norrænni,
evrópskri og alþjóðlegri samvinnu hvert á sínu sviði.
2. Að horft verði sérstaklega til umhverfis- og öryggishagsmuna Íslands á
hafsvæðinu umhverfis landið og á norðurslóðum í alþjóðasamvinnu og
innlendum viðbúnaði.
3. Að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu verði áfram lykilstoð í vörnum
Íslands og meginvettvangur vestrænnar samvinnu sem Ísland tekur þátt í á
borgaralegum forsendum til að efla eigið öryggi og annarra bandalagsríkja.
4. Að varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 tryggi áfram varnir Íslands
og áfram verði unnið að þróun samstarfsins á grundvelli samningsins þar sem
tekið verði mið af hernaðarlegum ógnum, sem og öðrum áhættuþáttum þar sem
gagnkvæmir varnar- og öryggishagsmunir eru ríkir.
5. Að efla og þróa enn frekar norræna samvinnu um öryggis- og varnarmál og
annað grannríkjasamstarf sem lýtur að svæðisbundnum hagsmunum og
þátttöku í alþjóðasamstarfi á því sviði.
6. Að tryggja að í landinu séu varnarmannvirki, búnaður, geta og sérfræðipækning
til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir í öryggis- og
varnarmálum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

7. Að stuðlað verði að vernd og órofa virkni mikilvægra innviða og styrkingu áfallaþols samfélagsins gagnvart hvers kyns ógnum. Lögð verði áhersla á að tryggja skilvirkan og samhæfðan viðbúnað og viðbrögð til þess að takast á við afleiðingar hvers kyns ógna við líf og heilsu fólks, umhverfi, eignir og innviði. Tekið verði mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, fæðu- og matvælaöryggi, heilbrigðisöryggi og farsóttum.
8. Að sporna við röskun á lífsskilyrðum og búsetu vegna loftslagsbreytinga, m.a. með samdrætti í kolefnislosun, orkuskiptum, grænni fjárfestingu og virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að bregðast við loftslagsbreytingum.
9. Að efla stafrænt fullveldi og auka net- og upplýsingaöryggi á öllum sviðum samfélagsins með samhæfðum aðgerðum, áframhaldandi uppbyggingu á eigin getu og með samstarfi við önnur ríki.
10. Að stefna stjórnvalda taki mið af öðrum ógnum sem þarfnast fullrar athygli, svo sem hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og ógnum við stjórnskipun, stjórnkerfi og fjarskipti, þar á meðal fjarskiptatengingar við útlönd, orkuöryggi og fjármála- og efnahagsöryggi.
11. Að Ísland og Íslensk landhelgi sé friðlýst fyrir kjarnavopnum, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga, í því augnamiði að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.
12. Að þjóðaröryggisráð, er starfi á grundvelli sérstakra laga, meti ástand og horfur í þjóðaröryggismálum með reglulegum hætti, hafi eftirlit með framfylgd þjóðaröryggisstefnunnar, endurspegli þá breiðu sýn á þjóðaröryggi sem birtist í stefnunni og standi fyrir endurskoðun hennar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Í samræmi við eftirlitsskyldur ráðsins kallaði þjóðaröryggisráð í ársbyrjun 2024 formlega eftir greinargerðum forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis, matvælaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um hvernig ráðuneytin og undirstofnanir þeirra hefðu unnið að því að framkvæma þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland á árinu 2023.

Hér á eftir fer skýrsla um framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland á árinu 2023 sem er byggð á greinargerðum ráðuneytanna um framkvæmd einstakra áhersluþátta þjóðaröryggisstefnunnar.

Virkt alþjóðasamstarf – viðtækir öryggishagsmunir

Fyrsti áhersluþáttur:

„Að tryggja viðtæka öryggishagsmuni Íslands með virku alþjóðasamstarfi á grundvelli alþjóðalaga og með friðsamlega lausn deilmála, afvopnun, virðingu fyrir lýðræðislegum gildum, mannréttindum og réttarríkinu, jafnrétti kynjanna og baráttu gegn ójöfnuði, hungri og fátækt að leiðarljósi. Lögð verði áhersla á mikilvægi samvinnu og samhæfingar í stjórnkerfinu á þeim sviðum sem þjóðaröryggisstefnan tekur til og að stjórnvöld taki virkan þátt í norrænni, evrópskri og alþjóðlegri samvinnu hvert á sínu sviði.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins

1. Alþjóðasamstarf

Eftir þau straumhvörf sem urðu með innrás Rússlands í Úkraínu 2022 hafa Ísland og helstu samstarfsríki unnið að því að mæta breyttu öryggisumhverfi. Varnir bandalagsríkja hafa verið styrktar, Finnar hlutu inngöngu í Atlantshafsbandalagið í apríl 2023 og Svíar tæpu ári síðar eftir að hafa staðið í gættinni um margra mánaða skeið. Meiri óvissa er um öryggishorfur á norðurslóðum og viðbúnaður og eftirlit Atlantshafsbandalagsríkja tekur mið af breyttum aðstæðum. Í samstarfsríkjum er lögð áhersla á að efla samráð meðal líkt þenkjandi ríkja á Vesturlöndum en sinna að sama skapi samtali við fjarlægari ríki til að stuðla að velsæld og skapa grundvöll fyrir trausta framtíð alþjóðakerfisins.

Ísland lagði sitt af mörkum til framdráttar grunnildum mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins í formennsku sinni í Evrópuráðinu sem lauk í maí 2023. Samhliða gegndi Ísland formennsku árið 2023 í norrænni samvinnu sem er þýðingarmikil fyrir allt starf utanríkisþjónustunnar og raunar stjórnsýslunnar allrar.

Fáir hagsmunir eru Íslandi mikilvægari en að alþjóðalög séu virt, alþjóðakerfið haldi velli og varnarsamstarf á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og svæðisbundið samstarfs sé eft. Sú barátta sem háð er í Úkraínu snýst um annað og meira en það landsvæði sem Rússar hafa reynt að leggja undir sig. Öryggi í Evrópu, virðing fyrir alþjóðalögum og þeim gildum sem alþjóðakerfið byggist á eru að veði. Því ríður á að áfram verði samstaða meðal bandalagsríkja um að standa með Úkraínu til langframa. Stefna um stuðning Íslands við Úkraínu næstu fimm árin er liður í því, en vinna var hafin haustið 2023 að þingsályktunartillögu þar að lútandi til framlagningar á vörþingi. Stefnan var svo samþykkt í apríl 2024.

Stríðið hefur dregið fram ólíka afstöðu ríkja til alþjóðakerfisins þar sem mörg þróunarríki telja sig bera skarðan hlut frá borði, nokkuð sem mátti einnig greina í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Stór og áhrifamikil ríki utan Vesturlanda hafa sum hver sameinast um að stuðla að breytingum í alþjóðakerfinu og sporna gegn því sem þau telja ofríki Vesturlanda, eins og endurspegladist meðal annars í ákvörðun BRICS-ríkjanna í ágúst 2023 um að útvíkka bandalagið. Hagsmunir þessara ríkja eru þó innbyrðis ólíkir og má reikna með að flest þeirra telji sér best borgið í samstarfi við mörg og ólík ríki, þar með talið í Evrópu og Norður-Ameríku.

Langflest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa ítrekað fylgt málstað Úkraínu og alþjóðalögum í allsherjarþinginu enda er smærri ríkjum hvergi betur borgið en innan stöðugs alþjóðakerfis þar sem þjóðaréttur er virtur. Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs hafa aftur á móti rekið fleyg í samstöðuna þar sem langflest þróunarríki fylktu sér um leið með málstað Palestínu gegn hörðum gagnárásum Ísraels á Gaza. Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur verið skýr um að öllum hlutaðeigandi beri að virða alþjóðalög, átökin verði að stöðva og horfa þurfi strax til varanlegrar lausnar. Eingöngu verði hægt að tryggja varanlegan frið þegar tvö ríki búa í samlyndi.

2. Alþjóðalög og friðsamleg lausn deilumála

Vaxandi spenna í alþjóðaöryggismálum einkenndi starf Sameinuðu þjóðanna árið 2023. Stríðsrekstur Rússlands gagnvart Úkraínu, átökin á Gaza og átök á Sahel-svæðinu í Afríku hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir mannúðaraðstoð og mannréttindi, fæðuöryggi, umhverfis- og loftslagsmál og framfylgd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Aðildarríkin hafa skipast í fylkingar sem takast á um hvernig skuli haldið á málum.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra sóttu að venju ráðherraviku allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í september 2023. Í ræðu sinni í allsherjarþinginu lagði utanríkisráðherra megináherslu á mikilvægi samstarfs og ábyrgðar alþjóðasamfélagsins við að leysa vandamál samtímans, hvort sem þau vörðuðu framkvæmd heimsmarkmiðanna, baráttu gegn loftslags- og umhverfisvá, versnandi stöðu mannréttinda eða fæðuöryggi. Ráðherra fordæmdi árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og aðför Belarús að lýðræðisöflum í landinu og áréttaði að lýðræði og lýðrættindi yrði skilyrðislaust að verja. Ráðherra kom einnig inn á mikilvægi starfs Evrópuráðsins í mannréttindamálum og greindi frá framboði Íslands til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna 2025-2027.

Alger kyrrstaða ríkti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna vegna innrásar Rússlands í Úkraínu þar sem árásarríkið stöðvaði allar ákvarðanir með neitunarvaldi. Svipuð kyrrstaða var á árinu í málefnum Mið-Austurlanda því þrjú af fastaríkjum ráðsins beita neitunarvaldi á víxl. Í báðum tilfellum eru því málefni til umfjöllunar á sérstökum neyðarfundum allsherjarþingsins. Munurinn er sá að einungis öryggisráðið getur tekið bindandi ákvarðanir en ályktanir allsherjarþingsins lýsa pólitískum vilja og afstöðu aðildarríkja.

Hrottaleg hryðjuverkaárás Hamas á Ísrael 7. október 2023, þar sem um 1.200 manns létu lífið og yfir 250 voru teknir í gíslingu kallaði á hörð viðbrögð og víðtæka fordæmingu alþjóðasamfélagsins. Ísrael lýsti strax yfir stríði við Hamas og studdu einkum Vesturlönd rétt ríkisins til sjálfsvarnar. Árásir Ísraelshers á Gaza hófust í

kjölfarið með það að yfirlýstu markmiði að uppræta Hamas. Í árslok 2023 höfðu um 22 þúsund látist á Gaza af völdum árásanna, að stærstum hluta óbreyttir borgarar. Allt frá upphafi átakanna hefur verið lögð áhersla á að draga úr spennu og forðast stigmögnun. Flókin tengsl ríkjanna á svæðinu, hernaðaraðgerðir þeirra þvert á landamæri og áhrif og aðgerðir vígahópa, sem njóta stuðnings Írans gefa ríka ástæðu til að hvetja til stillingar.

Ísland fordæmdi strax hryðjuverkaárás Hamas og áréttaði að Ísrael hefði fullan rétt til sjálfsvarnar. Í framhaldi af því hefur Ísland kallað eftir tafarlausu vopnahléi af mannúðarástæðum, lausn allra gísla, óheftu aðgengi að neyðaraðstoð og undantekningarlausri virðingu við alþjóðalög. Ísland hefur einnig fordæmt öll brot á alþjóða- og mannúðarlögum, rétt eins og hrottalega hryðjuverkaárás Hamas 7. október. Þá hefur Ísland margsinnis kallað eftir því að strax verði hugað að raunverulegum skrefum í átt að tveggja ríkja lausn. Þessari afstöðu Íslands var komið á framfæri við sendiherra Ísraels strax á fyrstu dögum stríðsins. Utanríkisráðherra hefur átt fundi með utanríkisráðherrum bæði Ísraels og Palestínu til að koma á framfæri afstöðu Íslands. Ráðherra sótti einnig fund utanríkisráðherra Norðurlanda og Belgíu, Hollands og Lúxemborgar með utanríkisráðherrum nokkurra Araba- og múslimaríkja í Osló í desember 2023 þar sem rætt var um varanlega lausn deilunnar.

Þá hefur Ísland ítrekað tekið til máls á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Í öryggisráðinu 24. október var kallað eftir rannsókn á öllum meintum brotum stríðandi fylkinga á alþjóðalögum og 26. október kallaði forsætisráðherra á samfélagsmiðlum eftir tafarlausu vopnahléi. Ísland sat hjá í atkvæðagreiðslu um fyrstu ályktun neyðarfundar allsherjarþingsins 27. október þar sem ekki náðist samkomulag um að fordæma hryðjuverk Hamas en kallaði í atkvæðaskýringu eftir tafarlausu vopnahléi. Þann 8. desember sendi Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum, bréf til stuðnings ákalli aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til öryggisráðsins og alþjóðasamfélagsins um tafarlausar aðgerðir og vopnahlé af mannúðarástæðum. Í samræmi við ályktun Alþingis 9. nóvember var Ísland, ásamt 101 öðru ríki, meðflytjandi að ályktun sem lögð var fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna 8. desember en náði ekki fram að ganga. Ísland kaus með og var meðflytjandi að ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 12. desember þar sem kallað var eftir tafarlausu vopnahléi á Gaza af mannúðarástæðum, framfylgd alþjóðalaga, vernd óbreyttra borgara, tafarlausri lausn gísla og tryggu mannúðaraðgengi.

Ísland jók stuðning sinn við Palestínufloðtamannaáðstoðina (UNRWA) á árinu 2023 um 225 milljónir króna til að bregðast við ástandinu. Auk þess var Rauða krossinum á Íslandi veitt 25 milljóna króna árslokaframlag til að styðja við starfsemi Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) sem starfar með palestínska Rauða hálfmánanum á Gaza og 15 milljóna króna viðbótarframlag til Alþjóðlega sakamáladómstólsins (ICC).

3. Afvopnun

Ekki tókst á liðnu ári að rjúfa þá stöðnun sem einkennt hefur viðræður um afvopnun og framkvæmd gildandi afvopnunar samninga undanfarin ár. Frá allsherjarnrás Rússlands í Úkraínu árið 2022 hafa meira og minna öll afvopnunarmál verið í hnút. Á síðastliðnu ári drógu Rússar til dæmis tilbaka fullgildingu sína á samningnum um bann við prófun á kjarnavopnum (CTBT) og tilkynntu um úrsögn sína úr samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu (Conventional Armed Forces in Europe Treaty, CFE-

samningnum). Við þessu brugðust Atlantshafsbandalagsríkin, þar með talið Ísland, með því að fresta framkvæmd samningsins (e. suspend obligations) um óákveðinn tíma í von um að einhvern tíma muni ára betur í afvopnunarmálum.

Sem fyrr er forgangsmál fyrir alþjóðaöryggi að styrkja framkvæmd samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna og friðsamlega nýtingu kjarnorku (NPT-samningsins). Innrás Rússa í Úkraínu hefur aukið hættu á því að geryðingarvopnum verði beitt í hernaði eða að kjarnorkuslys verði. Því er mikilvægt að aðildarríkin að bæði Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og Efnavopnastofnuninni (OPCW) virði skuldbindingar sínar. Þá þarf að takast á við þær nýju ógnir sem leiða af örri tækniþróun á sviði vígbúnaðargerðar og átaka.

Sumarið 2023 samþykkti Alþingi lög nr. 67/2023 um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit. Megintilgangur þeirra er að sameina á einn stað ýmis lög sem varða þessa málaflokka og nú er í einum lagabálki fjallað um alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í tengslum við afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit

Sem fyrr mun Ísland áfram leggja sitt af mörkum til framgangs raunhæfrar afvopunar með virkri þátttöku á alþjóðavettvangi þar sem afvopnunarmál eru til umfjöllunar og í samráði við önnur ríki um hvernig beri að takast á við nýjar ógnir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir.

Sjá nánar um afvopnun í greinargerð utanríkisráðuneytisins um framkvæmd ellefta áhersluþáttar.

4. Lýðræðisleg gildi, mannréttindi og réttarríkið

Ísland fór með formennsku í Evrópuráðinu frá nóvember 2022 og fram í maí 2023. Á formennskutímanum gegndi utanríkisráðherra embætti forseta ráðherranefndar Evrópuráðsins og fastafulltrúi Íslands hjá ráðinu stýrði öllum reglulegum fundum nefndarinnar í Strassborg. Grundvallargildi ráðsins - lýðræði, réttarríkið og mannréttindi - eiga undir högg að sækja og voru því sett á oddinn í formennsku Íslands. Þá var lögð áhersla á umhverfismál og mannréttindi, réttindi barna og ungmenna og jafnréttismál, meðal annars með aðkomu drengja og karla, og réttindi hinsegin fólks. Stuðningur við Úkraínu var sömuleiðis forgangsmál og nýttu Íslenskir fulltrúar hvert tækifæri á formennskutímabilinu til að tala máli Úkraínu og stuðla að því að tryggja ábyrgðarskyldu vegna þeirra brota sem framin hafa verið.

Fjórði leiðtogafundurinn í 75 ára sögu Evrópuráðsins var haldinn í Reykjavík 16.-17. maí 2023 og markaði lok formennsku Íslands í ráðinu. Var það sögulegt að svo margir leiðtogar skyldu koma saman í fyrsta sinn í nær tuttugu ár til að áréttta þau sameiginlegu gildi sem Evrópuráðið byggir á. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra voru gestgjafar fundarins, en utanríkisráðuneytið leiddi undirbúninginn í samstarfi við forsætisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, embætti ríkislögreglustjóra, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðina, Reykjavíkurborg, ISAVIA, tollgæslusvið Ríkisskattstjóra og fleiri. Um var að ræða eitt umfangsmesta verkefni sem utanríkisþjónustan hefur tekist á hendur. Það sama átti við um embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, sem léku lykilhlutverk við öryggisgæslu í tengslum við fundinn. Leiðtogafundurinn sóttu fulltrúar allra

46 aðildarríkja Evrópuráðsins, auk háttsettra fulltrúa alþjóðastofnana og fimm áheyrnarríkja Evrópuráðsins. Hátt í eitt þúsund gestir komu til landsins til að taka þátt í fundinum og um 350 blaða- og fjölmiðlamenn skráðu sig til þátttöku.

Utanríkisráðherra sótti ráðherraviku mannréttindaráðsins í Genf í febrúar 2023 og flutti stefnuræðu Íslands um alþjóðleg mannréttindamál þar sem staða lýðræðis, frelsis og mannréttinda bar hæst. Í ræðunni fordæmdi ráðherra meðal annars harðlega innrás Rússlands í Úkraínu og minnti á skelfilegar afleiðingar stríðsins sem hefðu víðtæk áhrif á mannréttindi víða. Þá fordæmdi ráðherra mannréttindabrot stjórnvalda í Belarús, skoraði á talibana í Afganistan að virða mannréttindi og láta af þeirri kúgun í garð kvenna sem þar viðgengst og lýsti yfir áframhaldandi stuðningi við íbúa Íran sem enn sættu hrottalegu ofbeldi af hálfu stjórnvalda.

Ísland sækist á nýjan leik eftir setu í mannréttindaráðinu fyrir tímabilið 2025-2027, með stuðningi Norðurlandanna sem leitast eftir að eiga fulltrúa í ráðinu hverju sinni. Kosningar fara fram á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York í október 2024. Áfram verður lögð áhersla á kynjajafnrétti, málefni hinsegin fólks, réttindi barna og ungmenna, og tengsl umhverfis og mannréttinda, mál sem hafa verið í forgrunni í formennsku Íslands í Evrópuráðinu og starfinu í mannréttindaráðinu.

Árið 2023 voru 75 ár liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingarinnar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Afmælisins var meðal annars minnst með hátíðarviðburði í Genf í desember, þar sem forsætisráðherra stýrði pallborðsumræðum um tengsl mannréttinda og umhverfis- og loftslagsmála.

Í byrjun árs 2023 gerðist Ísland aðili að ríkjahópi um vernd mannréttinda á netinu (Freedom Online Coalition). Þá er Ísland eitt stofnríkja bandalags um fjölmiðlafrelsi (Media Freedom Coalition) og eitt 43 ríkja sem mynda bandalag um réttindi hinsegin fólks (Equal Rights Coalition). Ísland tekur áfram þátt í lýðræðisátaki Bandaríkjaforseta (Summit for Democracy) sem hrundið var af stað í lok árs 2021. Markmið átaksins er að efla mannréttindi og lýðræði um heim allan með aðgerðabandalögum um mismunandi málefni þeim tengd. Þá tók Ísland undir sameiginlega yfirlýsingu ríkja (Global Declaration on Information Integrity Online) haustið 2023 um mikilvægi þess að stuðla að sönnum og réttum upplýsingum á netinu byggðum á alþjóða- og mannréttindalögum með það að markmiði að stuðla að jafnrétti, fjölmiðla- og tjáningarfrelsi.

5. Jafnrétti kynjanna

Íslensk stjórnvöld hafa um árabil lagt sín lóð á vogarskálarnar á alþjóðavettvangi til valdeflingar kvenna og stúlkna og aukinnar virðingar fyrir mannréttindum þeirra. Sérstök áhersla var á liðnu ári lögð á að efla samstarf með líkt þenkjandi ríkjum í baráttunni gegn því bakslagi sem orðið hefur á sviði kynjajafnréttis á heimsvísu. Þessi öfugþróun er meðal annars til komin vegna vaxandi lýðræðishalla, öfgahyggju, sárafátæktar, átaka og loftslagsbreytinga, sem hefur ekki síst áhrif á hópa sem standa höllum fæti í samfélögum. Hópur jafnréttissendiherra tíu líkt þenkjandi ríkja og fulltrúar Atlantshafsbandalagsins funduðu á Íslandi í nóvember 2023 til þess að stilla saman strengi á þessu sviði. Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegum samstarfsvettvangi fjórtán ríkja, undir forystu Bandaríkjanna, um aðgerðir gegn stafrænu kynbundnu áreiti og einelti (Global Partnership for Action on Gender Based

Online Harassment and Abuse). Þá hefur Ísland verið í fararbroddi þeirra ríkja sem leggja áherslu á málefni kvenna, friðar og öryggis í störfum Atlantshafsbandalagsins en nánar er fjallað um það undir þriðja áherslupætti.

Ísland leiðir árlega ályktun í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi í Íran og fylgir eftir ályktun sérstaks fundar um mannréttindi kvenna í Íran sem Ísland stóð fyrir ásamt Þýskalandi á haustmánuðum 2022. Í september stóð forsætisráðherra fyrir viðburði um stöðu kvenna í Afganistan í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Í aðdraganda ráðherraviku allsherjarþingsins leiddi Ísland ásamt Tansaníu fund átakaverkefnisins Kynslóð jafnréttis (Generation Equality) á vegum Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women). Fundurinn fjallaði um það alvarlega bakslag sem orðið hefur í jafnréttismálum víða um heim og nauðsyn þess að grípa til markvissra aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Forsætisráðherra flutti opunarávarp og stýrði einnig pallborðsumræðum þar sem rætt var um ábyrgð ríkja, skuldbindingar og árangur af verkefnum átaksins.

Ísland tók sem endranær virkan þátt í störfum 67. þings kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) í mars. Forsætisráðherra leiddi sendinefnd ráðuneyta, alþingismanna og frjálsra félagasamtaka en fastanefnd Íslands bar hitann og þungann af undirbúningi og tók þátt í samningaviðræðum um lokaniðurstöður fundarins. Forsætisráðherra flutti ræðu fyrir hönd Íslands og leiddi samnorræna dagskrá um norrænar aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Þá flutti forsætisráðherra einnig innlegg á hliðarviðburði Evrópuráðsins og íslensku formennskunnar um réttindi kvenna og stúlkna á flóttu.

Reglubundin fyrirtaka Íslands hjá nefnd um framkvæmd samnings um afnám mismununar gagnvart konum (CEDAW) fór fram í Genf í júní 2023. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins leiddi sendinefndina sem var skipuð fulltrúum fjögurra ráðuneyta.

Eitt af markmiðum Íslands í landsáætlun um konur, frið og öryggi er að sinna málsvarastarfi á þessu sviði til að tryggja að jafnréttis- og kynjasjónarmiða sé gætt á vettvangi öryggis- og varnarmála. Var það gert á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York, hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vín. Unnið er að fjórðu landsáætlun Íslands á þessu sviði.

Á árinu 2023 var efnt til þriggja „Barbershop“ ráðstefna sem miða að virkri þátttöku karla og drengja í jafnréttisbaráttu á alþjóðavísu, en undanfarinn áratug hafa alls um tuttugu slíkir viðburðir verið haldnir með alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að. Barbershop-verkfærakistan var kynnt á ráðstefnu um karla og drengi hjá Evrópuráðinu í apríl með aðkomu forseta Íslands. Efnt var til rakarastofuráðstefnu hjá Mennta- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í febrúar og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) í Vín í október með þátttöku hátt í hundrað hermála- og öryggismálafulltrúa aðildarríkja. Utanríkisráðherra ávarpaði einnig viðburð um karla og jafnréttismál á sérstökum viðburði á heimspingi kvenleiðtoga í Reykjavík í nóvember.

6. Barátta gegn ójöfnuði, hungri og fátækt

Þróunarsamvinna er lykilþáttur í utanríkisstefnu Íslands. Þörf fátækustu ríkja heims á stuðningi hefur farið hratt vaxandi á síðastliðnum árum, meðal annars

vegna afleiðinga loftslagsbreytinga og óstöðugleika. Til viðbótar við efnahagsleg og samfélagsleg áhrif COVID-19 heimsfaraldursins glíma þau við skuldakreppu, orkuskort og fæðuöryggi.

Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028 var samþykkt á Alþingi í desember 2023. Þverpólísk sátt ríkti um innihald stefnunnar sem tekur mið af víðtæku samráði. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Parísarsamkomulagið og aðrir alþjóðlegir sáttmálar sem Ísland er aðili að varða veginn í stefnunni. Áskoranir sem fátækari ríki heims standa frammi fyrir eru í forgrunni ásamt þeim styrkleikum og sérþekkingu sem Ísland hefur fram að færa og gildum sem íslenskt samfélag hefur í heiðri. Útrýming fátæktar, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði eru yfirmarkmið stefnunnar þar sem mannréttindi og jafnrétti kynjanna annars vegar og umhverfis- og loftslagsmál hins vegar eru bæði sértæk og þverlæg markmið.

Við framkvæmd stefnunnar munu íslensk stjórnvöld áfram eiga í tvíhliða samstarfi við Malaví, Úganda og Síerra Leóne, sem eru meðal fátækustu ríkja heims. Fjölpjóðleg samvinna verður áfram í brennidepli og áhersla lögð á samstarf við fjórar lykilstofnanir á sviði þróunarsamvinnu: Alþjóðabankann, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) auk þriggja sjóða á sviði loftslagsmála: Græna loftslagssjóðinn (Green Climate Fund), Aðlögunarsjóðinn (Adaptation Fund) og Norræna þróunarsjóðinn (Nordic Development Fund). Samkvæmt stefnunni verður mannúðarframlögum einkum beint til lykilstofnana Sameinuðu þjóðanna á því sviði: Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP), Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Neyðarsjóðs Sameinuðu þjóðanna (CERF) og Samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA) auk Palestínuflóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) og Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC). Þá verður samstarfi við félagasamtök, GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu og aðila íslensks atvinnulífs haldið áfram auk þess sem unnið verður að því að efla samstarf við fræðasamfélagið.

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu heildarframlög á vegum íslenskra stjórnvalda til opinberrar þróunaraðstoðar á árinu 2023, þar með talið þau sem falla til hjá öðrum ráðuneytum auk stofnfjárframlaga til Alþjóðabankans og annarra stofnana, 16,1 milljarði eða 0,36 prósent af vergum þjóðartekjum (VPT), en markmið fjármálaáætlunar var 0,35 prósent af VPT.

Jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands var kynnt á árinu en í henni er fjallað um allt starf Íslands á þessu sviði. Niðurstöður rýnnar voru jákvæðar í garð Íslands og meðal annars er dregið fram að þrátt fyrir að vera lítið framlagsríki hafi Ísland, með skýrri og markvissri nálgun á tiltekin málefnasvið, stofnanir og samstarfslönd, nýtt styrkleika sína í þróunarsamvinnu og hámarkað framlag sitt til málaflokksins.

7. Samvinna og samhæfing í stjórnkerfinu

Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að efla innlent samráð og upplýsingaskipti um öryggis- og varnarmál. Reglulegt samráð fer fram milli stofnana og ráðuneyta sem koma að málaflokknum auk virkrar upplýsingagjafar og samráðs við þjóðaröryggisráð og utanríkismálanefnd. Á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins starfa fulltrúar

frá Landhelgisgæslu Íslands og embætti ríkislögreglustjóra sem tryggir virkt samband og tengsl milli skrifstofunnar og þessara stofnana.

Utánríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa sett á fót námskeið í öryggis- og varnarmálum til að efla þekkingu og bæta samstarf í málaflokknum. Á fyrsta námskeiðinu, sem haldið var á haustmánuðum 2023, komu saman fulltrúar frá fyrrnefndum ráðuneytum, ásamt forsætisráðuneyti, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu og Fjarskiptastofu. Til stendur að byggja á fenginni reynslu og halda námskeiðið tvisvar á ári með þátttöku annarra ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja sem koma að öryggis- og varnarmálum á Íslandi í breiðum skilningi.

Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd fyrsta áhersluþátta

Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu var ljóst að reyna myndi á samstarf og samstöðu innan Evrópu. Leiðtogafundur Evrópuráðsins í Reykjavík gegndi hlutverki í því að styrkja samstöðu aðildarríkjanna, ekki síst með Úkraínu, treysta stoðir Evrópuráðsins og gera stofnuninni kleift að vinna áfram að grunnildum sínum. Efnislegar niðurstöður fundarins fóru fram úr væntingum. Reykjavíkuryfirlýsingin (Reykjavik Declaration) var samþykkt eftir margra mánaða vinnu á vettvangi Evrópuráðsins í Strassborg undir forystu Íslands. Í henni birtist sameiginleg sýn aðildarríkjanna á það hvernig Evrópuráðið skuli takast á við helstu áskoranir í nútíð og framtíð. Ráðherranefnd ráðsins hefur í samræmi við Reykjavíkuryfirlýsinguna samþykkt aukið starf á sviði lýðræðismála og unnið er að breytingum á skipulagi á sviði umhverfismála og mannréttinda í samræmi við samþykktir leiðtogafundarins. Árangur fundarins fólst einnig í sögulegri stofnsetningu tjónaskrár vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Í upphafi formennsku Íslands í Evrópuráðinu setti Ísland sér það markmið að koma á fót sérstakri tjónaskrá (register of damage) sem tæki til eignaskemmda, manntjóns og alvarlegra meiðsla sem orðið hafa í stríði Rússlands í Úkraínu. Samningur um stofnun tjónaskrár var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins fyrir leiðtogafundinn og í kjölfarið var hægt að virkja hann í Reykjavík með undirritun leiðtoga, en alls skrifuðu 44 ríki undir samninginn á fundinum. Þar er um að ræða afar mikilvægt skref í átt að ábyrgðarskyldu og réttlæti fyrir þá sem orðið hafa fyrir tjóni vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Einnig má nefna samþykkt yfirlýsinga um stuðning við úkraínsk börn, eftirfylgni með dómum Mannréttindadómstóls Evrópu, setningu meginreglna um lýðræði til að vinna gegn lýðræðislegu bakslagi (Reykjavik Principles of Democracy) og yfirlýsingu um tengsl mannréttinda og umhverfismála. Á vettvangi Evrópuráðsins er leiðtogafundurinn talinn hafa verið árangursríkur hvort sem horft er til efnislegrar niðurstöðu, þátttöku, framkvæmdar eða sýnileika ráðsins.

Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða fyrsta áhersluþátta

Ísland sækist á ný eftir sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2025-2027 en kosið verður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York haustið 2024. Hljóti Ísland kosningu munu tækifæri Íslands til þess að hafa áhrif á alþjóðavettvangi aukast til muna. Opnun sendiráðs í Madríd mun einnig gefa aukin tækifæri til frekara alþjóðasamstarfs.

Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd fyrsta áhersluþáttar

Vegna versnandi öryggisástands og vaxandi spennu í alþjóðasamskiptum er brýnt að tryggja fjárveitingar til öflugrar þátttöku í störfum alþjóðastofnana og fjölþjóðlegu samstarfi, til að vinna megi að grundvallarhagsmunum Íslands sem lúta að virðingu fyrir alþjóðalögum, sterku alþjóðakerfi, friði og öryggi. Öflugur áframhaldandi stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu vegna yfirstandandi innrásarstríðs Rússlands er jafnframt mikilvægur, í samræmi við stefnu Íslands þar að lútandi, enda er þannig einnig staðin varðstaða um beina öryggishagsmuni Íslands, alþjóðakerfið og alþjóðalög.



Umhverfis- og öryggishagsmunir á hafsvæðum og á norðurslóðum

Annar áhersluþáttur:

„Að horft verði sérstaklega til umhverfis- og öryggishagsmuna Íslands á hafsvæðinu umhverfis landið og á norðurslóðum í alþjóðasamvinnu og innlendum viðbúnaði.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins

Norðurslóðir og hafsvæðið umhverfis Ísland eru ekki undanskilin þeirri spennu og óstöðugleika sem nú ríkir í öryggismálum Evrópu og víðar. Stríðsrekstur Rússa í Úkraínu er þar afdrifaríkastur en önnur átök, neikvæðar horfur í alþjóðasamskiptum og loftlagsbreytingar eru einnig meðal mikilvægra áhrifaþátta. Þessi staða endurspeglast til að mynda í auknum umsvifum bandalagsríkja á svæðinu, meðal annars frá öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli sem þjónar mikilvægu hlutverki í aðgerðum og eftirliti bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi.

Horfur á norðurslóðum eru að taka töluverðum breytingum í kjölfar innrásarstríðs Rússa í Úkraínu, aðild Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu og vaxandi samstarfs Kína og Rússlands. Samningar og samstarf sem varð til eftir lok kalda stríðsins eru undir álagi eða grafið er undan þeim. Á meðan að það kann að vera til góðs að halda lífi í ákveðnum ráðstöfunum, t.d. á sviði leitar og björgunar, fiskveiða og umhverfismála, þá er ljóst að nain samskipti við Rússland eru útilokuð á næstu misserum.

Loftlagsbreytingar munu hafa afgerandi áhrif á þróun heimsmála til langs tíma. Þegar litið er til öryggis- og varnarmála munu afleiðingar loftlagsbreytinga að öllum líkindum stuðla að auknu óöryggi og ýta undir átök og deilur um landsvæði og auðlindir með tilheyrandi fólksflutningum og fólksflótta. Bráðnun heimskautaíss opnar fyrir nýjar siglingaleiðir á norðurslóðum og aðgengi að ónýttum náttúruauðlindum. Ríki horfa í auknum mæli til svæðisins með það fyrir augum að auka alþjóðapólitísk áhrif og njóta efnahagslegs ávinnings af nýtingu auðlinda og siglingaleiða. Aukin umsvif hafa í för með sér áhættur sem hafa bein áhrif á Ísland sem norðurslóðaríki sem reiðir sig á auðlindir hafsins og frið og stöðugleika á svæðinu.

Atlantshafsbandalagið hefur skilgreint neikvæðar afleiðingar loftlagsbreytinga sem mögulega ógn við hagsmuni bandalagsins og einstakra bandalagsríkja. Hefur mikil áhersla því verið lögð á að koma aðgerðaáætlun Atlantshafsbandalagsins um loftlagsbreytingar og öryggismál í framkvæmd svo bandalagið verði betur í stakk búið til að takast á við áhættur og áskoranir sem tengjast loftlagsbreyttu starfsumhverfi til framtíðar.

Áhersla á Norður-Atlantshafið og norðurslóðir hefur farið vaxandi á vettvangi Atlantshafsbandalagsins undanfarin ár samhliða nýjum öryggisáskorunum, meðal annars vegna áhrifa loftlagsbreytinga og minni hafíss. Þetta hefur leitt til aukinnar viðveru, eftirlits og æfinga á svæðinu, þar með talið í nágrenni Íslands. Nýjar svæðisbundnar varnaráætlanir hafa verið samþykktar sem taka mið af mikilvægi svæðisins og hlutverk og vægi aðgerðaherstjórnar bandalagsins í Norfolk í Bandaríkjunum hefur verið eft. Herstjórnin í Norfolk ber ábyrgð á Norður-Atlantshafi og gegnir lykilhlutverki fyrir norðurslóðir. Með nýjum varnaráætlunum bandalagsins mun Ísland færast undir aðgerðaherstjórn bandalagsins í Norfolk sem fer þá með aðgerðastjórn bæði á friðar- og spennutímum. Norðurlöndin hafa lagt ríka áherslu á að þau tilheyri öll sömu herstjórn og verði hluti af aðgerðaherstjórninni í Norfolk. Ísland hefur lagt til útsendan sérfræðing í herstjórnina frá stofnun árið 2019 og bætti við öðrum starfsmanni þar undir lok árs 2023 til að tryggja tengingar við Ísland og leggja sitt af mörkum.

Vaxandi samráð er um öryggis- og varnarmál á norðurslóðum. Þetta á einnig við um hermálahlíð í samstarfi norðurskautsríkjana að frátöldu Rússlandi, stundum nefnd norðurskautsríkin sjö (Arctic 7), þar sem Ísland tekur einnig virkan þátt og hefur hagsmunu að gæta. Í samstarfi herafra norðurskautsríkja er áhersla nú meðal annars lögð á að takast á við ógnir sem kunna að stöðja að norðurslóðum til framtíðar.

Fulltrúar hinna sjö líkt þenkjandi aðildarríkja Norðurskautsráðsins, Bandaríkjana, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Kanada, Noregs og Svíþjóðar, hafa átt náið óformlegt samráð frá upphafi innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Starfið snerist fyrst um að draga ríkin út úr öllu samstarfi við Rússa innan ráðsins, síðan að endurvekja þá þætti starfseminnar sem hægt væri án samstarfs við Rússa og loks um að skipuleggja yfirfærslu formennskunnar í ráðinu frá Rússlandi til Noregs vorið 2023.

Ríkin sjö hafa verið sammála um að takmarka samskipti við Rússland en reyna að halda starfsemi ráðsins gangandi að því marki sem unnt er. Á árinu 2023 voru ákvarðanir vinnuhópa um vísindasamstarf teknar með skriflegum hætti og engir fundir haldnir á vegum Norðurskautsráðsins. Eina undantekningin voru fundir stýrihópa um verkefni sem Rússar eiga ekki aðild að.

Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd annars áherslupáttar

Innlent samráð og samstarf tengt norðurslóðum hefur verið öflugt. Unnið hefur verið að auknu samstarfi við Grænland og samningar endurnýjaðir við Noreg og Fulbright-stofnunina á Íslandi um samstarf í norðurslóðافرæðum. Þá undirritaði utanríkisráðherra á árinu 2023 nýjan samstarfssamning við Bretland um vísindasamstarf á norðurslóðum. Samkomulagið felur í sér stofnun sjóðs sem styrkir breska og íslenska vísindamenn til samstarfs um norðurslóðarannsóknir. Utanríkisráðuneytið vann áfram að gerð framkvæmdaáætlunar um norðurslóðastefnu Íslands í samvinnu við önnur ráðuneyti.

Í nóvember stóð utanríkisráðuneytið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Hörpu um plastmengun á norðurslóðum, í samvinnu við matvælaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Helstu viðfangsefni hennar voru mat á umfangi plastmengunar, leiðir til að draga úr henni og hvernig megi standa að hreinsun. Ráðstefnan var haldin í framhaldi af fyrri ráðstefnu um sama efni, sem utanríkisráðuneytið stóð fyrir vorið

2021 þegar Ísland gegndi formennsku í Norðurskautsráðinu. Forsætisráðherra flutti lokaávarp ráðstefnunnar og boðaði þar að Ísland myndi að tveimur árum liðnum standa fyrir þriðju ráðstefnunni um sama efni.

Í febrúar tók utanríkisráðherra þátt í umræðum um öryggismál á norðurslóðum á öryggisráðstefnunni í München. Á Arctic Frontiers-ráðstefnunni í Tromsø í Noregi sat ráðherra í pallborði og ræddi innrás Rússlands í Úkraínu og afleiðingar hennar fyrir norðurslóðasamstarf með starfssystkinum sínum frá Noregi og Svíþjóð og ráðuneytisstjóra finnska utanríkisráðuneytisins.

Í júní opnaði ráðherra málþing um öryggismál á norðurslóðum í Þjóðminjasafninu en málþingið var afrakstur samstarfs Íslenskra og kanadískra fræðimanna. Líkt og undanfarin ár sótti utanríkisráðherra Hringborð norðurslóða sem haldið er í Reykjavík ár hvert. Í tengslum við ráðstefnuna undirritaði ráðherra samkomulag við bresk stjórnvöld um styrkjafyrirkomulag til vísindarannsókna á norðurslóðum fyrir vísindafólk í báðum ríkjum auk þess að funda með utanríkisráðherrum Danmerkur, Færeyja og vararáðherra í utanríkisráðuneyti Singapúr.

Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða annars áherslupáttar

Ísland fer með formennsku í óformlegu samstarfi herafra norðurskautsríkjanna sjö árið 2024 og mun því halda fund yfirmanna herafra ríkjanna í Reykjavík seinni hluta 2024.

Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd annars áherslupáttar

Tryggja þarf áframhaldandi virkt samráð við norðurskautsríkin sjö og önnur bandalagsríki um þróun öryggismála á norðurslóðum, eftirlit og viðbúnaðargetu. Áfram þarf að styðja við formennsku Noregs í Norðurskautsráðinu sem og við komandi formennsku Dana á tímabilinu 2025-2027.

Greinargerð dómsmálaráðuneytisins

Velferð og öryggi íbúa á norðurslóðum er nátengt vistkerfinu og líffræðilegum fjölbreytileika svæðisins. Í því felst að öryggismál á norðurslóðum eru margslungið viðfangsefni sem nær yfir m.a. fæðuöryggi, efnahagslega afkomu, heilsufar, verndun og nýtingu náttúrugæða og menningararfs, auk hefðbundnari öryggismála.

Margar þjóðir hafa undanfarin ár unnið að því að draga úr notkun svartolíu sem eldsneyti á skip og í samstilltu átaki þorra þjóða innan Norðurskautsráðsins hefur á vettvangi Alþjóða siglingamálastofnunarinnar verið unnið að banni á notkun svartolíu (Heavy Fuel Oil) á norðurslóðum. Endanlegt samkomulag þar að lútandi náðist í júní árið 2021 og kemur til framkvæmda í júlí 2024. Einhverjar undanþágur verða fyrst um sinn heimilar eða þar til árið 2029 fyrir skip sem standast tiltekin viðmið og þá verða jafnframt undanþágur fyrir skip sem sinna leit og björgun eða sinna hreinsunar- og björgunarstarfi vegna olíuslysa.

Landhelgisgæsla Íslands (LHG) er aðili að Strandgæsluráði Norðurskautsríkja (Arctic Coast Guard Forum) sem hingað til hefur fundað u.þ.b. fjórum sinnum á ári. Helstu áherslumál samstarfsins hafa verið tengd leit, björgun og viðbrögðum við mengunarslysum. Í því felst m.a. samræming verklags við leit og björgun,

Þekkingarmiðlun á sviði björgunar- og mengunarviðbragða og stöðlun fjarskipta. Strandgæsluráðið stendur einnig fyrir árlegum æfingum og rannsóknaverkefnum tengdum öryggismálum og mengunarvarna á norðurslóðum, m.a. í samstarfi við vinnuhóp Norðurskautsráðsins um varnir, viðbúnað og viðbrögð (EPPR). Strandgæsluráðið hefur staðið fyrir æfingu á sviði björgunar og mengunarvarna annað hvert ár, „Arctic Guardian“.

Landhelgisgæslan á enn fremur formlegt samstarf við samtök skemmtiferðaskipa á norðurslóðum (Association of Arctic Expedition Cruise Operators, AECO) um aukið öryggi farþega og ferðamanna á norðurslóðum. Samstarfið felur í sér reglulega fundi sem og árlega tveggja daga skrifborðsæfingu (Annual Joint Arctic SAR event) og var ráðstefna haldin á Íslandi í mars 2023. Hinn árlegi viðburður er skipulagður af fastanefnd skipaðri fulltrúum Landhelgisgæslunnar, AECO og björgunarstjórnstöðvar Norður-Noregs, ásamt þátttöku annarra lykilaðila á norðurslóðum.

Landhelgisgæslan hefur tekið þátt í starfi hringborðs öryggisstofnana á norðurslóðum (Arctic Security Forces Roundtable) frá árinu 2012 fyrir atbeina utanríkisráðuneytisins. Markmiðið er að stuðla að auknu öryggi á norðurskautssvæðinu með því að efla samvinnu þessara ríkja á sviði öryggismála og tryggja eftirlit á svæðinu, upplýsingaskipti og samskipti þegar slys eða atvik verða sem kalla á aðkomu tveggja eða fleiri ríkja. Þessu samstarfi var komið á fót fyrir tilstuðlan yfirstjórnar bandaríska heraflans í Evrópu og yfirstjórnar norska heraflans og tóku öll norðurskautsríkin upphaflega þátt en í kjölfar innlimunar Rússlands á Krímskaga 2014 hættu Rússar þátttöku í samstarfinu. Aðrir þátttakendur eru Þýskaland, Frakkland, Bretland og Holland. Bandaríkjamenn og Norðmenn styðja rekstur þessa samstarfs.

Samstarfið hefur þróast frá 2012 en í upphafi var áhersla aðallega á leit og björgun, mengunarvarnir og stuðning við almannaöryggi á norðurskautssvæðinu. Með tilkomu Strandgæsluráðs Norðurskautsríkja færðust þeir málaflokkar þangað og síðari árin hefur athyglin á norðurslóðum í meira mæli beinst að því að draga úr spennu og tryggja að norðurskautssvæðið haldi áfram að einkennast af samvinnu og stöðugleika. Í því sambandi er sérstaklega horft til samvinnu ríkjanna, vöktunar og viðbragðsgetu. Haldnir eru tveir fundir á ári þar sem farið er yfir stöðuna á svæðinu, ógnir og tækifæri til samstarfs. Samstarfið styrkir þekkingu Íslands um stöðu mála á norðurslóðum með tilliti til öryggismála.

Á vegum Atlantshafsbandalagsins hefur verið unnið markvisst að greiningu og skoðun á breyttu öryggisumhverfi, m.a. á Norður-Atlantshafi, vegna samgönguleiða yfir hafið, flutninga og fjarskipta. Sett hefur verið upp herstjórn bandalagsins í Norfolk í Bandaríkjunum, en meginverkefni hennar snýr að öryggismálum og samgöngu- og samskiptaleiðum yfir Norður-Atlantshaf.

Áfram þarf að vinna að því að styrkja eftirlits- og viðbragðsgetu Íslands á íslenskum hafsvæðum, þar sem helstu auðlindir þjóðarinnar er að finna. Íslendingar bera ábyrgð á hafsvæðum sem eru margfalt stærri en landið. Landhelgisgæsla Íslands fer með löggæslu á hafi og sinnir þar öryggisgæslu og eftirliti, m.a. löggæslu, leit- og björgun og eftirliti með ytri landamærum Schengen-svæðisins, þ.e. allri umferð skipa til og frá landinu. Efnahagslögsaga Íslands er 200 sjómíllur frá grunnlínu, en íslenska leitar- og björgunarsvæðið er margfalt stærra eða um 1,9 ferkílómetrar og nær norður fyrir Jan Mayen, suður fyrir Grænland og austur fyrir Færeyjar. Á því svæði ber Landhelgisgæslan ábyrgð á að hefja og samhæfa allar leitar- og björgunaraðgerðir.

Á þessum svæðum eru auðlindir sem eru undirstaða lífsskilyrða í landinu, sæstrengir sem halda uppi öllum fjarskiptum við umheiminn og mörg þúsund kílómetra strandlengja. Öflugt löggæslu- og öryggiseftirlit ásamt vöktun hafsvæðisins eru forsendur fyrir verndun svæðisins. Koma þarf í veg fyrir ólöglegt athæfi, uppgötva mengunarflekki tímanlega og tryggja skjót viðbrögð við slysum.

Greinargerð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Skv. lögum um loftslagsmál skal ráðherra láta gera áætlun um aðlögun íslensks samfélags að áhrifum loftslagsbreytinga. Mikill undirbúningur og samráð hefur átt sér stað með hagaðilum um fyrstu útgáfu aðlögunaráætlunar sem verkefnisstjórn loftslagsaðgerða miðar að því að samþykkja fyrir lok júní 2025, sbr. reglugerð nr. 786/2024.¹

Skýrslur vísindafólks sýna fram á nauðsyn aðlögunaraðgerða vegna hlýnunar loftslags og súrnunar sjávar á þessari öld. Í skýrslunni „Loftslagspolið Ísland“, sem gefin var út af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins 2023, þar sem er að finna tillögur að gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum, eru lagðar til nokkrar forgangsaðgerðir sem er ætlað að leggja grunn að mikilvægum upplýsinga- og þekkingarinnviðum fyrir ákvarðanatöku vegna aðlögunarvinnu.² Ein af þeim er aðgerðin kerfislægir loftslagsáhættuvísar fyrir Ísland sem er í undirbúningi hjá Veðurstofu Íslands. Markmiðið með þeirri aðgerð er að útfæra gagnlega matsþætti flókinna loftslagsáhættu fyrir Ísland. Samhliða því að skilja betur hvaða gögnum þurfi að safna og greina til að meta kerfislæga áhættu fyrir Ísland vegna áhrifa loftslagsbreytinga hnattrænt og hverjir skuli safna þeim og greina. Meðal tilgreinda samstarfsaðila í skýrslunni er þjóðaröryggisráð. Þjóðaröryggisstefnan er ein af þeim stefnuskjölum sem nefnd eru í skýrslunni með tengsl við loftslagsáhættuvísar.

Í skýrslunni „Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi“ frá árinu 2023, sem er fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá árinu 2000 er m.a. fjallað um áhrif loftslagsbreytinga á ástand sjávar og lífríki í sjó.³ Í skýrslunni er áhersla lögð á reglulega vöktun og greiningu á umhverfi og lífríki sjávar í ljósi þess að loftslagsbreytingar geti leitt til hraðari og stundum víðtækari breytinga. Þar segir að frá árinu 1995 hafi hlýr og selturíkur Atlantssjór verið ráðandi fyrir norðan land. Talið er að á hafi umhverfis landið verði áframhaldandi hlýindaskeið og að hækkanði sjávarhiti hafi áhrif á útbreiðslusvæði margra sjávarlífvera.

Nýjustu rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á hafstrauma í nágrenni Íslands benda þó til þess að líkur á breytingum á hringrás hafstrauma sem bera varma til landsins hafi verið stórlega vanmetnar. Þannig þarf að rannsaka til hlítar þann möguleika að breytingar verði á færslu hlýs sjávar til landsins og veltihringrás Atlantshafsins, sem gæti haft í för með sér talsverða kólnun á svæðinu í kringum Ísland til lengri tíma. Slík kólnun myndi að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á sjávarútveg, landbúnað og ferðaþjónustu. Rannsóknir sýna að neikvæða þróun megi m.a. rekja til breyttra umhverfisskilyrða í hafinu. Stofnar sjófugla hafi víða minnkað

¹ <https://island.is/reglugerdir/nr/0786-2024>

² https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-ogskrar-URN/Loftslagstholid_Island_rafaen-skyrsla.pdf

³ <http://loftslagsbreytingar.is>

mikið vegna umhverfisbreytinga í hafi sem hafi haft áhrif á mikilvægar fæðutegundir. Vegna aðstæðna í hafinu við Ísland hafi súrnun sjávar orðið hraðari hér við land en að jafnaði í heimshöfunum.

Útreikningar sýni að einungis ef styrkur gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnunum lækki takist að snúa súrnun sjávar við. Það umbreytingaskeið sem fari í hönd á næstu áratugum muni valda álagi á vistkerfi sjávar. Mikilvægt sé að öðru álagi, t.d. vegna ofnýtingar, rasks búsvæða og mengunar, sé haldið í lágmarki á sama tíma.

Samhliða vinnu við gerð fyrstu útgáfu aðlögunaráætlunar á næstu tólf mánuðum verður fyrsta viðkvæmni- og áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga útfært.



Atlantshafsbandalagið

Þriðji áherslupáttur:

„Að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu verði áfram lykilstoð í vörnum Íslands og meginvettvangur vestrænnar samvinnu sem Ísland tekur þátt í á borgaralegum forsendum til að efla eigið öryggi og annarra bandalagsríkja.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er önnur tveggja meginstoða öryggis og varna Íslands ásamt tvíhliða varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. Utanríkisþjónustan gætir hagsmuna Íslands og er málsvari þess innan bandalagsins og gegnir fastanefnd Íslands við höfuðstöðvar bandalagsins mikilvægu hlutverki í því samhengi. Enn fremur sendir utanríkisráðuneytið borgaralega sérfræðinga til starfa í verkefnum bandalagsins, aðgerðum, þjálfun og stuðningsverkefnum.

Líkt og árið 2022 voru afleiðingar og viðbrögð við stríði Rússlands gegn Úkraínu meginviðfangsefni Atlantshafsbandalagsins á árinu 2023 en bandalagið hefur skilgreint Rússland sem mestu ógn við öryggi bandalagsríkja og frið á Evró-Atlantshafssvæðinu. Á þessum umbrotatímum hefur bandalagið brugðist við með skýrum og afgerandi hætti sem undirstrikar einhug um að bandalagið sé ávallt reiðubúið að tryggja frelsi og öryggi bandalagsríkja á grunni órofa skuldbindinga ríkjanna um sameiginlegar varnir í samræmi við fimmtu grein Atlantshafssáttmálans.

Pólítísk eining ríkti um þessi mál á þremur fundum utanríkisráðherra og jafnmörgum fundum varnarmálaráðherra á árinu. Á leiðtogafundi bandalagsins í Vilnías í júlí 2023 voru teknar ákvarðanir sem undirstrika skýrar skuldbindingar um að bandalagið sé í stakk búið til að mæta hvers kyns ógnum og áskorunum. Leiðtogarnir samþykktu nýjar svæðisbundnar varnaráætlanir sem fela í sér mestu breytingar í sögu bandalagsins frá lokum kalda stríðsins. Viðbúnaður og viðbragðsgeta bandalagsins verður stórefld með fjölgun liðsaflans í allt að 300 þúsund hermenn á hærra viðbúnaðarstigi. Jafnframt voru samþykktar breytingar á herstjórnarkerfinu en mikilvægur liður í því er að hlutverk og vægi herstjórnarinnar í Norfolk í Bandaríkjunum sem ber ábyrgð á Norður-Atlantshafi, þar á meðal á Íslandi, verður eft til jafns við herstjórnirnar í Brunssum og Napólí.

Frá upphafi innrásar Rússlands hafa bandalagsríki og fjöldi samstarfsríkja sýnt samstöðu með Úkraínu og veitt hernaðarlegan og efnahagslegan stuðning í baráttunni gegn rússneska innrásarliðinu. Skýr skilaboð um áframhaldandi og aukinn félagslegan,

efnahagslegan og pólitískan stuðning við Úkraínu var ein megin niðurstaðan í Vilníus þegar leiðtogar bandalagsins funduðu með Selenski Úkraínuforseta í nýstofnuðu NATO-Úkraínuráði. Stofnun ráðsins felur í sér eðlisbreytingu á samstarfi bandalagsins og Úkraínu og færir Úkraínu nær aðild að bandalaginu. Bein aðstoð bandalagsins sjálfs hefur ekki falist í vopnasendingum og skotfærum heldur varnarviðbúnaði, svo sem á sviði sprengjuleitar, fjarskipta, sjúkragagna og þjálfunar. Þessi stuðningur greiðist úr sérstökum styrktarsjóð að upphæð 500 milljónir evra. Þung áhersla er lögð á áframhaldandi framlög allra bandalagsríkja í sjóðinn. Samhliða þessari aðstoð er sérstök áhersla á að styrkja fælingar- og varnarmátt landsins, bæta samstarfshæfni liðsafla Úkraínu og bandalagsríkja og aðstoða við uppbyggingu á samþættu herstjórnarkerfi.

Í Vilníus var skýr samhljómur um að versnandi öryggisumhverfi kalli á áframhaldandi aukningu framlaga allra bandalagsríkja til varnarmála. Á fundinum voru samþykkt ný markmið um framlög til málaflokksins sem tóku við fyrri markmiðum frá leiðtogafundinum árið 2014. Nýja markmiðssetningin felur í sér þá meginbreytingu að í stað þess að stefnt sé að því að ná tveimur prósentum af vergri landsframleiðslu er það nú skilgreint sem lágmarks markmið. Þótt staða Íslands sé um margt ólík í ljósi herleysis vinna íslensk stjórnvöld að því að auka framlög til varnarmála til þess að geta talist trúverðugur aðili að þessu öflugra varnarsamstarfi þar sem Íslandi ber skylda til að leggja sitt af mörkum til sameiginlegra varna.

Ásamt líkt þenkjandi ríkjum hefur Ísland verið í fararbroddi þeirra sem kalla eftir metnaðarfullri áherslu á málefni kvenna, friðar og öryggis í störfum bandalagsins á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325. Fjallað hefur verið um málefni 1325 í fastaráðinu reglulega, m.a. í tengslum við stríðið í Úkraínu. Þá hefur Ísland jafnan kallað eftir að tekið verði tillit til jafnréttissjónarmiða þvert á allt starf bandalagsins, þar með talið hvað viðkemur fælingu og vörnum. Atlantshafsbandalagið eigi að hafa jafnréttismál að leiðarljósi og stíga fram sem leiðtogi fyrir málefni kvenna, friðar og öryggis á sviði varnar- og öryggismála. Á leiðtogafundinum í Vilníus var ákveðið að hefja endurskoðun á stefnu og aðgerðaáætlun bandalagsins í málefnum kvenna, friðar og öryggis, í samræmi við nýja grunnstefnu bandalagsins, og verður ný stefna lögð fyrir leiðtogafund í Washington í júlí 2024.

Líkt og kom fram í síðustu skýrslu þjóðaröryggisráðs um framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar 2021-2022 er skýrt kveðið á um í grunnstefnu bandalagsins að samþætting loftslagsmála við öll meginverkefni bandalagsins sé tryggð. Á leiðtogafundinum í Vilníus var undirstrikað að bandalagið þurfi að taka sjónarmið loftslagsbreytinga enn frekar með í reikninginn við styrkingu fælingar og varna, þar með talið hvað varðar stöðuvitund, þjálfun, æfingar og aðgerðir, innviði, búnað og mannvirki, uppbyggingu á getu, hæfni, viðnámsþol og stuðningsþjónustu.

Á fundi leiðtoganna voru einnig samþykktar tillögur um hvernig bandalagið getur lagt sitt af mörkum til að auka öryggi neðansjávarinnviða og til að mæta betur ógnum sem að þeim beinast. Samþykkt var að setja á fót sérstaka miðstöð um öryggi mikilvægra neðansjávarinnviða (NATO Maritime Centre for the Security of Critical Undersea Infrastructure) í flotaherstjórn bandalagsins.

Mikilvægur hluti af framlagi Íslands til starfsemi Atlantshafsbandalagsins er að senda borgaralega sérfræðinga til starfa á starfstöðvum bandalagsins. Þetta stuðlar

að uppbyggingu þekkingar innanlands á verkefnum bandalagsins og sýnir í verki að Ísland leggur sitt af mörkum. Þá skiptir þátttaka í verkefnum og starfi bandalagsins miklu máli þegar kemur að hagsmunagæslu og skilvirkri upplýsingamiðlun. Árið 2023 störfuðu Íslendingar í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel og á vettvangi aðgerða þess í öllum Eystrasaltsríkjunum, í yfirherstjórninni í Mons í Belgíu, hjá flotaherstjórninni í Bretlandi og herstjórninni í Norfolk í Bandaríkjunum. Markvisst hefur verið unnið að því að efla þátttöku Íslands í herstjórnnum bandalagsins og stefnt að því að fjölga útsendum sérfræðingum enn frekar.

Kafbátaleitaræfing Atlantshafsbandalagsins, Dynamic Mongoose, fór fram á hafsvæðinu milli Íslands og Noregs um mánaðamótin apríl-maí og var Ísland gestgjafaríki æfingarinnar að þessu sinni. Markmið æfingarinnar er að auka getu bandalagsríkja til að vinna saman að kafbátaeftirliti við flóknar og krefjandi aðstæður á Norður-Atlantshafi og æfa sameiginleg viðbrögð við aðsteðjandi ógnum. Vel á annan tug skipa og kafbáta frá tíu bandalagsríkjum tóku þátt í æfingunni auk eftirlitsflugvéla. Um 1.800 hermenn komu að æfingunni auk nokkurs fjölda borgaralegra starfsmanna. Í lok æfingarinnar hafði hluti flotans viðkomu í Reykjavík.

Northern Challenge, fjölþjóðleg sprengjuleitar- og eyðingaræfing Atlantshafsbandalagsins, fór sem fyrr fram á Íslandi dagana 21. september til 4. október 2023. Séraðgerða- og sprengjueyðingarsveit Landhelgisgæslunnar hefur staðið fyrir æfingunni frá árinu 2001 en hún nýtur mikillar virðingar og hefur skipað sér sess sem ein mikilvægasta æfing sprengjusérfræðinga aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Um 400 sérfræðingar frá bandalags- og samstarfsríkjum tóku þátt í æfingunni þar sem viðbrögð við hryðjuverkum voru æfð með því að veita þátttakendum færi á að fá þjálfun í raunhæfum verkefnum sem taka mið af þeim sprengjum sem hafa fundist í aðgerðum, meðal annars í yfirstandandi átökum í Úkraínu. Æfingin fór að mestu fram á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Frá 2008 hafa flugsveitir frá aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins sinnt reglubundinni loftrýmisgæslu bandalagsins við Ísland. Þetta er liður í að gæta að nyrðri mörkum bandalagsins með þátttöku í kerfisbundnu rauntímaeftirliti, gæslu og auðkenningu loftfara. Verkefnið er skipulagt í samvinnu utanríkisráðuneytisins og yfirherstjórnar bandalagsins en starfsfólk Landhelgisgæslunnar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli annast framkvæmdina af Íslands hálfu í umboði ráðuneytisins. Árið 2023 lögðu Noregur og Bandaríkin til liðsafla og flugsveitir til loftrýmisgæslu bandalagsins við Ísland. Með vísan til tvíhliðasamkomulags Íslands og Þýskalands kom þýski flugherinn einnig með flugsveit til landsins til þjálfunar í aðstæðum hér á landi.

Annar af tveimur tundurduflaeyðingarflotum Atlantshafsbandalagsins kom til hefðbundinnar heimsóknar til Íslands um mánaðamótin mars-apríl 2023 til að æfa neðansjávarsprengjuhreinsun á tilgreindum svæðum þar sem vitað er af gömlum tundurduflum í samstarfi við séraðgerðasveit Landhelgisgæslunnar. Flotinn, sem samanstendur af alls sex skipum, heyrir undir fastaflota Atlantshafsbandalagsins.

Á liðnu ári lögðu tveir háttsettir herforingjar Atlantshafsbandalagsins leið sína til Íslands til að kynna sér aðstæður og aðstöðu hér á landi og funda með íslenskum ráðamönnum og embættismönnum. Christopher G. Cavoli, yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins (SACEUR), fundaði með utanríkisráðherra í maí og James B.

Hecker, hershöfðingi og yfirmaður flugherstjórnar Atlantshafsbandalagsins (AIRCOM) og flughers Bandaríkjanna í Evrópu (USAFE), fundaði með utanríkisráðherra í ágúst. Meðal umræðuefna beggja funda var árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, aukinn varnarviðbúnaður Atlantshafsbandalagsins og framlag Íslands til sameiginlegra varna bandalagsins. Þá kynntu þeir sér starfsemina á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Það er mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands að háttsettir fulltrúar Atlantshafsbandalagsins og bandalagsríkja á sviði varnarmála séu meðvitaðir um framlag Íslands til sameiginlegra varna bandalagsins og hafi skilning á aðstæðum hér á landi sem eru um margt frábrugðnar því sem gerist í samstarfslöndum okkar.

Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd þriðja áherslupáttar

Á árinu 2023 hefur verið unnið ötullega að því að styrkja getu bandalagsríkja til að framkvæma uppfærðar varnaráætlanir bandalagsins. Felst það meðal annars í því að efla viðbragðsgetu liðsafla, búnað, flutnings- og aðfangakerfi, öryggi neðansjárinnviða, og styrkja herstjórnarkerfi bandalagsins, þar með talda svæðisbundna herstjórn fyrir Norður-Atlantshaf í Norfolk í Bandaríkjunum, sem Ísland fellur undir.

Í samræmi við ákvarðanir leiðtoganna í Vilnías um þéttara pólitískt samstarf og hagnýtan stuðning við Úkraínu, hefur Ísland stutt við varnarbaráttu landsins með framlögum í stuðningssjóð Atlantshafsbandalagsins.

Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða þriðja áherslupáttar

Aðild Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu markar tímamót, bæði í starfsemi Atlantshafsbandalagsins og í norrænu samstarfi. Með inngöngu þessara nágrannaríkja okkar eru öll Norðurlöndin aðildarríki bandalagsins og með því skapast tækifæri sem munu styrkja sameiginlegar varnir og fælingarmátt á Norðurlöndum, Eystrasaltinu og á norðurslóðum, og efla varnir og öryggi bandalagsins til muna.

Atlantshafsbandalagið er að undirbúa flug ómannaðra eftirlitsflugvéla (NATO Intelligence, Surveillance and Reconnaissance Force) á Norður-Atlantshafi en vélarnar eru staðsettar í Sigonella á Ítalíu. Varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands, í samvinnu við Samgöngustofu og Isavia, vinnur að gerð verkferla svo flugvellir hér á landi geti þjónað sem varavellir þurfi vélarnar að lenda óvænt. Með flugi vélanna mun rauntíma stöðuvitund á svæðinu aukast verulega.

Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum hvað varðar framkvæmd þriðja áherslupáttar

Ákvarðanir leiðtoga Atlantshafsbandalagsins frá 2022 hafa undirstrikað með afgerandi hætti að fæling og varnir er þungamiðjan í starfsemi bandalagsins, meðal annars með uppfærðum varnaráætlunum, þar sem liðsflutningar um Norður-Atlantshafið er ein forsenda þess að bandalagið geti gripið til sameiginlegra varna. Vægi Íslands á svæðinu er óumdeilt og áriðandi að Ísland sé trúverðugt og traust bandalagsríki sem leggi með áreiðanlegum hætti sitt af mörkum til sameiginlegs öryggis á Evró-Atlantshafssvæðinu. Því er mikilvægt að Ísland standi við skuldbindingar sínar og unnið verði áfram að því að tryggja nauðsynleg mannvirki, innviði og búnað, sem og að styrkja þekkingu og mannauð innanlands og á vettvangi bandalagsins.

IV

Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna

Fjórði áhersluþáttur:

„Að varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 tryggir áfram varnir Íslands og áfram verði unnið að þróun samstarfsins á grundvelli samningsins þar sem tekið verði mið af hernaðarlegum ógnum, sem og öðrum áhættuþáttum þar sem gagnkvæmir varnar- og öryggishagsmunir eru ríkir.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins

Ásamt aðildinni að Atlantshafsbandalaginu er varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 önnur meginstoð öryggis og varna Íslands. Tvíhliða varnarsamstarf og verkefni Bandaríkjanna og Íslands, á grundvelli gagnkvæmra varnarskuldbindinga, hafa vaxið að umfangi vegna aðgerða og innviðauppbýggingar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, ekki síst í tengslum við eftirlit og viðbúnað á Norður-Atlantshafi í formi kaþbátaeftirlits og fælingaraðgerða. Ísland hefur í áratug veitt gistiríkisstuðning við kaþbátaleitarflugvélar Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja á Keflavíkurflugvelli og bandaríski flugherinn hefur sinnt loftrýmisgæslu á Íslandi nær árlega síðan 2008.

Reglubundið samráð Íslands og Bandaríkjanna um öryggis- og varnarmál var haldið í Washington í apríl 2023. Þar var meðal annars rætt um aukið eftirlit og viðbúnað á Norður-Atlantshafi og samstarf ríkjanna við kaþbátaeftirlit og varnir. Einnig var rætt um samskipti við Kína, netöryggismál og málefni norðurslóða. Áhersla hefur verið lögð á að efla enn frekar upplýsingaskipti og fyrirsjáanleika og hefur það þegar skilað sér. Þessu til viðbótar eiga fulltrúar varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og varnarmálasviðs Landhelgisgæslu Íslands vikulega fundi með varnarmálafulltrúa sendiráðs Bandaríkjanna og fulltrúum framkvæmdastofnunar bandaríska sjóhersins (NAVFAC). Þetta reglulega samráð tryggir greiða miðlun upplýsinga, bæði um aðgerðir bandarísks liðsafla á Íslandi og þær framkvæmdir sem standa yfir hér á landi á hverjum tíma. Samstarfið er náð og ríkir gott traust milli stjórnvalda beggja ríkja sem mikilvægt er að viðhalda til framtíðar.

Sem liður í fælingaraðgerðum á Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum kom sérstök flugsveit bandaríska flughersins tímabundið til landsins um miðjan ágúst 2023. Flugsveitin var staðsett á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli með þrjár langdrægar B-2 sprengjuflugvélar og um 250 liðsmenn. Verkefnið, sem var skipulagt í góðu samstarfi við bandarísk yfirvöld, stóð yfir í rúmar fimm vikur. Sveitin var við æfingar með bandalagsríkjum í Norður-Evrópu á meðan dvöl þeirra á Íslandi stóð. Viðvera flugsveitarinnar fór fram á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og

er mikilvægt framlag til fælingaraðgerða í Norður-Evrópu. Þetta er í fjórða skipti sem flugsveitin kemur til Íslands í tengslum við slíkar æfingar og í þriðja skiptið sem B-2 flugvélar hafa lent á Íslandi.

Í apríl 2023 greindi utanríkisráðherra frá ákvörðun sinni um að heimila kjarnorkuknúnum kafbátum bandaríska sjóhersins að hafa stutta viðkomu við Ísland til að taka á móti kosti og skipta út áhafnarmeðlimum. Ákvörðunin er liður í stefnu íslenskra stjórnvalda að styðja við aukið eftirlit og viðbragðsgetu bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi. Þjónustuheimsóknirnar stuðla að því að efla samfellt og virkt kafbátaeftirlit bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi sem tryggir betri stöðuvitund og eykur öryggi neðansjárinnviða á borð við sæstrengja á hafsvæðinu í kringum Ísland. Stuðningurinn er liður í varnarskuldbindingum Íslands og mikilvægt framlag til sameiginlegra varna bandalagsríkja Atlantshafsbandalagsins.

Árið 2023 lögðutveirháttsettir bandarískir herforingjar, sem jafnframt gegnalykilstöðum innan Atlantshafsbandalagsins, leið sína til Íslands til að kynna sér aðstæður og aðstöðu hér á landi og funda með íslenskum ráðamönnum og embættismönnum. Christopher G. Cavoli, yfirhershöfðingi herafra Atlantshafsbandalagsins í Evrópu (SACEUR) og yfirmaður herafra Bandaríkjanna í Evrópu, fundaði með utanríkisráðherra í maí. Til umræðu var þróun öryggismála í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu, aukinn varnarviðbúnað bandalagsins og framlag Íslands til sameiginlegra varna bandalagsríkja. Þá kynnti hann sér starfsemina á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. James B. Hecker, hershöfðingi og yfirmaður flugherstjórnar Atlantshafsbandalagsins (AIRCOM) og flughers Bandaríkjanna í Evrópu (USAFE), fundaði með utanríkisráðherra í ágúst. Rætt var um átökin í Úkraínu, aukinn varnarviðbúnað Atlantshafsbandalagsins og mikilvægi Íslands fyrir stöðuvitund á Norður-Atlantshafi. Hecker kynnti sér jafnframt öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli, heimsótti ratsjár- og fjarskiptastöðina á Bolafjalli sem er hluti af viðbúnaðargetu flugherstjórnar Atlantshafsbandalagsins og hitti liðsmenn bandarísku B-2 flugsveitarinnar sem var stödd á landinu.

Bandaríski flugherinn sinnti loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins síðastliðið haust á tímabilinu 21. október til 13. nóvember. Fjórar F-16 orrustuþotur komu til landsins og þeim fylgdu 120 liðsmenn. Verkefnið var framkvæmt með sama fyrirkomulagi og fyrri ár og í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun Atlantshafsbandalagsins fyrir Ísland.

Varnaræfingin Norður-Víkingur er haldin á grundvelli tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og fer að jafnaði fram á tveggja ára fresti. Næsta æfing fer fram hér á landi í lok ágúst 2024 en undirbúningur hófst þegar á árinu 2023. Æfingin gegnir mikilvægu hlutverki við að árétta gagnkvæmar varnarskuldbindingar, vilja og getu Bandaríkjanna og bandalagsríkja til að koma Íslandi til aðstoðar á hættutímum. Æfingin gefur erlendum liðsafla færi á að kynna sér krefjandi aðstæður á Íslandi og Norður-Atlantshafi, æfa varnaráætlanir, bæta skilvirkni og samþættingu milli þátttökuríkja og síðast en ekki síst að vinna með íslenskum stjórnvöldum og viðbragðsaðilum. Meiri vinna og þungi hefur verið lagður í undirbúning æfingarinnar en oft áður af hálfu Íslands og Bandaríkjanna í ljósi breyttra öryggisaðstæðna og hafa íslenskir viðbragðsaðilar tekið virkan þátt í þeirri vinnu.

Gistiríkisstuðningur er einnig veittur vegna kafbátaeftirlits bandalagsríkja, sem farið hefur fram við Ísland frá árinu 2014 vegna aukinnar umferðar óvinveittra kafbáta í kringum Ísland og á Atlantshafi. Aðallega er um að ræða flugsveitir frá Bandaríkjunum,

en einnig frá Bretlandi, Þýskalandi og Kanada. Eftirlitsflug voru framkvæmd nær daglega, og oft mörg flug á dag, líkt og undanfarin ár. Umfangið er talsvert þar sem tvær til fjórtán kaþbátaleitarflugvélar eru gerðar út frá Íslandi á hverjum tíma eftir þörfum og þeim fylgja verulegur fjöldi áhafnar meðlima og starfsfólks.

Samhliða auknum verkefnum og viðveru undanfarin ár hafa bæði floti og flugher Bandaríkjanna staðið fyrir umfangsmikilli uppbyggingu á innviðum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og verður því fram haldið á næstu árum. Allar slíkar framkvæmdir eru háðar samþykki íslenskra stjórnvalda og að framkvæmdum loknum verða þessir innviðir eign íslenska ríkisins. Undir lok árs 2023 lauk útboði fyrir birgðageymslur fyrir bandaríska flugherinn. Framkvæmdir hófust á fyrstu mánuðum 2024 og er áætlað að þeim ljúki 2027. Um umfangsmikla framkvæmd er að ræða sem felur í sér uppbyggingu geymslna og viðhaldshúsnæðis fyrir búnað til reksturs flugvallar og þjónustu við flugvélar. Í undirbúningi er að endurbæta byggingar sem áður hýstu stjórnstöð varnarliðsins og hafa frá árinu 2014 verið nýttar fyrir stjórnstöð kaþbátæftirlits bandaríska flotans. Þá er bandaríska flugherinn að vinna tillögur um bætt aðgengi að eldsneyti fyrir orrustuþotur á Keflavíkurflugvelli ásamt því að kosta byggingu olíuskilja við flugskýlin á öryggissvæðinu til að uppfylla nýjar umhverfiskröfur.

Sérstök sameiginleg nefnd Íslands og Bandaríkjanna (Joint Committee) hittist árlega til að ræða og fara yfir framkvæmdir og aðgerðir bandarískra hermálafyrivalda héraðs, bæði yfirstandandi verkefni og framtíðarverkefni. Þessari nefnd var komið á fót með samkomulagi ríkjanna árið 2017 og hittist nefndin á Íslandi í febrúar 2023.

Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd fjórða áhersluþáttar

Á liðnu ári hefur utanríkisráðuneytið eftt beint samstarf við herstjórnir og hermálafyrirvöld Bandaríkjanna til að koma hagsmunum Íslands á framfæri og efla rauntíma upplýsingaskipti. Má þar nefna samráð við yfirherstjórn, flota- og flugherstjórn Bandaríkjanna í Evrópu og þátttöku á fundum æðstu yfirmanna heraflla Norður-Evrópuríkja sem Evrópuherstjórn Bandaríkjanna skipuleggur. Samstarf og upplýsingaskipti um þróun öryggismála á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum hefur verið aukið í ljósi verkefna á hafinu í kringum Ísland. Þar að auki er sendiráð Íslands í Washington skipað varnarmálafulltrúa í fullu starfi frá og með janúar 2024 en áður hefur staðgengill sendiherra gegnt því hlutverki. Þar með gefst tækifæri til þess að gæta betur að hagsmunum Íslands í öryggis- og varnarmálum með beinum samskiptum við varnarmálaráðuneyti og herstjórnir Bandaríkjanna.

Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða fjórða áhersluþáttar

Mikilvægt skref var stigið í varnarsamstarfi Ísland og Bandaríkjanna á liðnu ári þegar heimild var veitt fyrir þjónustuheimsóknum bandarískra kaþbáta í landhelgi Íslands. Þjónustuheimsóknirnar styðja við aukið eftirlit og viðbragðsgetu bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi. Framkvæmd heimsóknanna hefur gengið vel í þéttu samstarfi utanríkisráðuneytisins, Landhelgisgæslu Íslands, embættis ríkislögreglustjóra, Geisla-varna ríkisins og fleiri aðila.

Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd fjórða áhersluþáttar

Viðhalda þarf áfram þéttu og nánu samstarfi við hermálayfirvöld í Bandaríkjunum. Samstarfið er nú þegar mjög gott og formfast og stefna báðir aðilar að því að sammælast um skýrari framtíðarsýn til miðlungs og lengri tíma. Einnig er stefnt að því að ríkin eigi nánara samstarf innan Atlantshafsbandalagsins þegar kemur að fjárfestingum í innviðum á Íslandi en sú vinna er þegar hafin.

V

Norræn samvinna og grannríkjasamstarf um öryggis- og varnarmál

Fimmti áherslupáttur:

„Að efla og þróa enn frekar norræna samvinnu um öryggis- og varnarmál og annað grannríkjasamstarf sem lýtur að svæðisbundnum hagsmunum og þátttöku í alþjóðasamstarfi á því sviði.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins

Svæðisbundinni varnarsamvinnu og samráði líkt þenkjandi ríkja hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu misseri, meðal annars innan ramma norræna varnarsamstarfsins (NORDEFECO), sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (Joint Expeditionary Force, JEF), Norðurhópsins og meðal norðurskautsríkjanna sjö. Þá hefur utanríkisráðuneytið eftt samstarf við ýmis bandalagsríki um öryggis- og varnarmál og má þar sérstaklega nefna reglulegt tvíhliða samráð sem var komið á fót á liðnu ári við varnarmálaráðuneyti Frakklands, utanríkisþjónustu Evrópusambandsins sem og varnarmálaráðuneyti og herstjórnir Noregs. Þá á Ísland einnig í nánu samstarfi og samráði við varnarmála- og utanríkisráðuneyti Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja á sviði netöryggismála en löndin búa við áþekkar ógnir í sínum netumdæmum.

Norræna varnarsamstarfið (NORDEFECO) hefur verið í stöðugri þróun og hlotið aukið pólitískt vægi á síðustu árum, meðal annars vegna hernaðarumsvifa Rússlands og umsóknar Finnlands og Svíþjóðar um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Það á ekki síst við um hermálahlið samstarfsins sem Ísland tekur virkan þátt í til jafns við hið pólitíska samráð rétt eins og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og JEF. Fulltrúar herafra Norðurlandanna unnu meðal annars að stefnuramma fyrir norrænar varnir til þess að leiða enn nánari samvinnu á milli norrænu herafanna en áður hefur verið. Náið samstarf Norðurlandanna styrkir bæði tvíhliða og marghliða varnarsamstarf í Evrópu, þar með talið Atlantshafsbandalagið og JEF, og því mikilvægt af hálfu Íslands að taka virkan þátt og sýna samstöðu.

Í formennskutíð Svíþjóðar í norræna varnarsamstarfinu árið 2023 var áhersla lögð á að þróa nýja stefnu norræna varnarsamstarfsins með það fyrir augum að öll Norðurlöndin yrðu innan tíðar aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Þá var áhersla einnig lögð á að efla varnarsamvinnu Norðurlandanna á öllum sviðum og samræma hana því samstarfi sem á sér stað á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Það samstarf á einnig við um verkefni sem snerta stofnanir innanlands og snertir heildrænar varnir ríkja. Í því sambandi á utanríkisráðuneytið í góðu samstarfi við stofnanir innanlands sem stuðla með beinum eða óbeinum hætti að vörnum landsins.

Ísland studdi við formennsku Svíþjóðar meðal annars með því að halda tveggja daga fund varnarmálaráðherra Norðurlandanna í júní 2023. Fundurinn var haldinn í Reykjavík og á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Ný stefna norræna varnarsamstarfsins var samþykkt efnislega á fundinum og þá var frekari efling norræns varnarsamstarfs til framtíðar einnig til umræðu. Ísland hélt sömuleiðis fundi smærri vinnuhópa norræna varnarsamstarfsins á árinu 2023.

Sameiginlega viðbragðssveitin (JEF) er vettvangur líkt þenkjandi ríkja um öryggis- og varnarmál sem Bretland leiðir. Áhersla samstarfsins er á norðurslóðir, Norður-Atlantshaf og Eystrasalt. Samstarfið er mikilvægur vettvangur grannríkja í Norður-Evrópu sem tryggir skjót viðbrögð við hvers kyns aðstæðum á spennu- og ófriðartímum og styður við annað fjölþjóðasamstarf í Evrópu, svo sem á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þátttökuríkin eiga einnig reglubundið og virkt pólitískt samráð.

Á vettvangi viðbragðssveitarinnar hefur markvisst verið unnið að þróun viðbragðsáætlana sem miða að því að efla fælingarmátt og viðbragðsgetu gagnvart margvíslegum öryggisáskorunum á spennu- og ófriðartímum. Í kjölfar skemmda á neðansjávarinnviðum í Eystrasalti í október ákváðu varnarmálaráðherrar ríkjanna að virkja eina af viðbragðsáætlunum samstarfsins í fyrsta skipti. Sameinuðust öll tíu samstarfsríkin í æfingu við slíkum skemmdarverkum með auknu eftirliti með mikilvægum neðansjávarinnviðum. Virkjun áætlunarinnar sýndi með áþreifanlegum hætti framlag samstarfsins til öryggismála í Norður-Evrópu, sérstaklega með tilliti til öryggis neðansjávarinnviða og aðgerða gegn fjölþáttaógnum. Ísland tók virkan þátt með því að leggja til sérfræðinga sem leiddu samhæfingu upplýsingamiðlunar frá höfuðstöðvum sveitarinnar í London á meðan aðgerðum stóð.

Á árlegum varnarmálaráðherrafundi JEF í Hollandi í júní fór fram skrifborðsæfing þar sem ráðherrarnir æfðu viðbrögð við atvikum sem ógnað gætu ríkjunum. Þá var stuðningur við Úkraínu áréttaður og framgangur stríðsins ræddur. Aukin áhersla hefur verið sett á viðbrögð við fjölþáttaógnum innan samstarfsins og því var það einnig á dagskrá fundarins. Leiðtogafundur viðbragðssveitarinnar var haldinn á Gotlandi í Svíþjóð í október en utanríkisráðherra sótti fundinn fyrir hönd forsætisráðherra. Ríkin ræddu þróun öryggismála, áframhaldandi stuðning við varnarbaráttu Úkraínu og framtíðarþróun samstarfsins. Á fundinum samþykktu leiðtogarnir tíu ára stefnu viðbragðssveitarinnar en í henni er stuðningur ríkjanna við Úkraínu enn frekar áréttaður. Þá var einnig rætt hvernig efla megi viðnámsþol og heildrænar varnir ríkjanna til þess að bregðast við fjölþáttaógnum og voru viðbragðskostir JEF kynntir leiðtogum.

Í höfuðstöðvum viðbragðssveitarinnar í Northwood í London starfar einn íslenskur sérfræðingur í upplýsingamiðlun og sem tengiliður við íslensk stjórnvöld ásamt fulltrúum frá öllum þátttökuríkjunum.

Vaxandi samstarf er um varnarmál á norðurslóðum. Þetta á einnig við um hermálahlíð í óformlegu samstarfi norðurskautsríkjanna að frátöldu Rússlandi, stundum nefnd norðurskautsríkin sjö (Arctic 7), þar sem Ísland tekur einnig þátt og hefur hagsmuna að gæta. Í samstarfi herafla norðurskautsríkja er áhersla nú meðal annars lögð á að takast á við ógnir sem kunna að steðja að norðurslóðum til framtíðar. Ísland fer með formennsku í því samstarfi árið 2024 og mun því halda fund yfirmanna herafla norðurskautsríkjanna sjö í Reykjavík seinni hluta árs.

Norðurlandshópurinn er vettvangur reglubundins samráðs Norðurlandanna, Eystrasaltsríkja, Bretlands, Hollands, Þýskalands og Póllands um öryggis- og varnarmál. Varnarmálaráðherrafundir eru haldnir tvisvar á ári og tvö ríki skipta formennskunni sín á milli. Pólland fór með formennsku fyrri hluta árs og bauð til varnarmálaráðherrafundar í Varsjá í maí. Áherslur í dagskrá fundarins voru stuðningur við Úkraínu, öryggismál í Norður-Evrópu og aukinn varnarviðbúnaður Atlantshafsbandalagsins í aðdraganda leiðtogafundarins í Vilníus í júlí.

Svíþjóð tók við formennsku seinni hluta árs og var seinni varnarmálaráðherrafundur Norðurlandshópsins haldinn í framhaldi af varnarmálaráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel í október. Þar voru öryggisaðstæður á svæðinu til umræðu með sérstaka áherslu á Belarús, hlutverk þess í stríðinu í Úkraínu og framtíðarhorfur. Þá voru þjóðhagslega mikilvægir innviðir og fjölpáttaðgnir einnig til umræðu og hvernig ríkin geta sem best varist slíkum ógnum.

Flugsveit þýska flughersins kom til landsins undir lok júlímánaðar og var við æfingar í rúmar tvær vikur. Flugsveitin samanstóð af sex Eurofighter Typhoon orrustuþotum og 50 liðsmönnum. Markmið æfingarinnar var að sýna fram á getu til að bregðast hratt við mögulegum öryggisáskorunum með því að senda flugsveit á vettvang í öðru bandalagsríki á skömmum tíma. Æfingin var mikilvægur liður í því að efla stöðuvitund og þekkingu eins af stærri aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins á aðstæðum á Íslandi og treystir tvíhliða varnarsamvinnu ríkjanna. Þýskaland hefur tvisvar sinnt formlegri loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, árið 2010 og 2012, og rennir æfingin styrkari stoðum undir slíka þátttöku í framtíðinni.

Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd fimmta áhersluþátтар

Ísland studdi við formennsku Svíþjóðar í norræna varnarsamstarfinu með því að halda tveggja daga fund varnarmálaráðherra Norðurlandanna í júní 2023. Ný stefna norræna varnarsamstarfsins var samþykkt efnislega á varnarmálaráðherrafundi Norðurlandanna í Reykjavík í júní 2023, en stefnan var ekki undirrituð fyrr en Svíar gerðust formlega aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Á fundinum var frekari efling norræns varnarsamstarfs til framtíðar einnig til umræðu. Á árinu var þátttaka Íslands á hermálahlíð NORDEFCO stórukin, þar sem hagsmuna Íslands var gætt og tryggð aðkoma að ákvarðanatöku og stefnumótun er snýr meðal annars að Íslandi.

Reglulegu samráði var komið á fót á liðnu ári við varnarmálaráðuneyti Frakklands, utanríkisþjónustu Evrópusambandsins sem og varnarmálaráðuneyti og herstjórnir Noregs.

Sameiginlega viðbragðssveitin setti í æfingaskyni upp færanlega herstjórnarmiðstöð á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli í júní 2023. Þetta var í fyrsta skipti sem viðbragðssveitin hélt æfingu á Íslandi. Markmiðið með æfingunni var að gefa þátttökuríkjum tækifæri til að kynna aðstæðum á Íslandi, setja upp færanlega herstjórnarmiðstöð, þróa viðbragðsáætlanir og æfa sviðsmyndir sem tengjast öryggisáskorunum á sviði fjölpáttaðgna. Þá stóð utanríkisráðuneytið í samstarfi við breska sendiráðið fyrir málþingi á vettvangi æfingarinnar þar sem rætt var um áskoranir á sviði öryggis neðansjávarinnviða. Utanríkisráðuneytið og varnarmálasvið Landhelgisgæslunnar héldu utan um skipulag verkefnisins af hálfu íslenskra stjórnvalda. Um 250 manns komu frá höfuðstöðvum viðbragðssveitarinnar í Northwood í London, samstarfsríkjum og öðrum vinabjóðum.

Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða fimmta áhersluþáttar

Ný langtímastefna fyrir norrænt varnarsamstarf (NORDEFECO) til ársins 2030 var undirrituð á fundi varnarmálaráðherra Norðurlandanna í lok apríl 2024. Stefnunni er ætlað að mæta nýjum öryggisáskorunum, efla sameiginlega varnargetu og öryggi ríkjanna sem og framlag þeirra innan Atlantshafsbandalagsins.

Þróun öryggismála á norðurslóðum og Norður-Atlantshafi hefur verið á oddinum í tíð formennsku Danmerkur árið 2024. Svæðið hefur vaxandi öryggispolítískt vægi fyrir Evrópu og Norður-Ameríku og sammæltust ráðherrarnir á fundinum í apríl um mikilvægi þess að viðhalda stöðuvitund, fælingu og vörnum á svæðinu.

Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd fimmta áhersluþáttar

Þegar vægi varnarsamstarfs Norðurlandanna (NORDEFECO) eykst og verkefnum fjölgar verður mikilvægt fyrir Ísland að taka virkan þátt í því samstarfi sem snertir hagsmuni Íslands. Það kallar á virkari þátttöku í samstarfinu, fundarsókn og stefnumörkun á vettvangi NORDEFECO í takt við nýja langtímastefnu samstarfsins.

Greinargerð dómsmálaráðuneytisins

Ísland tekur þátt í margvíslegu samstarfi á sviði almannavarna, þ.m.t. Haga samstarfinu. Haga samstarfið er norrænt samstarf um almannavarnir. Markmið Haga samstarfsins er að efla öryggi almennings með því að auka og styrkja samstarf Norðurlanda um almannavarnir. Á vettvangi Haga hittast fulltrúar Norðurlandanna reglulega og ræða helstu áskoranir á því sviði hverju sinni. Embættismenn í málaflóknum funda að jafnaði 2-4 sinnum á ári en hluti samstarfsins er einnig beint samstarf á milli norrænna stofnana sem starfa á svipuðum sviðum almannavarna. Ráðherrar sem bera ábyrgð á málaflóknum funda svo árlega og þróa nýjar samstarfsleiðir til að efla viðbragðshæfni samfélaganna við hættuástandi, slysum og hamförum, með það að markmiði að bæta samfélagsöryggi og borgaralegan viðbúnað á Norðurlöndum. Hvert ríki leiðir Haga í eitt ár og skipt er um forystu í samstarfinu á þessum ráðherrafundum. Ísland fór með formennsku í samstarfinu á árinu 2022, en árið 2023 var Svíþjóð með formennsku. Síðustu árin hafa Norðurlöndin á vettvangi Haga samstarfsins meðal annars lagt áherslu á ýmsar eðlisólíkar ógnir, t.d. frekari varnir gegn skógareldum og ýmis konar ógnum sem stafa af eiturefnum, sýklum, geislun, kjarnorku eða sprengiefnum og eflingu neyðarfjarskipta. Frá 2021 hafa Haga og NORDEFECO, varnarsamstarf Norðurlandanna, hist árlega. Hugmyndin um samvinnu Haga og NORDEFECO sprettur úr þeim veruleika sem Norðurlöndin hafa mátt eiga við á síðustu árum. Krísur gera ekki boð á undan sér og því hefur verið lögð áhersla á aukinn viðbúnað. Samstarf Haga og NORDEFECO sýnir m.a. áhersluna á að borgaralega og hernaðarlega hliðin eigi virkt samtal um samvinnu um viðbúnað við helstu ógnum.

Landhelgisgæslan hefur unnið með stofnunum nágrennanþjóða Íslands á ytri mörkum starfssvæðis síns, m.a. með samningum við danska sjóherinn, norsku herstjórnina og bandarísku strandgæsluna. Þá er í gildi samningur við Breta um samstarf við leit, björgun og eftirlit á hafi. Landhelgisgæslan er aðili að bæði North Atlantic Coast

Guard Forum (samtök strandgæslna og sjóherja við N-Atlantshaf) og Nordic Coast Guard (samtök strandgæslna og sjóherja á Norðurlöndum) eins og fram kemur í umfjöllun um 2. áhersluþátt þjóðaröryggisstefnunnar en aðilar þessara samtaka hafa gert með sér samkomulag um gagnkvæma aðstoð. Alþjóðlegt samstarf um leit og björgun á sér jafnframt stað á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Lögreglan hefur starfað með Evrópulögreglunni (Europol) síðan 2001 og að alþjóðalögreglunni Interpol síðan 1971. Alþjóðadeild lögreglunnar rekur bæði landaskrifstofu Europol á Íslandi og Interpol. Alþjóðadeildin starfar í nánú samstarfi við íslenskan tengslafulltrúa í höfuðstöðvum Europol í Haag í Hollandi en bæði Europol og Interpol reka öruggt samskiptakerfi sem alþjóðadeild og valdir tengiliðir innan lögreglu hafa beinan aðgang að. Alþjóðadeildin nýtir sér t.a.m. daglega þjónustu Interpol til afgreiðslu tuga erinda og fyrirspurna. Europol og Interpol veita aðildarríkjum sínum jafnframt aðgang að margvíslegum gagnagrunnum, þjónustu og sérþekkingu á sviði lögreglu og alþjóðlegrar brotastarfsemi. Í dag tekur Ísland virkan þátt í ýmsum samstarfshópum og verkefnum Europol sem stuðla að aukinni og skilvirkari upplýsingamiðlun er varðar upprætingu og varnir gegn glæpum.

Lögreglan tekur jafnframt þátt í Politi og Toll i Norden (PTN) sem er samstarf lögreglu- og tollfyrivalda á Norðurlöndum. Samstarfið lýtur að skipulagðri- og millilandabrotastarfsemi af öllum toga og byggist m.a. á svonefndu sambandsmannakerfi sem felst í því að Norðurlöndin hafa sent út sambandsmenn frá lögreglu eða tollgæslu til ýmissa landa. Sambandsmennirnir vinna fyrir öll Norðurlöndin og miðla upplýsingum um brotastarfsemi að beiðni þeirra. Alþjóðadeild ríkislögreglustjórans hefur það hlutverk að vera í samskiptum við PTN-sambandsmennina. Lögreglan hefur oft nýtt sér sambandsmenn PTN með góðum árangri.

VI

Varnarmannvirki, sérfræðiþekking og alþjóðlegar skuldbindingar

Sjötti áhersluþáttur:

„Að tryggja að í landinu séu til staðar varnarmannvirki, búnaður, geta og sérfræðiþekking til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir í öryggis- og varnarmálum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins

Til þess að mæta þeim öryggisáskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir á hverjum tíma og uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði öryggis- og varnarmála þurfa stjórnvöld að tryggja að hér á landi sé til staðar nauðsynlegur búnaður, mannvirki, geta og sérfræðiþekking, bæði á friðar- og ófriðartímum. Helsta framlag Íslands til sameiginlegravarnaAtlantshafsbandalagsins felst í þátttöku í samþættu loftrýmiseftirliti bandalagsins, loftrýmismisgæslu, tækni- og kerfissamstarfi, æfingum og aðgerðum bandalagsins og bandalagsríkja. Ísland tryggir að hér á landi séu tiltæk nauðsynleg varnarmannvirki, eftirlits- og samskiptakerfi og búnaður sem þarf svo bandalagsríki geti tryggt sameiginlegt öryggi sitt og veitir liðsafla vana- og bandalagsþjóða aðstöðu, sérfræðinga og gistiríkisstuðning. Mikilvægt er að nauðsynlegu viðhaldi og uppfærslum á mannvirkjum, búnaði og kerfum sé sinnt af kostgæfni og til þess þarf að tryggja viðunandi fjármagn og aðgengi að hæfu, vel menntuðu starfsfólki og verktökum. Þannig leggur Ísland sitt af mörkun til að tryggja eigin varnir og sameiginlegar varnir bandalags- og vinabjóða.

Á grundvelli þjónustusamnings við utanríkisráðuneytið sér varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands um daglega framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna, þar með talið rekstur ratsjár-, fjarskipta- og samskiptakerfa, rekstur stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli ásamt stjórnkerfisbúnaði fyrir loftrýmiseftirlit og aðgerðir sem og rekstur allra öryggissvæða og varnarinnviða hér á landi. Náð daglegt samstarf er milli varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins um skipulag og framkvæmd verkefna sem undir þjónustusamninginn falla en stefnumótun og ákvarðanatökuvald er í höndum ráðuneytisins.

Á meðal mikilvægustu framlaga ÍslandstilsameiginlegravarnaAtlantshafsbandalagsins er rekstur íslenska loftvarnarkerfisins sem er hluti af samþættu loftvarnarkefi bandalagsins. Kerfið samanstendur af ratsjár- og fjarskiptastöðvum og stjórnstöð og hefur kerfið eftirlit með flugumferð og tryggir örugg samskipti og gagnatengingar. Upplýsingum úr kerfinu er svo miðlað til annarra stjórnstöðva Atlantshafsbandalagsins

og bandalagsþjóða. Í stjórnstöðinni á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli er einnig rekin stjórn-, upplýsinga- og eftirlitskerfi Atlantshafsbandalagsins fyrir herskip og herskipaumferð.

Sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hefur Ísland skuldbundið sig til að tryggja getu hér á landi til að taka á móti færanlegum liðsafla bandalagsríkja, hafa til staðar og veita svokallaðan gistiríkisstuðning sem felst meðal annars í því að geta boðið aðstöðu, búnað og kerfi, fæði og gistingu. Slíkur stuðningur er veittur vegna loftrýmisgæslu og varnaræfinga hér við land. Auk þess er gistiríkisstuðningur veittur alla daga ársins vegna kafbátaeftirlits bandalagsríkja sem farið hefur fram við Ísland frá árinu 2014 vegna aukinnar umferðar óvinveittra kafbáta í kringum Ísland og á Atlantshafi. Eftirlitsflug voru framkvæmd nær daglega, og oft mörg flug á dag, líkt og undanfarin ár. Umfangið er talsvert þar sem tvær til fjórtán kafbátaleitarflugvélar eru gerðar út frá Íslandi á hverjum tíma eftir verkefnum og þeim fylgja verulegur fjöldi áhafnarmeðlima og starfsfólks sem gistir á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli eða hótelum. Á liðnu ári voru gistinætur erlends liðsafla tæplega 95 þúsund og meðalfjöldi erlendra liðsmanna á hverjum degi því tæplega 260. Þetta er lítið eitt minni fjöldi en árið 2022, sem skýrist af því að það ár var varnaræfingin Norður-Víkingur haldin hér á landi og umtalsverður liðsafla kom til landsins vegna hennar.

Fjárframlög til varnarmála hafa aukist jafnt og þétt að undanförunu og átti það einnig við um síðastliðið ár. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa skuldbundið sig til að verja að minnsta kosti 2% af vergri landsframleiðslu til varnarmála og hafa mörg þeirra þegar náð því markmiði. Enda þótt staða Íslands sé um margt ólík í ljósi herleysis vinna íslensk stjórnvöld að því að auka framlög til varnarmála til þess að geta talist trúverðugur aðili að þessu öflugra varnarsamstarfi, þar sem Íslandi ber skylda til að leggja sitt af mörkum til sameiginlegra varna. Aukin framlög hafa gert Íslandi kleift að bæta gistiríkisstuðning við erlendan liðsafla og þátttaka í varnartengdri starfsemi hefur verið aukin með uppfærslum og fjárfestingum í innviðum og kerfum, einkum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, til að búa í haginn fyrir framtíðina. Ísland ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi 150 varnarmannvirkja á skilgreindum öryggissvæðum og tæknilega flóknum og dýrum kerfisbúnaði. Sem dæmi má nefna flugvallarmannvirki á Keflavíkurflugvelli, stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu, olíubirgðastöð og lagnakerfi í Helguvík og á flugvallarsvæðinu, ratsjár- og fjarskiptastöðvar auk ljósleiðara sem liggur í kringum Ísland. Flest þessi mannvirki eru á eignaskrá Atlantshafsbandalagsins.

Eins og undanfarin ár voru umfangsmiklar framkvæmdir við viðhald og nýbyggingar kláraðar eða hafnar árið 2023. Þar má nefna endurgerð þjónustubyggingar fyrir loftrýmisgæslu og æfingahúsnæðis fyrir innlenda viðbragðsaðila og erlendan liðsafla, vegaframkvæmdir á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og endurbætur á eldvarnar- og rafkerfum í öllum fjórum ratsjár- og fjarskiptastöðvunum. Endurbætur voru einnig gerðar á stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og framkvæmdir hafnar við nýja gervihnattafjarskiptastöð. Lokið var við að koma upp varaafsstöð og tengja hana við gistirýmin, aðgangshlið og mötuneyti en þeim framkvæmdum var flýtt vegna eldsumbrota á Reykjanesskaga. Þá miðaði vinnu við annan áfanga af fjórum í byggingu gistirýma fyrir erlendan liðsafla vel á liðnu ári og var ein ný bygging tekin í notkun á fyrstu mánuðum ársins 2024. Uppbygging gistirýmis er alfarið kostuð af íslenskum stjórnvöldum. Bygging á nýju aðgangshliði inn á öryggissvæðið var boðin út á árinu og hófust framkvæmdir í árslok 2023. Áætlað er að þeim ljúki í desember 2024.

Framundan eru umfangsmiklar framkvæmdir við ný varnartengd mannvirki og var unnið að undirbúningi þeirra. Útboði fyrir birgðageymslu fyrir bandaríska flugherinn lauk undir lok árs og var ÍAV hlutskarpast. Framkvæmdir hófust á fyrstu mánuðum 2024 og er áætlað að þeim ljúki 2027. Á árinu 2023 samþykkti Atlantshafsbandalagið heimild til stækkunar á olíubirgðastöðinni í Helguvík, byggingu nýs viðlegukants og geymslurýmis fyrir skipaeldsneyti til að mæta þörfum Atlantshafsbandalagsins og aðildarríkjanna fyrir slíkt eldsneyti á norðurslóðum. Undirbúningur er hafinn í samstarfi við Reykjanesbæ, Reykjaneshafnir, Vegagerðina, Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir (FSRE) og aðra hagaðila. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist árið 2025 gangi undirbúningsvinna samkvæmt áætlun.

Mikil þekkingaruppbygging hefur átt sér stað innan varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og víðar að undanfögnu og starfsfólki fjölgað til að mæta vaxandi umfangi í málaflöknum. Þátttaka í lykilherstjórnnum Atlantshafsbandalagsins hefur verið eflað sem hluti af framlagi Íslands en einnig til að tryggja hagsmuni og tengingar við Ísland, þar með talið í flotaherstjórn bandalagsins, nýrri herstjórnarmiðstöð fyrir Norður-Atlantshafið í Norfolk í Bandaríkjunum og yfirherstjórn bandalagsins í Mons í Belgíu. Sérstaklega hefur verið leitast við að senda til starfa fólk sem skilar reynslu og þekkingu til baka til þeirra íslensku stofnana sem koma með einum eða öðrum hætti að öryggismálum. Á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins starfa einnig fulltrúar frá Landhelgisgæslunni og embætti ríkislögreglustjóra sem tryggir lifandi samband og tengsl milli skrifstofunnar og þessara stofnana.

Árið 2023 störfuðu Íslendingar á starfstöðvum Atlantshafsbandalagsins í öllum Eystrasaltsríkjunum, í höfuðstöðvum þess í Brussel, í yfirherstjórn bandalagsins í Mons í Belgíu, hjá flotaherstjórninni í Bretlandi og herstjórninni í Norfolk í Bandaríkjunum. Þá er útsendur sérfræðingur við störf í höfuðstöðvum Sameiginlegu viðbragðsveitarinnar, JEF, í Englandi. Alls voru þrettán starfsmenn í slíkum verkefnum á liðnu ári, sem er nokkur fjölgun frá fyrri árum, en markvisst hefur verið unnið að því að efla þátttöku Íslands í herstjórnnum bandalagsins og stefnt að því að fjölga útsendum sérfræðingum enn frekar. Markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu getu og sérfræðiþekkingar á sviði fjölþáttaógnar og netöryggismála undanfarið ár, meðal annars með aðild að öndvegissetrum og kostun útsendra sérfræðinga. Ísland kostar þrjár stöður á sviði fjölþáttaógnar og netvarna hjá alþjóðastofnunum. Hjá Evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki (Hybrid CoE) starfar að jafnaði einn starfsmaður við rannsóknir og fræðslu á sviði fjölþáttaógnar. Útsendur sérfræðingur er við störf hjá öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netvarnir (NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence, CCDCOE) í Tallinn og kemur þar meðal annars að miðlun upplýsinga um netvarnaræfingar bandalagsins, skipulag funda og ráðstefna sem og miðlun efnis um fræða- og starfssvið setursins til stofnana og aðila á Íslandi. Hjá Netöryggismiðstöð Atlantshafsbandalagsins (NCIA) starfar einn sérfræðingur við atvikameðhöndlun og tæknileg verkefni á sviði netvarna. Útsendur sérfræðingar starfa að jafnaði í eitt til tvö ár hjá viðkomandi stofnunum og skila sér heim að störfum loknum með reynslu og þekkingu sem er dýrmæt fyrir íslenskt samfélag.

Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd sjötta áherslupáttar

Undirbúningur og framkvæmd viðhalds- og endurnýjunarverkefna og nýframkvæmda miðaði vel á liðnu ári. Verkefni eru fjármögnuð af íslenskum stjórnvöldum, bandarískum hermálafirvöldum og úr sameiginlegum sjóðum Atlantshafsbandalagsins.

Þjónustubyggingar fyrir loftrýmisgæslu og æfingahúsnæði fyrir innlenda viðbragðsaðila og erlendan liðsafla voru endurgerð, unnið var að vegaf framkvæmdum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, eldvarnar- og rafkerfi voru endurbætt í ratsjár- og fjarskiptastöðvunum og framkvæmdir hafnar við nýja gervihnattafjarskiptastöð. Unnið er að endurbótum á eldsneytisbirgða- og geymslukurfum á ratsjár- og fjarskiptastöðvunum. Endurbætur voru einnig gerðar á stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu og lokið var við að koma upp varaafstöð og tengja hana við gistirýmin, mötuneytið og aðgangshliðið. Vinnu við byggingu gistirýma fyrir erlendan liðsafla miðaði vel á árinu 2023 og var ein ný bygging tekin í notkun á fyrri hluta ársins 2024. Bygging á nýju aðgangshliði inn á öryggissvæðið var boðin út og eru framkvæmdir hafnar.

Framundan eru umfangsmiklar framkvæmdir við ný varnartengd mannvirki og endurbætur á núverandi mannvirkjum og var unnið að undirbúningi þeirra á liðnu ári. Útboði fyrir birgðageymslu fyrir bandaríska flugherinn lauk undir lok árs og hófust framkvæmdir á fyrstu mánuðum 2024. Á árinu 2023 samþykkti Atlantshafsbandalagið heimild til stækkunar á olíubirgðastöðinni í Helguvík, byggingu nýs viðlegukants og geymslurýmis fyrir skipaeldsneyti. Undirbúningur er hafinn í samstarfi við hagaðila og gert ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist árið 2025.

Mikil þekkingaruppbygging hefur átt sér stað að undanfögnu til að mæta vaxandi umfangi í málaflóknum og starfsfólki fjölgað bæði hér heima og í útsendum stöðum hjá alþjóðastofnunum á sviði öryggis- og varnarmála. Þá hefur verið unnið að því að efla enn frekar samstarf milli innlendra aðila sem koma að öryggismálum, meðal annars með því að hafa fulltrúa Landhelgisgæslunnar og embætti ríkislögreglustjóra að störfum á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Á haustmánuðum 2023 settu utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið á fót námskeið í öryggis- og varnarmálum til að efla þekkingu og bæta samstarf í málaflóknum. Til stendur að byggja á fenginni reynslu og halda námskeiðið tvisvar á ári með þátttöku annarra ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja sem koma að öryggis- og varnarmálum á Íslandi í breiðum skilningi.

Árleg ráðstefna utanríkisráðuneytisins, Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Norræna hússins fór fram 21. apríl og voru öryggis- og varnarmál áberandi í dagskránni. Í júní stóðu Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Varðberg, North-American and Arctic Defence and Security Network og utanríkisráðuneytið að málþingi um öryggi á norðurslóðum en málþingið var afrakstur samstarfs íslenskra og kanadískra fræðimanna. Þá var haldin vinnustofa um öryggi þjóðhagslegra mikilvægra neðansjávarinnviða í tengslum við tímabundna viðveru sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF) á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í júní. Utanríkisráðuneytið og sendiráð Bretlands á Íslandi stóðu að vinnustofunni í samstarfi við JEF. Ráðstefnur og málþing sem þessi þjóna mikilvægu hlutverki við að hlúa að og efla innlenda umræðu og þekkingu á öryggis- og varnarmálum.

Alls störfuðu þrettán útsendir starfsmenn á starfstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu og Bandaríkjunum á liðnu ári, sem er nokkur fjölgun frá fyrri árum. Markvisst hefur verið unnið að því að efla þátttöku Íslands í herstjórnnum bandalagsins og stefnt að því að fjölga útsendum sérfræðingum enn frekar. Þá hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu getu og sérfræðiþekkingar á sviði fjölþáttaóagna og netöryggismála undanfarin ár, meðal annars með aðild að öndvegissetrum og kostun útsendra sérfræðinga.

Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða sjötta áhersluþáttar

Í maí 2023 varð Ísland formlegur aðili að öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netvarnir í Tallin í Eistlandi. Setrið vinnur að fræðslu, útgáfu, rannsóknum og greiningu á sviði netvarna og netöryggis. Lykilþættir í starfseminni er að þjálfra sérfræðinga á sviði netvarna og að stýra netvarnaræfingum. Setrið býður upp á mikið úrval námskeiða, æfinga og þjálfunar sem íslenskir aðilar hafa aðgang að með aðild Íslands að setrinu. Aðildin að setrinu er ein af aðgerðum í netaðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda sem gefin var út samhliða nýrri netöryggisstefnu Íslands sem kom út 2022. Íslenskur sérfræðingur hóf störf við setrið fyrri hluta árs.

Árið 2023 tók Ísland í fyrsta sinn þátt í netöryggis- og netvarnaræfingum á vegum Atlantshafsbandalagsins. Stefnt verður að því að Ísland taki þátt í tveimur æfingum á ári til þess að efla viðbragðs- og samstarfsgetu bæði innanlands og í alþjóðasamstarfi. Í apríl 2023 tók Ísland þátt í netvarnaræfingunni Locked Shields sem netvarnarsetrið í Tallinn heldur. Sérfræðingar frá netöryggisveit fjarskiptastofu (CERT-IS), Landhelgisgæslu Íslands, embætti ríkislögreglustjóra, Seðlabanka Íslands, Reiknistofu bankanna og utanríkisráðuneytinu tóku þátt í sameiginlegu liði Íslands og Svíþjóðar sem bar sigur úr bítum. Þátttaka í æfingunni er mikilvægur liður í að styrkja netvarnir á Íslandi og er hluti af netaðgerðaáætlun stjórnvalda.

Í desember tók lið frá Íslandi þátt í netvarnaræfingunni Cyber Coalition á vegum Atlantshafsbandalagsins. Yfir 1.300 netvarnarsérfræðingar sóttu æfinguna og CERT-IS, netöryggisveit íslenskra stjórnvalda, tók þátt fyrir hönd Íslands og stýrði þátttöku í samstarfi við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd sjötta áhersluþáttar

Nær öll helstu samstarfsríki Íslands hafa markvisst unnið að því að efla varnargetu og viðnámsþol samhliða því að stórefla þátttöku og framlög til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins. Breytt öryggisumhverfi, aukin verkefni og krafa um að ríki leggi meira af mörkum kallar á aukin framlög til að tryggja varnar- og öryggishagsmuni Íslands.

Brýnt er að styrkja varnir og viðnámsþol innviða á Íslandi. Meðal þess sem huga þarf vandlega að eru verkefni sem lúta að auknu öryggi neðansjávarkapla sem tengja Ísland við Evrópu og Norður-Ameríku. Einnig er mikilvægt að tryggja betur í sessi varasambönd um gervihnetti og öryggi varnarmannvirkja og þess búnaðar sem til staðar er á öryggissvæðinu á Keflavíkurlugvelli og ratsjár- og samskiptastöðvunum fjórum. Þá er unnið að undirbúningi endurnýjunar á ratsjár- og fjarskiptakerfum en ljósleiðarakerfi Atlantshafsbandalagsins er grunnstoð í öryggisfjarskiptum landsins. Tryggja þarf áframhaldandi þátttöku Íslands í alþjóðlegum samvinnuverkefnum á sviði netöryggismála og fjölþáttaögna og vinna að úrbótum sem varða örugg samskipti milli starfsstöðva utanríkisþjónustunnar og við samstarfslönd. Enn fremur er nauðsynlegt að auka enn endurbætur, viðhald og uppbyggingu mannvirkja á öryggissvæðunum.

Viðhalda þarf áfram þéttu og nánu samstarfi við hermálayfirvöld í Bandaríkjunum varðandi varnarmannvirki og búnað, bæði tvíhliða og innan Atlantshafsbandalagsins.

Tryggja þarf að geta og sérfræðipækking í varnarmálum sé til staðar í landinu og að náði sé fylgst með þróun öryggisumhverfisins og pólitískri umræðu um öryggis- og varnarmál. Þörf er á að fjölga markvisst sérfræðingum í þessum málaflokki og jafnframt bæta við núverandi þekkingu með þjálfun og æfingum.

VII

Virgni mikilvægra innviða og styrking áfallapols. Viðbúnaður og samhæfð viðbrögð

Sjöundi áherslupáttur:

„Að stuðlað verði að vernd og órofa virgni mikilvægra innviða og styrkingu áfallapols samfélagsins gagnvart hvers kyns ógnum. Lögð verði áhersla á að tryggja skilvirkan og samhæfðan viðbúnað og viðbrögð til þess að takast á við afleiðingar hvers kyns ógna við líf og heilsu fólks, umhverfi, eignir og innviði. Tekið verði mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, fæðu- og matvælaöryggi, heilbrigðisöryggi og farsóttum.“

Greinargerð dómsmálaráðuneytisins

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum, sem er hluti af þjóðaröryggis- stefnu, er samþykkt af almannavarnarráði. Ráðið setur stefnuna, en dómsmálaráðuneytið hefur umsjón með því að ráðstafanir verði gerðar í samræmi við stefnuna hverju sinni. Fyrsta stefnan í almannavarna- og öryggismálum var samþykkt í almannavarnar- og öryggismálaráði, sem nú ber heitið almannavarnarráð, árið 2015 og var samkvæmt lögnum ætlaður þriggja ára gildistími. Meginmarkmið var að tryggja friðhelgi landamæranna, öryggi almennings, umhverfis og eigna og samhæfa varnir og viðbrögð við hamförum. Árið 2021 var samþykkt ný stefna í almannavarna- og öryggismálum. Meginmarkmið, líkt og í fyrri stefnu, er að tryggja öryggi almennings, umhverfis og eigna og samhæfa varnir og viðbrögð við hamförum, hvers eðlis sem þær eru. Litið er til þess að viðbragðskerfið þurfi að bregðast við hvers kyns áföllum sem ein heild og þess að brýnt sé að stuðla að samfelldri virgni mikilvægra samfélagsinnviða. Í stefnunni endurspeglast áherslur ríkisstjórnarinnar að standa vörð um traustar almannavarnir og að tryggja órofna virgni mikilvægra innviða. Sumarið 2022 voru samþykktar breytingar á almannavarnarlögum sem fela m.a. í sér að nú gildir stefna stjórnvalda í almannavarnamálum til fimm ára.

Dómsmálaráðherra fer með málefni almannavarna og er æðsti yfirmaður almannavarna í landinu. Almannavarnakerfinu er ætlað að vera altækt og taka til landsins alls, á landi, í lofti og á sjó.

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra og rekur í því skyni sérstakt svið, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri hefur víðtækt umsjónar- og eftirlitshlutverk um að ráðstafanir séu gerðar til þess að styrkja áfallapol samfélagsins. Í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum hefur almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

unnið að samræmdri greiningu á áhættu og áfallapoli ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarfélaga og einkaaðila. Þetta er í samræmi við skyldur sem eru lagðar á þessa aðila í ákvæðum almannavarnalaga. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra gaf út leiðbeiningar um greiningu á áhættu og áfallapoli og opnuð var vefgátt fyrir þessa aðila til að vinna greiningar á áhættu og áfallapoli ásamt því að kennsluefni var útbúið. Í desember 2022 voru haldin námskeið fyrir ráðuneytin og undirstofnanir þeirra um efnið. Námskeiðunum var ætlað að auðvelda þessum stofnunum að uppfylla skyldur sínar varðandi það að greina áhættur og áfallapol þeirra þátta og starfsemi sem þeir bera ábyrgð á.

Hafin er vinna við heildarendurskoðun almannavarnarkerfisins af hálfu dómsmálaráðuneytisins í breiðu samráði við viðeigandi aðila. Frumvarp til nýrra heildarlaga um almannavarnir er nú í vinnslu í dómsmálaráðuneytinu og er samning frumvarps langt komin. Frumvarpið miðar að því að efla almannavarnakerfið, styrkja það sem vel gengur og bæta það sem betur má fara, m.a. út frá reynslu síðustu ára. Markmiðið er meðal annars að skyldur og ábyrgð allra sem vinna að almannavörnum, þ.m.t. ríkis, sveitarfélaga og viðbragðsaðila, verði gerðar skýrari hvort sem um er að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir, aðgerðir sem gripið er til á hættustundu eða við endurreisn. Þannig verði almannavarnakerfið sem best í stakk búið til þess að takast á við hvers konar vá.

Á árinu 2022 voru tekin mikilvæg skref í vinnu við mat á nauðsynlegum birgðum til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættustundu. Forsætisráðuneytið leiddi starfshóp um efnið sem skilaði skýrslu í ágúst 2022. Í stuttu máli endurspeglar niðurstöðurnar meginreglu almannavarna um sviðsábyrgð, þ.e. það hlutverk hvers ráðuneytis að leiða formlega samvinnu og samráð milli ríkis, stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila sem hafa hlutverki að gegna varðandi neyðarbirgðir sem falla undir þeirra sviðsábyrgð. Í því felst m.a. að greina áhættu og áfallapol innan hvers sviðs þegar kemur að neyðarbirgðum. Þá segir í skýrslunni að til greina komi að fela miðlægum aðila á vegum ríkisins, til að mynda ríkislögreglustjóra, að hafa yfirumsjón og eftirlit með neyðarbirgðum í landinu og annast rekstur og viðhald hins miðlæga gagnagrunns. Ráðuneyti vinna nú að útfærslum á tillögum sem fram koma í skýrslunni um neyðarbirgðir hvert á sínu málefnaviði.

Greinargerð forsætisráðuneytisins

Með vísan til 1.mgr. 8.gr. laga um þjóðaröryggisráð var kallað eftir greinargerð forsætisráðuneytisins um hvernig ráðuneytið og undirstofnanir þess unnu á árinu 2023 að því að framkvæma 7. áherslupátt þjóðaröryggisstefnunnar sem er svohljóðandi: „Að stuðlað verði að vernd og órofa virkni mikilvægra innviða og styrkingu áfallapols samfélagsins gagnvart hvers kyns ógnum. Lögð verði áhersla á að tryggja skilvirkan og samhæfðan viðbúnað og viðbrögð til þess að takast á við afleiðingar hvers kyns ógna við líf og heilsu fólks, umhverfi, eignir og innviði. Tekið verði mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, fæðu- og matvælaöryggi, heilbrigðisöryggi og farsóttum.“

Forsætisráðuneytið fer með mál er varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands og Stjórnarráð Íslands í heild, þar á meðal forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðsins sbr. ákvæði laga um Stjórnarráð Íslands. Á árinu 2023 tókst íslenskt samfélag á við

stórar áskoranir vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga en undir lok október það ár urðu kaflaskil á umbrotatímabilinu á Reykjanesskaga sem hófst í desember 2019. Þá varð kvikusöfnunar vart á Svartsengissvæðinu sem byggði upp nægilegan þrýsting til að hleypa af stað kvikugangi 10. nóvember það sama ár undir svokallaðri Sundhnúksgígargöð og Grindavík. Verkefni hafa kallað á umfangsmikla samhæfingu alls stjórnkerfisins að teknu tilliti til nauðsynlegra ráðstafana sem þurfti að grípa til á vettvangi viðbragðskerfis almannavarna.

Hópur ráðuneytisstjóra vegna eldsumbrota á Reykjanesskaga

Á árinu 2023 var starfandi hópur ráðuneytisstjóra undir forystu forsætisráðuneytis sem var komið á fót af ríkisstjórn í mars 2021. Í hópnunum áttu sæti ráðuneytisstjórar forsætisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytis, og ráðuneytisstjórar fleiri ráðuneyta eftir atvikum. Með hópnunum starfaði fulltrúi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og aðstoðarmaður ríkisstjórnar um samhæfingu mála. Einnig voru bæjarstjórar sveitarfélaga á Reykjanesskaga auk fulltrúa frá þeim stofnunum og embættum sem hlutverki gegna í tengslum við eldsumbrotin og viðbrögð við þeim boðaðir á fundi hópsins eftir atvikum.

Hópurinn hafði það hlutverk að tryggja heildstæða yfirsýn og samhæfingu aðgerða þvert á ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. Hópurinn miðlaði upplýsingum til ríkisstjórnar, fjallaði um tillögur og beiðnir um fjármögnun aðgerða og tók afstöðu til stærri ákvarðana.

Samhæfð upplýsingagjöf til ríkisstjórnar

Forsætisráðuneytið hefur haldið utan um samræmda upplýsingagjöf til ríkisstjórnar með ritstjórn á sameiginlegum minnisblöðum þeirra ráðuneyta sem þurfa að koma upplýsingum til ríkisstjórnar vegna náttúruhamfaranna á Reykjanesskaga hverju sinni. Á árinu 2023 voru 12 slík minnisblöð lögð fram til umfjöllunar í ríkisstjórn Íslands. Í minnisblöðunum var greint frá helstu upplýsingum og úrlausnarefnum m.a. varðandi húsnæðismál, afkomu, eignir, málefni barna og viðkvæmra hópa, neyðarbirgðir, upplýsingamiðlun, fjarskipti, tryggingamál, álag á viðbragðsaðila, samgöngur, innviði orku og vatns ásamt reglulegu stöðumati almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og Veðurstofu Íslands.

Jafnframt voru málefni Grindvíkinga og eldsumbrot á Reykjanesskaga reglulega á dagskrá í ráðherranefnd um samræmingu mála er varða fleiri en eitt ráðuneyti.

Afhendingaröryggi orku og vatns á Reykjanesskaga

Í janúar 2023 samþykkti ríkisstjórnin tillögu forsætisráðherra að setja á laggirnar samráðsteymi um afhendingaröryggi orku og vatns á Reykjanesskaga. Í teyminu voru fulltrúar forsætisráðuneytis, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, innviðaráðuneytis og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra auk þess sem verkfræðistofan Verkís starfaði með teyminu. Samráðsteymið vann skýrslu um afhendingaröryggi innviða orku og vatns á Reykjanesskaga og kynnti drög fyrir ráðherranefnd um samræmingu mála um mitt ár 2023 og fyrir bæjarstjórum svæðisins seinna sama ár. Í henni voru lagðar til fjölmargar langtíma- og skammtímaaðgerðir

til styrkingar áfallaþoli orku- og vatnsinnviða á Reykjanesskaga út frá mismunandi sviðsmyndum. Skýrslan var ekki gefin út opinberlega þar viðkvæmar upplýsingar um mikilvæga innviði á Reykjanesskaga koma fram í skýrslunni. Ráðist hefur verið í fjölmargar aðgerðir til að styrkja áfallaþoli orku- og vatnsinnviða á Reykjanesskaga en enn eru fjölmargar aðgerðir sem á eftir að taka ákvörðun um.

Lög um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga

Hinn 13. nóvember 2023 var frumvarp forsætisráðherra um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga samþykkt á Alþingi. Frumvarpið var samið í forsætisráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu, í samráði við innviðaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Í ljósi vísbendinga um að eldgos á Reykjanesskaga gæti ógnað íbúum og mikilvægum innviðum, svo sem Orkuveri HS Orku í Svartsengi og öðrum innviðum í nágrenni þess, var talið nauðsynlegt að grípa þegar til aðgerða sem höfðu það að markmiði að verja öryggi og almannahagsmuni vegna aðsteðjandi náttúruvá.

Með lögnum var dómsmálaráðherra veitt skýr lagaheimild til að taka ákvörðun, á grundvelli tillögu ríkislögreglustjóra og að höfðu samráði við stjórnvöld o.fl. eins og nánar er lýst í lögnum, um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu almannaþarna sem miða að því að koma í veg fyrir að mikilvægir innviðir og aðrir almannahagsmunir verði fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara sem tengjast eldstöðvakerfum á Reykjanesskaga. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem voru uppi og þar sem nauðsynlegt var að bregðast hratt við, var m.a. ráðgert í lögnum að ráðherra yrði heimilt að taka ákvörðun um tilgreindar framkvæmdir og hrinda þeim af stað án þess að gæta þyrfti að hefðbundinni málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum og öðrum lögum sem annars gætu gilt um slíkar framkvæmdir. Þó gera lögin ráð fyrir að ráðherra muni við ákvarðanatöku gæta samráðs við hlutaðeigandi landeigendur og stjórnvöld og taka tillit til sjónarmiða þeirra eftir því sem tími vinnst til. Þá skal við slíka ákvarðanatöku taka mið af því að lágmarka umhverfis- og útlitsáhrif af framkvæmdum eftir því sem unnt er hverju sinni.

Á grundvelli laganna og vandaðrar undirbúningsvinnu sem ráðist var í árið 2021⁴ var unnt að ráðast mjög hratt í byggingu varnargarða við Svartsengi í nóvember 2023. Varnargarðarnir hafa forðað miklu tjóni.

Greinargerð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins

Net- og upplýsingaöryggi

Netöryggisvöktun fer fram á tveimur sviðum innan Fjarskiptastofu (FST). Starf netöryggisveitarinnar CERT-IS felst annars vegar í því að aðstoða þá aðila sem verða fyrir netárás og lágmarka skaða og hins vegar að greina ástandsvitund og stöðu netöryggis í netumdæminu og vara við yfirvofandi hættu. Starf CERT-IS hefur eflst

⁴ Í byrjun mars 2021 var vinnuhópur um varnir mikilvægra innviða á Reykjanesskaga formlega settur á fót með fulltrúum Verkis, EFLU, Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands. Vinnuhópurinn vann greiningu á mikilvægum innviðum og sett fram tillögur að varnaraðgerðum vegna hraunrennslis út frá völdum sviðsmyndum miðað við mögulega staðsetningu eldgoss og tímalengd þess. Meðal niðurstaðna hópsins var að á sunnanverðum Reykjanesskaga sé í flestum tilvikum ekki unnt að koma upp neyðarvörnum eftir að eldgos hefst, heldur sé þörf á að byggja varnargarða og koma upp staðbundnum vörnum á ákveðnum stöðum áður en eldgos hefst. Gerðar höfðu verið hraunflæðigreiningar og niðurstöður þeirra gáfu vísbendingar um að varnargarðar gætu varið mikilvæga innviði á svæðinu að einhverju eða öllu leyti. Töluverð óvissa var þó fyrir hendi, en unnið var með upplýsingar sem fyrir lágu frá vísindamönnum á hverjum tíma.

verulega undanfarin ár. Má í því sambandi nefna að netöryggissveitin hlaut á árinu verðlaun SKÝ fyrir stafræna þjónustu og sameiginlegt lið Svíþjóðar og Íslands bar sigur úr bítum á stærstu netöryggisæfingu heims, Skjaldborginni (e. Locked Shields).

Á sviði stafræns öryggis er unnið að því að fyrirbyggja netárásir með áhættumati og eftirfylgni með innleiðingu stjórnkerfa net- og upplýsingaöryggis fyrir mikilvæga innviði. Sviðið stóð fyrir netöryggisráðstefnu í október 2023 þar sem áherslan var á mikilvægi netöryggis á breiðum grunni sem og að kynna það sem framundan er með NIS2 löggjöfnni. Áhersla sviðsins er á fyrirbyggjandi aðgerðir til að herða netöryggi og undirbúa viðkomandi aðila til að takast á við aðsteðjandi hættu og árásir með kerfisbundnum hætti í samræmi við bestu framkvæmd á EES-svæðinu. Nokkur reynsla er komin á þessa vinnu. Unnið var úr sjálfsmati fyrirtækja og í sumum tilfellum gerðar úttektir í framhaldi af því. Aðilum er bent á tækifæri til úrbóta og jafnvel eru gefin bindandi fyrirsmati um úrbætur ef sjálfsmatið gefur tilefni til þess. Jafnframt eru netöryggisatvik rannsökuð í samræmi við staðlað ferli. Rannsókn hefst með forkönnun og ef ástæða þykir fer fram stjórnslurannsókn í framhaldi hennar. Reynslan sýnir að einungis er ráðist í stjórnslurannsókn í undantekningartilfellum, ef um mjög alvarleg atvik er að ræða, ef aðila greinir í veigamiklum atriðum á um málsatvik og alvarleika þeirra og ef vísbendingar eru um töluverðan skort á virku stjórnkerfi netöryggis eða að lágmarkskröfum laga sé ekki fylgt.

Áreiðanleiki og áfallapol fjarskipta

Þróun samkeppni í innviðum fjarskipta er ekki einungis mikilvæg út frá samkeppnissjónarmiðum. Mikilvægt er að markaðsaðilar og almenningur hafi aðgang að fleiri en einum birgja og fjölbreyttum fjarskiptainnviðum vegna fjarskiptaþjónustu út frá öryggissjónarmiðum. Aðskilin net í samkeppni stuðla að bættu þjóðaröryggi og efla almannahag. Á þetta hefur reynt t.d. þegar sæstrengur rofnaði til Vestmannaeyja og þegar hiti frá rennandi hrauni bræddi ljósleiðara til Grindavíkur. Í þessum áföllum hafa hvorki Vestmannaeyjar né Grindavík orðið sambandslaus vegna þess að hugað var fyrir fram að áfallapoli með því að tengja bæjarfélögin eftir tveimur eða fleiri mismunandi leiðum.

Ákveðið var að ganga til samningaviðræðna við ESB um aðild að Secure Connectivity Programme og GOVSATCOM með það fyrir augum meðal annars að auka áfallapol útlandatenginga um gervihnattakerfi.

Stafræn væðing einkennir þróun samfélagsins og breytingin er hröð. Allir íbúar, fyrirtæki, opinberar stofnanir og mikilvægir innviðir samfélagsins gera ráð fyrir aðgengi að örugum og öflugum fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu. Fjarskiptanet gegna lykilhlutverki þegar rætt er um stafræna þjónustu og eru þau í raun grunnur sem stafræn þjónusta byggir á. Stjórnvöld telja því mikilvægt að sá grunnur sé traustur og álagsþolinn.

Á árinu urðu rekstraráföll í fjarskiptakerfum þar sem fjarskiptaþjónusta við almenning féll út. Háværar raddir heyrðust um nauðsyn þess að fyrirbyggja að slík staða komi upp aftur. Í áhættumati FST fyrir þjóðaröryggisráð árið 2022 kom skýrt fram að við lýði er tiltekinn markaðsbrestur varðandi öryggi fjarskipta sem lýsir sér í því að fjarskiptafélögin hérlandis treysta sér ekki til, og ber ekki lagaskylda til, að gera yrtuðu ráðstafanir til að tryggja áfallapol fjarskipta í öllum tilfellum, m.a. gegn stórum, sjaldgæfum atburðum.

Innviðasvið FST lauk, í samvinnu við Almannavarnir, gerð viðbragðsáætlunar fyrir rekstraráföll af völdum náttúruváar ásamt innra ferli til að takast á við rekstraráföll innan fjarskiptanetanna. Settar voru upp samskiptarásir sem tryggja sem stystan viðbragðstíma við atvikameðhöndlun.

Viðvarandi jarðhræringar héldu áfram á Reykjanesi á árinu og um haustið fór að gjósa nær Grindavík sem setti alla innviði þar í kring í mikla hættu. Fjarskiptakerfin stóðust vel hamfarirnar, þrátt fyrir að smávægilegar truflanir hafi orðið vegna ítrekaðs rafmagnsleysis (veiturafmagn) og bilana á varaafstöðvum. Því má þakka góðu samstarfi fjarskiptafélaganna en öll samskipti milli þeirra fara fram á viðbragðsrás FST á MS Teams. Í nóvember og byrjun desember var farið í varnaraðgerðir sem miðuðu að því að koma upp öruggum varafjarskiptastöðvum á Hópsnesi, Vogastapa og Reykjanesvita. Þetta var gert til þess að fjarskipti myndu haldast gangandi þrátt fyrir að rof gæti orðið á fjarskiptastöðvunum í Grindavík og á Þorbirni.

Útgáfa tíðniheimilda fyrir farnet

FST gaf út endurnýjaðar tíðniheimildir fyrir farnet hérlendis til 20 ára. Með þessu var lagður grundvöllur að þróun farneta næstu tvo áratuginna hérlendis. Uppbygging 5G farneta var í fullum gangi og náði þjónustan þegar til nær alls þéttbýlis. Í tíðniheimildunum eru gerðar kröfur um að útbreiðsla háhraðafarneta (4G og 5G) verði ekki lakari en útbreiðsla GSM og 3G er í dag. Jafnframt eru gerðar kröfur um slitlausa þjónustu á stofnvegakerfinu. Slík uppbygging er nokkuð kostnaðarsöm og verða úrbætur innleiddar í áföngum. Með þessu verður öryggi vegfarenda enn aukið og þjónusta við þá bætt.

Nýjar reglur um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu

FST gaf út nýjar reglur um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu. Rekstur á almennri fjarskiptaþjónustu styðst við reglur um almenna heimild fremur en við sérstakar leyfisveitingar fyrir fjarskiptastarfsemi af hendi stjórnvalda. Með innleiðingu tilskipunar (ESB) 2018/1972 í fjarskiptalög bætast síðan við sérstök skilyrði fyrir fjarskiptafyrirtæki sem reka fjarskiptanet. Eru það skilyrði líkt og ákveðnar ráðstafanir til verndar lýðheilsu, kröfur er varða viðhald á heildstæði almennra fjarskiptaneta og að virða þurfi takmarkanir á ólöglegu og skaðlegu efni.

Greinargerð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Náttúruvá

Margt jákvætt hefur verið gert hér á landi sem miðar að því að auka seiglu samfélagsins m.t.t. náttúruváar. Hver atburður sem valdið hefur hamförum hefur þó haft áhrif á þróun áhættustjórnunar. Á það bæði við um öflugt eftirlit, viðvaranir og viðbrögð, og uppbyggingu fjármögnunar kerfa til að takast á við afleiðingar náttúruváar, eins og Bjargráðasjóð sem stofnaður var 1913 og Náttúruhamfaratryggingu Íslands sem fyrst var komið á laggirnar eftir eldgosið í Vestmannaeyjum 1973. Einnig höfum við komið upp ofanflóðasjóði sem er forvarnasjóður sem stofnaður var 1976 og endurbættur eftir mannskæðu snjóflóðin 1995. Á síðari árum hefur sjóðnum verið gert kleift að greiða fyrir gerð hættumats vegna eldgosa, vatns- og sjávarflóða.⁵

⁵ Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. 2023. Náttúruvá. Stöðumat og áskoranir varðandi tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruváar. Stjórnarráð Íslands, apríl 2023.

Í umboði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra starfar ofanflóðanefnd sem hefur skilgreint hlutverk skv. lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997. Nefndin vinnur á grundvelli heildarúttektar sem gerð var um þörf fyrir snjóflóðavarnir á Ísland 1997 og fjallar um og tekur afstöðu til tillagna sveitarstjórna um gerð varnavirkja á hættusvæðum; kaup eða flutning húseigna eða annarra verðmæta í stað þess að reisa varnavirki eða beita öðrum varnaraðgerðum; og gerir tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um fjárstuðning úr ofanflóðasjóði við þær framkvæmdir. Skýrsla um starfsemi ofanflóðanefndar 2022-2023 kom út í september 2024.⁶ Verkefni ofanflóðanefndar lutu að uppbyggingu varna í Snæfellsbæ, Vesturbyggð, Tálknafirði, á Ísafirði, í Bolungarvík, Fjallabyggð, Fjarðabyggð og í Múlaþingi. Í skýrslunni var einnig gerð grein fyrir verkefnum Veðurstofu Íslands, sem fjármögnuð eru úr ofanflóðasjóði. Helstu verkefni voru: Ofanflóðahættumat fyrir Stöðvarfjörð, sem er síðasti þéttbýlisstaðurinn þar sem talin er þörf á hættumati, endurskoðun hættumats í þéttbýli þar sem reist hafa verið varnavirki, jarðtækniskýrsla um Neðri-Botna í Seyðisfirði í framhaldi af skriðuföllum í desember 2020 og skýrslu um sífrera í Strandartindi í Seyðisfirði, skíðasvæðahættumat fyrir Skálafell, úttekt á ofanflóðahættu í Eyjafjarðarsveit og endurbætur og uppbygging mælakerfis sem miðar að því að betrubæta ofanflóðaeftirlit.

Í maí 2022 óskaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið eftir því við Veðurstofu Íslands að fram færi mat á þörf fyrir varnavirki og viðbúnað vegna ofanflóðahættu á atvinnusvæðum. Skýrsla um efnið kom út í október 2023.⁷ Verkefnið var afmarkað við atvinnuhús og -svæði í þéttbýli. Ofanflóðahættumat hefur verið gert fyrir 23 þéttbýlisstaði á Íslandi. Í skýrslunni er fjallað um þá tíu þéttbýlisstaði þar sem atvinnuhús eru innan hættusvæðis C, sem skilgreint er í reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. Brunabótamat atvinnuhúsnæðis á þessum stöðum er samtals tíu milljarðar kr. Í skýrslunni er talið að mögulegt sé að verja hluta þessara eigna og að kostnaður við varnir nemi um 4 milljörðum kr.

Á vorþingi 2021 lagði umhverfis- og samgöngunefnd fram þingsályktunartillögu sem varð að samþykktri þingsályktun um mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvá. Í tilefni þess kom í apríl 2023 út skýrsla um náttúruvá, stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvá.⁸ Skýrslan var unnin af starfshópi skipuðum af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Íslenskum orkurannsóknnum, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, forsætisráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og innviðaráðuneytinu og fór umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið með formennsku í hópnum. Í skýrslunni kemur fram að breyting á byggðamynstri og landnýtingu, aukin ferðamennska og þekking á mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga á náttúruvá og tíðni atburða hefur orðið til þess að forsendur varðandi náttúruvá og náttúruváratburði hafa breyst. Til þess að mæta þeim breytingum er lagt til að lögð verði fram stefna um náttúruvá á Íslandi, til þess að draga fram skýra mynd um forgangsröðun verkefna í málaflokknum til framtíðar stuðla að því að fjármálaáætlun

⁶ Ofanflóðanefnd. 2024. Skýrsla um starfsemi ofanflóðanefndar 2022-2023. September 2024.

⁷ Veðurstofa Ísland. 2023. Mat um þörf fyrir varnavirki og viðbúnað vegna ofanflóðahættu á atvinnusvæðum á Íslandi. Skýrsla Veðurstofu Íslands nr. 2023-006. Unnið fyrir Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Október 2023.

⁸ Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. 2023. Náttúruvá. Stöðumat og áskoranir varðandi tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvá. Stjórnarráð Íslands, apríl 2023.

endurspegli þörf samfélagsins til að geta tekist á við náttúruvá og yfirfara lög og reglugerðir sem snúa að náttúruvá.

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Skv. lögum um loftslagsmál skal ráðherra láta gera áætlun um aðlögun íslensks samfélags að áhrifum loftslagsbreytinga. Mikill undirbúningur og samráð hefur átt sér stað með hagaðilum um fyrstu útgáfu aðlögunaráætlunar sem verkefnisstjórn loftslagsaðgerða miðar að því að samþykkja fyrir lok júní 2025 sbr. reglugerð nr. 786/2024.⁹

Skýrslur vísindafólks sýna fram á nauðsyn aðlögunaraðgerða vegna hlýnunar loftslags og súrnunar sjávar á þessari öld. Í skýrslunni „Loftslagsþolið Ísland“, sem gefin var út af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins 2023, þar sem er að finna tillögur að gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum, eru lagðar til nokkrar forgangsaðgerðir sem er ætlað að leggja grunn að mikilvægum upplýsinga- og þekkingarinnviðum fyrir ákvarðanatöku vegna aðlögunarvinnu.¹⁰ Ein af þeim er aðgerðin kerfislægir loftslagsáhættuvísar fyrir Ísland sem er í undirbúningi hjá Veðurstofu Íslands. Markmiðið með þeirri aðgerð er að útfæra gagnlega matsþætti flókinar loftslagsáhættu fyrir Ísland. Samhliða því að skilja betur hvaða gögnum þurfi að safna og greina til að meta kerfislæga áhættu fyrir Ísland vegna áhrifa loftslagsbreytinga hnattrænt og hverjir skuli safna þeim og greina. Meðal tilgreinda samstarfsaðila í skýrslunni er þjóðaröryggisráð. Þjóðaröryggisstefnan er ein af þeim stefnuskjölum sem nefnd eru í skýrslunni með tengsl við loftslagsáhættuvísa.

Í skýrslunni „Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi“ frá árinu 2023, sem er fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar er m.a. fjallað ógn loftslagsbreytinga við lýðheilsu, heilbrigðiskerfið, félagslega innviði, atvinnuvegi og byggða innviði.

Samhliða vinnu við gerð fyrstu útgáfu aðlögunaráætlunar á næstu tólf mánuðum verður fyrsta viðkvæmni- og áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga útfært.

Innviðir í orkukerfinu

Innviðir orkunnar teljast til þjóðaröryggishagsmuna þar sem öryggi borgaranna og samfélags og atvinnulífs er háð þessum grunnþáttum. Raforkukerfið (og einstakir hlutar þess) telst til grunninnviða og varða því þjóðaröryggi. Helstu þættir raforkukerfisins eru raforkuflutningur, vinnsla og dreifing. Árið 2021 var lögð fram á Alþingi fyrsta langtímaorkustefna fyrir landið til ársins 2050, undir heitinu „Sjálfbær orkuframtíð“. Í stefnunni segir að „traustir innviðir fyrir raforku og varma eru grundvöllur að ásættanlegu orkuöryggi fyrir almenning og atvinnustarfsemi hér á landi.“ Einnig segir að innviðir þurfi að vera tryggir og áfallapolnir. Í aðgerðaráætlun orkustefnu¹² er m.a. verkefni (C.3) sem hefur verið falið Orkustofnun um kortlagningu og yfirsýn með varaafli.

⁹ <https://island.is/reglugerdir/nr/0786-2024>

¹⁰ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-ogskrar/URN/Loftslagstholid_Island_rafraen_skyrsla.pdf

¹¹ <https://loftslagsbreytingar.is>

¹² <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-ogskrar/ANR/Orkustefna/200327%20Atvinnuvegaraduneytid%20Orkustefna%20lodrett%20185x248mm%20Vidauki%20I%20V6.pdf>

Unnið hefur verið áhættumat fyrir þjóðaröryggisráð fyrir orkugeirana, raforku, hita og eldsneyti. Raforkulög nr. 65/2003, kveða á um samstarf varðandi neyðarviðbrögð í raforkukerfinu. Í því skyni eru haldnar reglulegar neyðaræfingar með aðilum á raforkumarkaði. Í gangi er einnig formleg samvinna um neyðarsamstarf og rekstraröryggi á Norðurlöndunum (NordBER) um rekstraröryggi raforkukerfa, viðbrögð við alvarlegum áföllum í raforkukerfum og gagnkvæma aðstoð landanna í vá.

Landsnet gegnir lykilhlutverki í að tryggja orkuöryggi á landsvísu. Raforkuflutningskerfinu er stýrt miðlægt frá stjórnstöð Landsnets. Stjórnstöðin notar orku-stjórnunarkerfið og fjarskiptakerfi Orkufjarskipta til að fylgjast með stöðu á línunum og tengivirkjum meginflutningskerfisins og samhæfir aðgerðir í tengslum við truflanir og viðgerðir á flutningskerfinu. Þá eru flestar virkjanir Landsvirkjunar tengdar stjórnstöðinni og hægt að fjarstýra þeim þaðan. Það annast núverandi og langtímarekstraröryggi kerfisins, almennan rekstur þess, viðhald og viðgerðir. Landsnet ber ábyrgð á nauðsynlegum framkvæmdum við viðhald og uppbyggingu flutningskerfis raforku í samræmi við áætlanir um framtíðarorkuþörf landsins og fyrir komandi kynslóðir.

Í þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þ.m.t. við gerð kerfisáætlunar Landsnets, kemur fram að flutningskerfi raforku er hluti af grunninnviðum samfélagsins. Styrking og uppbygging á flutningskerfinu skal miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins skulu árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Fram að þeim tíma skal leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis. Tryggja skal raforkudreifingu og raforkuöryggi með tilliti til mögulegra náttúruhamfara.

Í kjölfar fárviðris árið 2019 réðust stjórnvöld í samvinnu við raforkufyrirtækin í fjölmargar aðgerðir til að bæta öryggi innviði á landinu og frekari uppbyggingu.¹³ Innviðir fyrir varmaorku á Reykjanesskaga hafa verið í hættu vegna eldsumbrotanna þar að undanföru og í febrúar 2024 varð tímabundið rof á afhendingu þar sem hitaveitulagnir rofnuðu. Unnið hefur verið að því að finna varaleiðir til að tryggja afhendingaröryggi til skamms og lengri tíma, m.a. með jarðhitaleit.

Greinargerð matvælaráðuneytisins

Helstu ógnir við fæðuöryggi, sem felst í því að tryggja aðgengi fólks að matvælum, er hversu matvælaframboð og -framleiðsla héraendis er háð innflutningi aðfanga, svo sem jarðefnaeldsneytis, fôðurs, áburðar og umbúða. Ef aðfangakeðjur rofna til skemmri eða lengri tíma yrðu áhrifin misjafnlega fljót að koma fram. Sjávarútvegur er mjög háður innfluttu eldsneyti og sumar greinar landbúnaðar mjög háðar innfluttu fóðri en eftir því sem lengra líður yrðu áhrifin eðlilega víðtækari.

¹³ <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Innvidir2020/Innvi%C3%B0ir2020-Eftirfylgni%202020-2021-A%C3%B0ger%C3%B0al%C3%BDsingar.pdf>

Hátt hlutfall matvæla kemur að utan og innlend matvælaframleiðsla er háð innflutningi á aðföngum. Samkvæmt mati í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar frá árinu 2022 framleiðir Ísland 53% þeirra matvæla sem neytt er hérlendis, metið út frá orkuinnihaldi. Innlend framleiðsla mundi fljótlega dragast saman ef aðgangur að alþjóðlegum mörkuðum skertist.

Þáttum sem ógnað geta matvælaöryggi er skipt í tvo flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða efnafraeðilega þætti, þ.e. að efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla, berist í matvæli eða myndist í matvælum og breyti eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra (svo sem vaxtaraukandi efni og lyfjaleifar). Í öðru lagi geta líffraeðilegir þættir ógnað matvælaöryggi, svo sem allar örverur sem valdið geta matarbornum sjúkdómum, þ.e. matarsýkingum og matareitrunum. Bakteríur, sveppir, veirur og sníkjudýr geta valdið misalvarlegum veikindum og jafnvel leitt til dauða. Skortur á hreinlæti við matvælaframleiðslu og almennt þekkingarleysi við meðhöndlun matvæla eru helstu ástæður matareitrunar.

Matvælaráðherra vann á árinu 2023 að markmiðum sem styðja við áherslur í sjöunda áherslupætti þjóðaröryggisstefnu Íslands.

Um mánaðamótin maí/júní 2023 samþykkti Alþingi þingsályktanir um matvælastefnu annars vegar og landbúnaðarstefnu hins vegar (sjá ályktanir Alþingis nr. 20/153 og 21/153) þar sem m.a. er lögð áhersla á fæðuöryggi með eftirfarandi hætti:

- Stoðir fæðukerfa og fæðuöryggis landsins verði styrktar með því m.a. að styðja við nýsköpun í landbúnaði og stuðla að aukinni sjálfbærni með tilliti til aðfanga, jarðvegsverndar, auðlindanýtingar og hringrásarhagkerfis.
- Aðgengi að heilnæmum mat verði óháð efnahag.
- Skilgreindar lágmarksbirgðir matvæla verði í landinu á hverjum tíma, sem og aðföng til framleiðslunnar.
- Við töku ákvarðana um landnotkun verði fæðuöryggi þjóðarinnar haft að leiðarljósi.
- Markvisst verði unnið að framförum í grasrækt og ræktun annarra fóðurjurta samhliða aukinni áherslu á fjölbreyttari garðyrkju og aðra ræktun afurða til manneldis, aukna kornrækt og hvers konar nýjungar, svo sem ræktun orkujurta.
- Styrktar verði stoðir fjárhagslegrar afkomu framleiðenda sem einnar af undirstöðum fæðuöryggis.
- Áhersla verði lögð á að minnka losun vegna matvælaframleiðslu og auka framleiðslu matvæla með litlu kolefnisspori, sem byggist á lífsferilsgreiningu og mati á kolefnisspori framleiðslunnar.

Aðgerðaáætlunir byggðar á stefnunum til næstu fimm ára voru unnar í kjölfarið og birtar á samráðsgátt stjórnvalda frá 29. febrúar – 2. apríl 2024. Úrvinnsla umsagna stendur yfir og að henni lokinni verða endanlegar útgáfur þeirra birtar.

Árið 2019 var samþykkt á Alþingi aðgerðaáætlun í 17 liðum um að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendra framleiðslu með þingsályktun nr. 40/149. Unnið hefur verið að framkvæmd áætlunarinnar síðan en fjórtán aðgerðum áætlunarinnar er lokið en þrjár teljast til lengri tíma verkefna. Gerð

er nánari grein fyrir framgangi aðgerðanna í svari matvælaráðherra við fyrirspurn sem lagt var fram á Alþingi í janúar 2024 (Þingskjal 888 – 538. mál á 154. löggjafarþingi).

Unnið er áfram á grunni tillagna Landbúnaðarháskóla Íslands frá því í apríl 2022 um aðgerðir til að bæta fæðuöryggi landsins en þær byggja aftur á ítarlegri skýrslu um stöðu fæðuöryggis á Íslandi sem skilað var til ráðuneytisins árið 2021.

Áfram er unnið að útfærslu tillagna starfshóps forsætisráðherra um nauðsynlegar birgðir til að tryggja lífsafkomu þjóðar á hættutímum sem skilaði skýrslu í ágúst 2022. Þar kemur meðal annars fram að fæðuöryggi á Íslandi er háð innflutningi matvæla, innlendri matvælaframleiðslu og aðföngum til hennar og lágmarka þurfi truflanir á innlendri framleiðslu ef aðfangakeðjur raskast. Niðurstaða þeirrar vinnu á að verða tillaga að lágmarksbirgðum matvæla og nauðsynlegra aðfanga til framleiðslunnar sem hægt yrði að setja í samráð og gera síðan tillögur um fyrirkomulag birgðahaldsins sjálfs og meta kostnað vegna þess.

Afleiðinga heimsfaraldursins og stríðsins í Úkraínu verður enn vart á matvæla-mörkuðum með beinum og óbeinum hætti. Háir vextir og verðbólga höfðu verulega neikvæð áhrif á afkomu í landbúnaði á árinu 2023. Stjórnvöld brugðust með sértækum aðgerðum sem unnar voru af hópi ráðuneytisstjóra þriggja ráðuneyta; matvælaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og innviðaráðuneytis, sem skipaður var í lok október vegna fjárhagsstöðu bænda. Hópnun var ætlað að greina og gera tillögur vegna erfiðrar fjárhagsstöðu landbúnaðarins. Á grundvelli tillagna hópsins voru greiddar út 2.100 milljónir króna í árslok 2023 og byrjun árs 2024 eftir samþykki þeirra í ríkisstjórn og fjárheimildir Alþingis. Lögð var áhersla á að styðja sérstaklega við yngri bændur sem tekið hafa við búum síðustu ár og bændur sem fjárfest hafa í framleiðsluáðstöðu síðustu ár í nautgripa- og sauðfjárrækt. Þá voru einnig aukagreiðslur til greina sem búið hafa við langvarandi afkomubrest síðustu misseri.

Á árinu 2023 beitti matvælaráðherra sér fyrir sérstöku átaksverkefni til eflingar kornræktar í landinu m.a. í því skyni að bæta fæðuöryggi. Landbúnaðurinn er mjög háður innfluttu korni til fôðurs í mörgum búgreinum og nær allt korn til manneldis er innflutt (99%). Í gildandi fjármálaáætlun eru afmarkaðar tæpar 2.000 milljónir króna til verkefnisins á árunum 2024-2028. Verkefnið hófst árið 2024 með gerð samnings við Landbúnaðarháskólann um kynbætur á korni til að aðlaga það betur íslenskum aðstæðum auk þess sem þá verða í fyrsta skipti í boði fjárfestingastyrkir til uppbyggingar innviða í kornrækt.

Á næstu mánuðum liggur fyrir að vinna að frágangi aðgerðaáætlana landbúnaðar- og matvælastefnu eins og áður er nefnt og síðan að fylgja aðgerðunum sjálfum eftir þegar endanlega útgáfur hafa verið birtar. Samhliða verður áfram unnið að útfærslu tillagna um nauðsynlegar birgðir á málefnasviði matvælaráðuneytisins eins og að framan greinir.

Greinargerð heilbrigðisráðuneytisins

1. Sóttvarnamál

Undirbúinn var flutningur á lager af hlífðarbúnaði sem sóttvarnalæknir hefur umsjón með og var lagerinn fluttur í janúar 2024. Landspítali tók við hlífðarbúnaðinum sem

verður á veltulager og mun spítalinn sjá um birgðahald og úthlutun af lagernum fyrir hönd sóttvarnalæknis.

Frumvarp um sóttvarnalög var lagt fram í þriðja sinn á 155. löggjafarþing 2024–2025. Um er að ræða frumvarp til heildarlaga sem samið var af starfshópi sem skipaður var af heilbrigðisráðherra. Breytingar voru gerðar á sóttvarnalögum á meðan kórónuverufaraldurinn geisaði en talin var þörf heildarendurskoðun á ákvæðum laganna. Lúta breytingar einna helst á þeim ákvæðum sem fjalla um stjórnsýslu sóttvorna og opinberar sóttvarnaráðstafanir í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst hér á landi vegna heimsfaraldursins og í samræmi við álitssgerð Páls Hreinssonar um valdheimildir sóttvarnalæknis og heilbrigðisráðherra til opinberra sóttvarnaráðstafana samkvæmt sóttvarnalögum. Jafnframt var höfð hliðsjón af skráðum og óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar og mannréttindaákvæðum í stjórnarskrá og alþjóðasamningum. Á tímum kórónuveirufaraldursins var í fyrsta skipti í gildistíð laganna beitt opinberum sóttvarnaráðstöfunum gagnvart almenningi með umfangsmiklum hætti. Þá má benda á að á síðustu árum hafa komið upp aðrir smitsjúkdómar og var jafnframt litið til þeirrar reynslu við gerð frumvarpsins, svo sem vegna heimsfaraldurs influensu, mislinga og svína- og fuglaflensu.

2. Lyf og lækningatæki

Á grundvelli fenginnar reynslu í kórónuverufaraldri var sett á fót neyðar- og viðbragðsstofnun á sviði heilbrigðismála innan ESB (e. Health Emergency Preparedness and Response Authority – HERA) og hefur Ísland fengið áheyrnaraðild að stjórn þeirrar stofnunar. HERA sá um m.a. um kaup og dreifingu á bóluefninu Imvanex við apabólu til aðildarríkja sambandsins auk annarra ríkja sem taka þátt í samstarfinu þar á meðal Íslands.

Samstarf innan ESB á sviði heilbrigðismála fer vaxandi og fylgist Ísland grannt með þróun mála á þessu sviði. Íslensk stjórnvöld hafa sótt á um þátttöku í samstarfinu enda geta legið í því mikilsverðir hagsmunir, svo sem þegar kemur að sameiginlegum viðbrögðum við heilsuvá og aðgengi að lyfjum og öðrum aðföngum. Til langs tíma felast aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar í því að efla enn frekar viðbúnað með samhæfðum viðbrögðum aðildarríkjanna og annarra þjóða og er umræðan um svokallað Health Union að ryðja sér til rúms innan ESB til að auka enn frekar samstarf á þessu sviði.

3. Heilbrigðisviðbúnaður

Í kjölfar Covid-19 og náttúruhamfara sem hafa dunið á, óveður og eldgos, hefur aukist þörf fyrir heilbrigðisviðbúnað. Var því í tengslum við breytingar á skipulagi ráðuneytisins bætt við málaflokknum heilbrigðisviðbúnaði og sinnir einn sérfræðingur í ráðuneytinu hlutverki tengiliðar við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og stofnanir ráðuneytisins.

Á árinu var lokið við áhættugreiningu og áfallamat fyrir ráðuneytið og þær niðurstöður sendar Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Úr þeirri greiningu verður uppfærð viðbragðsáætlun ráðuneytisins. Þá er hver og ein heilbrigðisstofnun landsins er með viðbragðsáætlun sem stofnanirnar uppfæra eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og eru áætlanirnar aðgengilegar á vef þeirra.

Sem fyrr var Svalbarðahópurinn afkastamikill og skipulagði fjóra fundi, þar af eina ráðstefnu sem haldin var á Íslandi í september. Fyrri hluti ráðstefnunnar laut að því að auka þekkingu á heilbrigðisviðbúnaði, nýjum og yfirvofandi ógnum smitsjúkdóma, náttúruhamförum, skipulagningu bráðaþjónustu og netöryggisviðbúnaði í heilbrigðisþjónustu. Á síðari hluta ráðstefnunnar voru tvær skrifborðsæfingar þar sem æfð voru viðbrögð landsins við flóknum aðstæðum sem kröfðust samnorrænnar nálgunar, m.a. við sjóslysi undan austurstrandar Grænlands.

Þá tók tengiliður ráðuneytisins þátt í Host Nation Support í október á vegum Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, þar sem voru þjálfuð viðbrögð og ferlar vegna óska um alþjóðlega aðstoða í almannavarnaástandi.

Í kjölfar fundarins var hafinn undirbúningur í ráðuneytinu að stofnun EMT sveitar (emergency medical team) á Íslandi. Slík sveit yrði virkuð þegar válegir atburðir eiga sér stað sem valda almannavarnaástandi og eru mannaðar læknum, hjúkrunarfræðingum og stuðningsfólki sem starfa víðsvegar um landið. Sveitin gæti sinnt verkefnum um allt land og jafnframt sinnt aðstoð vegna válegra atburða erlendis.

4. Þjónustuheimsóknir kjarnorkuknúinna kaþbáta bandaríska sjóhersins

Ríkisstjórnin ákvað að heimila kjarnorkuknúnum kaþbátum bandaríska sjóhersins að hafa stutta viðkomu við Ísland til að taka á móti kosti og skipta út áhafnarmedlimum og er liður í stefnu íslenskra stjórnvalda að styðja við aukið eftirlit og viðbragðsgetu bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi.

Allir kaþbátar í þjónustu bandaríska hersins, bæði orrustukaþbátar, eins og þeir sem hér munu hafa viðdvöl, og eldflaugakaþbátar, sem bera kjarnavopn, eru knúin kjarnorku. Í tengslum við þjónustuheimsóknirnar hafa verið útbúnar verklagsreglur sem voru unnar í náinni samvinnu utanríkisráðuneytisins, Geislavarna ríkisins, Landhelgisgæslunnar og embættis ríkislögreglustjóra og taka mið af sambærilegum reglum í nágrenni.

Þjónustuheimsóknir kjarnorkuknúinna kaþbáta kalla á umfangsmikla vöktun, viðbúnað og áætlanir um viðbrögð vegna þjóðaröryggis langt umfram það sem áður hefur verið og var því um nýtt og mjög flókið verkefni að ræða hjá Geislavörnum ríkisins sem krefst þekkingar á kjarnaofnum, viðbúnaði, vöktun og flóknum geislaáætlingum langt umfram það sem er fyrir hendi hjá stofnuninni. Bætt var því við nýju stöðugildi sérfræðings hjá stofnuninni auk þess sem aflað var sérhæfðs hugbúnaðarkerfis til rauntímamats á dreifingu geislavirkra efna og afleiðingum þeirra (ARGOS kerfi), en slík kerfi eru notuð annars staðar á Norðurlöndum. Áhersla var lögð á þekkingaröflun, þjálfun og aukna sérhæfingu sérfræðinga Geislavarna ríkisins í nánun samstarfi við m.a. Landhelgisgæslu, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni. Gera má ráð fyrir að um 8–10 slíkar heimsóknir eigi sér stað á ári hverju.

5. Leiðtogafundur Evrópuráðsins

Mikill viðbúnaður var hér á landi þegar leiðtogafundur Evrópuráðsins var haldinn hér á landi í maí 2023. Kallaði það á umfangsmeiri viðbúnað og aukna viðbragðsgetu Geislavarna ríkisins og Landspítala. Bæði fyrir leiðtogafundinn, meðan á honum stóð

og eftir fundinn jókst vinna Geislavarna meðal annars við geislaælingar, fræðslu, æfingar viðbragðsaðila, þátttöku í mælingu meðan á fundinum stóð og skimanir auk úrvinnslu eftir fundinn.

Loks lagði ráðuneytið til þrjá starfsmenn til utanríkisráðuneytisins sem fengu hlutverk tengiliðar (liason officer) við erlendar sendinefndir sem hingað komu á leiðtogafundinn.

6. Mönnun í heilbrigðiskerfinu

Heilbrigðisráðuneytið vinnur að greiningu á stöðu mönnunar í heilbrigðiskerfinu en verkefnið getur skipt máli um sjálfbærni og árangur í heilbrigðiskerfinu til framtíðar. Vonir standa til að hægt sé að nýta göngin í mælaborð og í framhaldi verði hægt að fara í gerð mönnunaráætlunar.

7. Sýklalyfjaónæmi

Á árinu 2023 vann þverfaglegur starfshópur, skipaður af heilbrigðisráðherra í lok árs 2022, að aðgerðaáætlun til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis, í samvinnu við matvæla- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- orku- og loftslagsráðherra. Mikilvægt er að Ísland haldi góðri stöðu sinni til að tryggja öryggi sjúklinga, standa vörð um starfsemi heilbrigðis- og umönnunarstofnana og sporna við auknum kostnaði í heilbrigðiskerfinu sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur sýklalyfjaónæmis. Starfshópurinn skilaði aðgerðaáætlun í febrúar 2024 með kostnaðargreindum verkefnum sem byggja á nálgun „Einnar heilsu“ – (One health).

Áætlunin byggir á sex aðgerðum sem fela í sér að stuðla að markvissri og skynsamlegri notkun sýklalyfja hjá mönnum og dýrum; takmarka útbreiðslu sýklalyfjaónæmis með upplýsingagjöf, fræðslu og forvörnum; bæta þekkingu á sýklalyfjaónæmi með vöktun og vísindarannsóknum, hefta útbreiðslu sýklalyfjaónæmis með íhlutandi aðgerðum; auka þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi; og tryggja samhæfingu og stjórn aðgerða gegn sýklalyfjaónæmi til framtíðar.

Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd sjöunda áhersluþátta

Vegna þjónustuheimsóknna kjarnorkuknúinna kaþbáta frá Bandaríkjunum þarf að tryggja fjármögnun þeirra til framtíðar, enda er nýtt stöðugildi og aðgangur að ARGOS kerfinu forsenda þess að Geislavarnir ríkisins geti annast þau verkefni sem þjónustuheimsóknir kjarnorkuknúinna kaþbáta krefjast á grundvelli þjóðaröryggis.

Ráðuneytið stefnir á að hefja vinnu við þarfagreiningu á birgðalager í tengslum við heilbrigðisviðbúnað, svo sem á lyfjum og lækningatækjum, m.a. með hliðsjón af hagkvæmni og umhverfissjónarmiðum.

Í byrjun árs 2024 var skipaður undirbúningshópur að stofnun EMT sveitar og gert er ráð fyrir að hann skili ráðherra tillögu um framkvæmd og umsókn um vottun WHO á EMT sveitinni fyrir lok árs 2024.

Tryggja þarf fjármögnun forgangsverkefna sem tilgreind eru í aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.

Á grundvelli áhættugreiningar og áfallamati er gert ráð fyrir að lokið verði við uppfærslu viðbragðsáætlunar fyrir ráðuneytið í samráði við önnur ráðuneyti og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

VIII

Loftslagsbreytingar

Áttundi áhersluþáttur:

„Að sporna við röskun á lífsskilyrðum og búsetu vegna loftslagsbreytinga, m.a. með samdrætti í kolefnislosun, orkuskiptum, grænni fjárfestingu og virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að bregðast við loftslagsbreytingum.“

Greinargerð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Loftslagsaðgerðir, bæði til að minnka losun og auka kolefnisbindingu (mótvægis-aðgerðir) og auka seiglu samfélagsins (aðlögunaraðgerðir) eru besta leiðin til þess að sporna við röskun á lífsskilyrðum og búsetu vegna loftslagsbreytinga. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var uppfærð á tímabilinu 2023-2024 skv. lögum um loftslagsmál og reglugerð nr. 786/2024 og gera framreikningar vegna hennar ráð fyrir að hún geti stuðlað að frekari samdrætti gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030. Uppfærslan byggði á útgefni áætlun frá 2020 og er birt í samráðgátt (mál nr. S-119/2024) og á co2.is.¹⁴

Skv. lögum um loftslagsmál skal ráðherra láta gera áætlun um aðlögun íslensks samfélags að áhrifum loftslagsbreytinga. Mikill undirbúningur og samráð hefur átt sér stað með hagaðilum um fyrstu útgáfu aðlögunaráætlunar sem verkefnisstjórn loftslagsaðgerða miðar að því að samþykkja fyrir lok júní 2025 sbr. reglugerð nr. 786/2024.¹⁵

Skýrslur vísindafólks sýna fram á nauðsyn aðlögunaraðgerða vegna hlýnunar loftslags og súrnunar sjávar á þessari öld. Í skýrslunni „Loftslagsþolið Ísland“, sem gefin var út af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins 2023, þar sem er að finna tillögur að gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum, eru lagðar til nokkrar forgangsaðgerðir sem er ætlað að leggja grunn að mikilvægum upplýsinga- og þekkingarinnviðum fyrir ákvarðanatöku vegna aðlögunarvinnu.¹⁶ Ein af þeim er aðgerðin kerfislægir loftslagsáhættuvísar fyrir Ísland sem er í undirbúningi hjá Veðurstofu Íslands. Markmiðið með þeirri aðgerð er að útfæra gagnlega matsþætti flókinna loftslagsáhættu fyrir Ísland. Samhliða því að skilja betur hvaða gögnum þurfi að safna og greina til að meta kerfislæga áhættu fyrir Ísland vegna áhrifa loftslagsbreytinga hnattrænt og hverjir skuli safna þeim og greina. Meðal tilgreinda samstarfsaðila í skýrslunni er Þjóðaröryggisráð. Þjóðaröryggisstefnan er ein af þeim stefnuskjölum sem nefnd eru í skýrslunni með tengsl við loftslagsáhættuvísa.

¹⁴ <https://co2.is>

¹⁵ <https://island.is/reglugerdir/nr/0786-2024>

¹⁶ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-ogskrar/URN/Loftslagstholid_Island_rafraen_skyrsla.pdf

Í skýrslunni „Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi“ frá árinu 2023, sem er fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar segir m.a.:

„Mikilvægt er að draga sem mest úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlagast þeim breytingum sem óumflýjanlegar eru. Þessi skýrsla staðfestir, svo ekki verður um villst, að loftslagsbreytingar eru byrjaðar að breyta náttúrufari og lífsskilyrðum fólks á Íslandi með vaxandi áskorunum fyrir efnahag, samfélag og náttúru. Til að tryggja að þær áskoranir verði ekki meiri en við er ráðið þarf umbyltingu í lífsháttum og umgengni við náttúruna. Þar gegna stjórnvöld, atvinnulíf og stefnumótendur lykilhlutverki. Draga þarf úr losun eins hratt og unnt er og aðlaga samfélagið þannig að það ráði við álagið. Loftslagsvá er viðfangsefni samfélagsins alls og forðast þarf andvaraleysi gagnvart áhættunni.“¹⁷

Ísland er í samstarfi við Evrópusambandið og Noreg vegna loftslagsmarkmiða í alþjóðasamningum og er í virku alþjóðlegu samstarfi undir Loftslagsstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC).

Í þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku segir: „Tryggja skal að flutningskerfið mæti þörfum fyrir aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi, m.a. að því er varðar innviði fyrir rafbíla, notkun raforku í höfnum og raforku til fiskimjölsbræðslna.“

Í orkustefnunni „Sjálfbær orkuframtíð“ er sett fram það langtímamarkmið um orkuskipti að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti og anni allri orkuþörf í landinu með endurnýjanlegum orkugjöfum. Stefna stjórnvalda er að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og eru orkuskipti nauðsynlegur liður í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annar af tveimur lykilþáttum í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Töluverðir möguleikar eru á innlendri framleiðslu eldsneytis sem byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum. Innlend framleiðsla styður við markmið um aukið orkuöryggi landsins og gerir samfélagið minna háð innflutningi.

Í aðgerðaáætlun um orkustefnu eru aðgerðir sem tengjast orkuskiptum svo sem varðandi framleiðslu innlands eldsneytis. Þá hefur Orkusjóður verðir eflur undanfarin ár þannig að hann styðji við orkuskiptin, hvort sem þau eru á landi, á hafi eða í flugi, með uppbyggingu innviða þeim tengdum og fjárfestingum í tækjum og búnaði. Þá hefur verið gert átak í stuðningi við kaup á varmadælum, sólarsellum og jarðhitaleit með það markmið að draga úr notkun raforku til húshitunar, þannig að hægt sé nýta raforkuna fyrir orkuþörf samfélagsins vegna orkuskipta.

Í þingsályktun nr. 18/146 um aðgerðaráætlun um orkuskipti felur Alþingi ráðherra að vinna að orkuskiptum með því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa sem hafa í för með sér orkusparnað, aukið orkuöryggi, gjaldeyrissparnað, minni staðbundna mengun og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Þá eru aðgerðir og markmið tengd orkuskiptum í samgönguáætlun og byggðaáætlun.

¹⁷ <https://loftslagsbreytingar.is>

IX

Stafrænt fullveldi. Net- og upplýsingaöryggi

Níundi áhersluþáttur:

„Að efla stafrænt fullveldi og auka net- og upplýsingaöryggi á öllum sviðum samfélagsins með samhæfðum aðgerðum, áframhaldandi uppbyggingu á eigin getu og með samstarfi við önnur ríki.“

Greinargerð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðu- neytisins

Net- og upplýsingaöryggi - Starfsemi netöryggissveitarinnar CERT-IS

Starfsemi CERT-IS byggir á lögum um fjarskipti, nr. 70/2022 og lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019 og skiptist í meginþáttum í tvo undirflokkka. Annars vegar sinnir CERT-IS samhæfingu og atvikameðhöndlun netöryggisatvika rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og viðheldur hins vegar rétttri ástandsvitund netöryggismála fyrir íslenska netumdæmið. Til viðbótar við þessi tvö meginmarkmið er sveitin í nánun og vaxandi alþjóðlegu samstarfi netöryggissveita og sem slík tengiliður Íslands inn í tæknilega samhæfingu og atvikameðhöndlun sem nær til helstu nágrannaríkjanna og annarra vinveittra ríkjanna. CERT-IS er skipulagseining innan FST en hefur þó lagalegar kröfur um ákveðið sjálfstæði þegar kemur að bókhaldi, tölvukerfum og vinnuástöðu.

Árið var viðburðarríkt hjá CERT-IS. Upprunalegum áætlunum um uppbyggingu sveitarinnar var flýtt í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu árið 2022. Lögð var megin áhersla á að tryggja getu sveitarinnar til að þjónusta sviðshópa mikilvægra innviða við atvikameðhöndlun auk þess að efla getu hennar til að greina ástand netöryggismála fyrir íslenska netumdæmið í heild sinni. Reyndust þessar aðgerðir mikilvægar til að mæta auknum kröfum og verkefnum í innlendu og erlendu samstarfi, sem CERT-IS er þátttakandi í.

Megináhersla hefur verið lögð á að koma á fót öflugum teymi fólks sem hefur getu til að sinna atvikameðhöndlun með réttum ferlum og tólum. Innleitt var nýtt atvikaskráningarkerfi sem auðveldar utanumhald mála sem tengjast hverju atviki fyrir sig og einfaldar alla tölfraeðivinnslu í kjölfarið. Þjónusta CERT-IS var bætt á árinu með fjölgun starfsfólks. CERT-IS hlaut UT-Messu verðlaunin fyrir bestu stafrænu þjónustuna snemma árs 2023. Var það góð viðurkenning á stefnu sveitarinnar og á sama tíma hvatning til teymisins um að gera enn betur.

Þessi meðbyr náði til fleiri anga netöryggissamfélagsins þar sem greina mátti mikla vitundarvakningu um málaflokkinn innan alls netumdæmisins, jafnt hjá fyrirtækjum, stofnunum og innan stjórnsýslunnar. Greina mátti meiri vilja innan netumdæmisins til að miðla mikilvægum upplýsingum varðandi netöryggisatvik og veikleika og sú þróun styrkir tvímælalaust viðnámsþrótt netumdæmisins í heild sinni.

Mikil áhersla var á alþjóðlegt samstarf á árinu. Hefðbundin landamæri eiga ekki við í netheimum og því mikilvægt að eiga í nánun og traustu samstarfi við okkar helstu bandalagsþjóðir er kemur að netöryggis- og varnarmálum. CERT-IS tók þátt í vaxandi samstarfi Norðurlandanna á sameiginlegum vettvangi þeirra og tók fullan þátt í stefnumótun og vinnustofum um ógnargreiningar ásamt stórru netöryggisæfingu Norðurlandanna og Netöryggisstofnunar Bandaríkjanna (CISA).

CERT-IS tók einnig virkan þátt í samstarfi Íslands um netöryggismál á sviðum NATO samstarfsins. Þar helst að nefna þátttöku Íslands í Skjaldborginni (e. Locked Shields). Um er að ræða stærstu netöryggisæfingu sem haldin er ár hvert og fékk starfsfólk CERT-IS og annað úrvalslíð íslenskra fyrirtækja og stofnana að taka þátt með liði Svíþjóðar. Fór það svo að sameiginlegt lið Íslands og Svíþjóðar stóð uppi sem sigurvegari Locked Shields 2023.

Leiðtogafundur Evrópuráðsins var haldinn í Hörpu í Reykjavík í maí 2023. Fundurinn krafðist mikils undirbúnings undir stjórn ríkislögreglustjóra. CERT-IS var fengið að borðinu til að undirbúa og greina helstu netógnir í kringum fundinn. Sviðshópar mikilvægra innviða sönnuðu gildi sitt í þessu verkefni þar sem beinar boðleiðir milli rekstraraðila nauðsynlegra upplýsingatæknikerfa gátu stillt saman strengi og staðið vaktina á meðan á leiðtogafundinum stóð. Helstu spár um eðli netárása samhliða fundinum gengu að megninu til eftir þar sem ógnarhópar hliðhollir rússneskum málstað héldu úti dreifðum álagsárásam á íslensk fyrirtæki og íslenskar stofnanir. Árangur þeirra verður að teljast minni háttar í samhengi við tilefnið og eiga íslenskir rekstraraðilar hrós skilið fyrir undirbúning, viðbragð og almenna aðkomu sína að þessum fundi.

Í tilefni alþjóðlegs netöryggismánaðar í október efndu CERT-IS og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (HVIN) til ráðstefnu um gagnagislatökur, þróun þeirra og áhrif á rekstur fyrirtækja og stofnana sem var vel sóttur viðburður.

Starfsemi Stafræns Öryggis FST

Á sviðinu Stafrænt Öryggi hjá FST störfuðu 10 sérfræðingar með fjölbreyttan bakgrunn og langa starfsreynslu á sviði upplýsingaöryggis og netöryggislöggjafar. Starfsemi sviðsins felst í eftirliti með lágmarkskröfum á sviði netöryggis og áhættustýringarumgjarðar á grundvelli fjarskiptalaga og NIS-laga og gegnir afar mikilvægu hlutverki í netöryggi mikilvægra fjarskiptainnviða og stafrænna grunnvirkja. Auk þess hefur sviðið hlutverk ráðgefandi samhæfingarstjórnvalds gagnvart öðrum eftirlitsstjórnvöldum á grundvelli NIS-laganna í því skyni að stuðla að samræmdri framkvæmd þeirra. Í þessu felst að marka stefnu um hvernig byggja skuli upp og framfylgja eftirliti með öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.

Eftirlitið felst almennt í úttektum og skoðunum á virkni skipulags öryggismála hjá einstökum aðilum sem og forskoðunum og rannsóknum á einstökum atvikum og áhættuþáttum. Þá fer sviðið með framkvæmd almennra sem og sértækra

áhættumata. Hvað varðar eftirlit á grundvelli NIS-laga þá vinnur sviðið eftir stefnu FST frá október 2021. Sviðið hóf vinnu við gerð sjálfsmats strax í kjölfar gildistöku nýrra fjarskiptalaga þann 1. september 2022. Niðurstöðu sjálfsmats átta stærstu fjarskiptafyrirtækja lágu fyrir um mitt árið 2023. Niðurstaða sjálfsmatsúttekta er grundvöllur fyrir forgangsriðun úttekta af hálfu sviðsins.

Unnið var að umbótum á úttektarformum fyrir sjálfmat sem send eru út til eftirlitsskyldra aðila og á árinu hófst vinna við að færa sjálfsmatsgerðina á stafrænt form. Fram fóru afmarkaðar og djúpar úttektir á stjórnskipulagi netöryggismála hjá þremur aðilum, og lauk tveimur úttektum. Um var að ræða úttektir sem náðu til skipulagslegra ráðstafana sem og tæknilegra ráðstafana á sviði netöryggis. Þá var jafnframt framkvæmd innbrotspröfun hjá einum aðila. Sviðið fór í 16 forskoðanir öryggisatvika á árinu og tók eina stjórnsýsluákvörðun vegna öryggisatviks.

Undirbúningur NIS2-laganna var fyrirferðarmikill hjá sviðinu og fólst m.a. í skipulagsvinnu, gerð fræðsluefnis og samvinnu ýmissa lykilstofnanna og ráðuneyta sem málaflokkurinn fellur undir.

FST og HVIN fengu á árinu aðgang að samráðsvettvangi aðildarríkja ESB á sviði netöryggis (NIS Cooperation Group). Fulltrúar stafræns öryggis og HVIN sóttu þá fundi. Umræddur samráðshópur er lykilhópur innan Evrópusambandsins þegar kemur að kröfum sem gera á til netöryggis mikilvægra innviða, framfylgd eftirlits og samræmingar innan Evrópu.

Stafrænt öryggi fer með eftirlit á grundvelli laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019. Stór hluti verkefna á grundvelli þessara laga er að veita aðilum sem veita traustþjónustu fullgilda stöðu á því sviði. Tók stofnunin ákvörðun um að veita Advania á Íslandi fullgilda stöðu til að starfa sem traustþjónustuveitandi á sviði rafrænna tímastimpla og heimild til að veita slíka fullgilda þjónustu. Auk þess að veita aðilum fullgilda stöðu ber stofnuninni að rannsaka atvik sem upp koma og reka traustlista hér á landi.

Fulltrúar sviðsins tóku þátt í evrópsku samstarfi á þessu sviði og eru meðlimir í FESA, þ.e. Forum of European Supervisory Authorities for Trust Service Providers. Hópurinn fundaði tvisvar á árinu og vinnur einnig náið með Netöryggisstofnun Evrópu. Mikil undirbúningsvinna átti sér stað innan hópsins vegna setningar nýrrar reglugerðar á sviði rafrænnar auðkenningar og traustþjónustu sem unnið var að innan löggjafar Evrópusambandsins. Umrædd reglugerð mun hafa nokkuð víðtæk áhrif hér á landi og þekkingaröflun og undirbúningur því mikilvægur.

Sviðið skipulagði og stóð fyrir netöryggisráðstefnunni „Hver hækkar netöryggisstig Íslands? Á ég að gera það?“ sem haldin var á Hilton Nordica þann 18. október auk þess að halda erindi um NIS2 á hádegisverðarfundi Ský undir yfirskriftinni „Framtíð upplýsingaöryggis“ og hringborðsumræðum um „The Promise of Direct Online Channels: Transforming Public-Citizen Interaction“ sem haldnar voru á vegum Clateway Media í desember.

Þá fer sviðið einnig með hlutverk FST á grundvelli 13. gr. laga um íslensk landshöfuðlén, nr. 54/2021. Á árinu 2023 framkvæmdi stofnunin úttekt á grundvelli laganna um skilyrði fyrir skráningastofu höfuðléna.

X

Aðrar ógnir sem þarfnast fullrar athygli

Tíundi áherslupáttur:

„Að stefna stjórnvalda taki mið af öðrum ógnum sem þarfnast fullrar athygli, svo sem hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og ógnum við stjórnskipun, stjórnkerfi og fjarskipti, þar á meðal fjarskiptatengingar við útlönd, orkuöryggi og fjármála- og efnahagsöryggi.“

Greinargerð dómsmálaráðuneytisins

1. Löggæsla almennt

Dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 með það að markmiði að endurskoða ákvæði sem lúta að aðgerðum til að afstýra brotum eða stöðva þau og voru þau samþykkt í júní 2024. Markmiðið með lögnum var að skýra heimildir lögreglu til að grípa til aðgerða á þessu sviði, einkum hvað varðar afbrot eða athafnir sem raskað geta öryggi borgaranna og ríkisins, afbrot sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi og afbrot sem framin eru á netinu.

Löggæsla nú á tíðum snýr ekki síður að frumkvæðisvinnu í formi upplýsingaöflunar og greiningar upplýsinga. Breytt afbrotamynstur, aukin hætta á hryðjuverkum og útbreiðsla alþjóðlegrar skipulagðrar brotastarfsemi krefst þess að löggæsluþróun geti brugðist við og gripið til aðgerða áður en einstök brot eru framin. Með lagabreytingunum var því lögð aukin áhersla á mikilvægi þess að lögregla geti gripið fyrr inn í atburðarás og þannig fyrirbyggt að framin séu alvarleg afbrot. Í því skyni var lögreglu veitt heimild til að nýta upplýsingar sem hún býr yfir og aflar til greiningar. Þá var lögreglu veitt sérstök heimild til að hafa eftirlit með einstaklingum sem hafa tengsl við skipulögð brotasamtök eða sem sérgreind hætta stafar af fyrir öryggi ríkisins eða almennings. Einnig var kveðið á um heimild til haldlagningar að undangengnum dómsúrskurði til að koma í veg fyrir alvarleg brot gegn öryggi ríkisins. Þá var með frumvarpinu starfsemi stýrihóps um skipulagða brotastarfsemi lögfest. Samhliða framangreindum breytingum var eftirliti með störfum lögreglu eft.

Í lok árs 2022 undirritaði ráðherra nýjar reglur um valdbeitingu og vopnaburð hjá lögreglu sem tóku gildi í janúar 2023 og um leið féllu úr gildi eldri reglur frá árinu 1999. M.a. voru þær breytingar gerðar að rafvarnarvopn eru nú skilgreind á meðal þeirra vopna sem lögreglu er almennt heimilt að beita og er unnið að innleiðingu slíkra vopna hjá lögreglu. Rafvarnarvopn voru tekin í notkun í september 2024 hjá ákveðnum embættum lögreglu. Er talið að innleiðing vopnanna sé mikilvægur þáttur í því að auka öryggi lögreglumanna en ekki síður almennra borgara og muni draga úr

nauðsyn þess að lögregla þurfi að beita valdi í návígi, sem almennt er líklegast til að valda skaða hjá lögreglumönnum sem og þeim sem beittur er valdi.

2. Hryðjuverk

Dómsmálaráðuneytið og undirstofnanir þess hafa í stefnumótun sinni og aðgerðum tekið tillit til þeirrar ógnar sem stafar af hryðjuverkum, m.a. með áætlanagerð til að efla viðbúnaðargetu lögreglu, viðbragðsáætlun vegna hryðjuverka, skemmdarverka og stórfelldra ofbeldislæpa, áhættumati og auknu samstarfi við tollstjóra í tengslum við farþegagreiningar. Stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði eru í stöðugri endurskoðun og tekur sú vinna m.a. mið af hættumati ríkislögreglustjóra um hryðjuverkaógn á Íslandi. Síðbreytilegt öryggisumhverfi krefst þess að lögregla haldi jafnan vöku sinni gagnvart mögulegum aðgerðum einstaklinga, hópa, samtaka eða þjóðríkja er kunna að skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður samfélagsins. Mat á hættustigi vegna hryðjuverka á Íslandi er til þess fallið að bera kennsl á áhættu og veikleika vegna ógna og um leið er á grundvelli þess unnt að ákvarða hvaða ráðstafanir kunni að vera nauðsynlegar til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum stórfelldra ofbeldis eða skemmdarverka á Íslandi. Jafnframt er tilgangurinn sá að tryggja sameiginlegan skilning á þeirri hryðjuverkaógn sem beinist gegn Íslandi.¹⁸

HÆTTUSTIG VEGNA HRYÐJUVERKAÓGNAR Á ÍSLANDI ERU FLOKKUÐ Á EFTIRFARANDI HÁTT

FYRSTA STIG	<i>Lágmarks ógn</i> , engar vísbendingar eru um hryðjuverkaógn og engar upplýsingar um hvorki ásetning né getu til að fremja hryðjuverk.
ANNAR STIG	<i>Takmörkuð ógn</i> , hugsanlega er ógn til staðar, takmörkuð geta eða ásetningur.
ÞRIÐJA STIG	<i>Aukin ógn</i> , til staðar er ásetningur og/eða geta og hugsanleg skipulagning hryðjuverka.
FJÓRÐA STIG	<i>Alvarleg ógn</i> , til staðar er þekkt ógn. Vitað er um ásetning, getu og skipulagningu.
FIMMTA STIG	<i>Mjög alvarleg ógn</i> , tiltekin ógn er til staðar. Vitað er um ásetning, getu og skipulagningu og hugsanlega er hryðjuverkaárás yfirvofandi.
NÚVERANDI STAÐA	Núverandi hættustig vegna hryðjuverkaógnar er í þriðja þrepi af fimm og er metið sem „ <i>aukin ógn</i> “.

Ógn vegna hugsanlegra hryðjuverkaárása á Íslandi árið 2024 stafar að mati greiningadeildar ríkislögreglustjóra fyrst og fremst frá einstaklingum sem fyrir sakir þess að aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju og bera hatr til samfélagsins eru reiðubúnir að fremja hryðjuverk. Engin staðfest mál hafa komið upp hérlandis sem tengjast fjármögnun hryðjuverka og hið sama gildir um stuðning við hryðjuverkastarfsemi. Í janúar 2024 var einstaklingi, sem skv. upplýsingum erlendra samstarfsaðila greiningadeildarinnar var meðlimur í alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum, vísað úr landi.¹⁹

¹⁸ Ríkislögreglustjóri, 2024: *Hryðjuverkaógn á Íslandi*.

¹⁹ Ríkislögreglustjóri, 2024: *Hryðjuverkaógn á Íslandi*.

Með tilkomu dulkóðaðra samskiptaforrita og rafmyntar er að mati greiningadeildar ríkislögreglustjóra orðið ódýrara, einfaldara, hraðvirkara og öruggara fyrir öfgafulla einstaklinga eða hryðjuverkasamtök að ráða, innræta, þjálfa og eiga samskipti við liðsmenn sína og afla fjár í gegnum samfélagsmiðla og stafrænar greiðslur. Þessi ógn virðir ekki landamæri og skautun og hatursorðræða gegn minnihlutahópum hefur vaxið á Vesturlöndum. Stafrænir miðlar hafa reynst gróðrarstía upplýsingaóreiðu, falsfrétta og hatursorðræðu sem eykur frekar skautun samfélaga og ógnar samheldni þeirra.²⁰

3. Skipulögð brotastarfsemi

Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá árinu 2021 kom fram að áhætta vegna skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi teldist mjög mikil. Ekki hefur komið út ný skýrsla frá greiningadeild ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi síðan þá. Er aukin notkun brotahópa á stafrænni tækni talin auka álag á ýmsum sviðum löggæslunnar og talið að skipulögð brotastarfsemi feli í sér ógn við öryggi samfélags og einstaklinga. Stofnaður hefur verið stýrihópur með fulltrúum embætta ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórans á Suðurnesjum og héraðssaksóknara sem hefur það markmið að tryggja samræmingu og samhæfingu lögreglu á landsvísu til að sporna gegn skipulagðri brotastarfsemi og efla upplýsingaskipti milli embættanna á þessu sviði.

Á árinu 2023 var samþykkt að auka fjárveitingar varanlega til lögreglu í þeim tilgangi að efla verulega rannsóknar- og greiningargetu lögreglunnar varðandi skipulagða brotastarfsemi. Gert er ráð fyrir að það muni stórefla getu lögreglunnar til að takast á við nýjar áskoranir. Þá hefur þátttaka í evrópsku löggæslusamstarfi verið eflað, meðal annars með nýjum íslenskum fulltrúa hjá EuroJust og áframhaldandi fulltrúa hjá EuroPol.

Aðgerðir gegn mansali eru einnig mikilvægar í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi og lögð hefur verið áhersla á að efla þær. Áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali voru gefnar út árið 2019. Hefur verið unnið að því að hrinda þeim í framkvæmd á vettvangi samráðshóps stjórnvalda og hagsmunaaðila í málaflöknum sem fylgir eftir framkvæmd aðgerðanna. Frumvarp til breytinga á mansalsákvæði hegningarlaga var samþykkt með lögum nr. 79/2021 sem tóku gildi í júní 2021. Með þeim var brugðist við þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á undanförunum árum, þ. á m. um að verknaðarlýsing ákvæðisins sé of þröng og taki ekki til allra þeirra þátta mansalsbrota eins og nauðsynlegt er. Unnið er að undirbúningi nýrrar aðgerðaráætlunar til að bregðast við þeim tilmælum sem komu fram í þriðju úttekt GRETA, eftirlitsnefndar með samningi Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, en úttektin kom út í október 2023.

Með framangreindum breytingum á lögreglulögum hafa heimildir lögreglu í þágu afbrotavarna er beinast gegn skipulagðri brotastarfsemi verið eflaðar. Er lögreglu þannig heimilt að hafa eftirlit á almannafæri með einstaklingum sem hún hefur áreiðanlegar upplýsingar um að tengist skipulögðum brotasamtökum án þess að viðkomandi liggja undir grun um að hafa viðhaft tiltekna refsiverða háttsemi.

²⁰ Ríkislögreglustjóri, 2024: *Hryðjuverkaógn á Íslandi*.

4. Landamæravarsla og eftirlit

Gríðarlegar breytingar urðu á straumi ferðamanna og reglum um för yfir landamæri árin 2020 og 2021 vegna heimsfaraldurs COVID-19. Á árinu 2022 jókst hins vegar farþegafjöldi verulega á ný og árið 2023 var fjöldi ferðamanna um 96% af því sem hann var árið 2018 sem var metár í fjölda ferðamanna.²¹

Landamærasvið ríkislögreglustjóra fer nú með landamærastjórn og samræmingu landamæramálefna fyrir lögreglu. Í því felst m.a. að vinna að innleiðingu upplýsingakerfa á vegum Schengen samstarfsins, m.a. með innleiðingu svokallaðs Entry-Exit kerfis. Tilgangur þess er að skrá með sjálfkrafa hætti allar komur og brottfarir þriðju ríkisborgara á Schengen svæðinu. Í kjölfar þess verður sett á fót ferðaheimildakerfi fyrir Schengen svæðið (ETIAS). Með tilkomu þess munu ríkisborgarar þriðju ríkja þurfa að sækja um sérstaka ferðaheimild áður en þeir fá inngöngu á svæðið.

5. Netglæpir

Í skýrslu ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi frá árinu 2021 lagði ríkislögreglustjóri mat á hættuna af völdum netglæpa. Þar segir að þó margt hafi áunnist í baráttu gegn tölvu- og netglæpum væri það mat greiningardeildar að netvarnir, vöktun og viðbúnaður gegn netglæpum teldust ekki nægjanlegar á Íslandi. Er meðal annars bent á að breyta þurfi löggjöf, huga þurfi að meiri og markvissari upplýsingasöfnun um ógnir gegn upplýsingainviðum og bæta og samræma skráningu net- og tölvubrota í upplýsingakerfi lögreglu. Þá kemur fram að bæta megi menntun og fræðslu fyrir lögreglumenn varðandi tölvu- og netglæpi svo og að bæta aðgengi lögreglu að sérfræðipækningu og samvinnu við fagaðila í málaflokknum. Fram kemur einnig að til staðar séu alvarlegir veikleikar hjá lögreglu hvað varðar mannafla- og búnaðarskort. Mikilvægt sé að efla getu lögreglunnar á þessu sviði og starfrækja sérstaka deild á landsvísu sem sinnir þessum málaflokki. Færa má rök fyrir því að rannsóknarúrræði lögreglu og lagaheimildir til alþjóðlegs samstarfs þvert á landamæri þurfi að endurspegla öra þróun og nýjar brotategundir í sífelldum flóknara tækniumhverfi.

Í skýrslu ríkislögreglustjóra um fjölþáttaógnir frá árinu 2023 kemur annars vegar fram að net- og tölvuárásir séu vaxandi áhyggjuefni fyrir stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklinga m.a. vegna þess hversu hratt tæknin þróast og hve auðvelt getur verið að nýta hana til ólögmætrar og skaðlegrar starfsemi. Hins vegar kemur fram að tilkynningum um slíkar árásir til CeRT-IS (netöryggissveitar íslenskra stjórnvalda) hafi fjölgað mjög sl. ár en árið 2020 voru 266 netárásir tilkynntar hjá CeRT-IS en fóru yfir 700 á árinu 2022. Frá innrás Rússa í Úkraínu hefur tíðni netárása á NATO ríki margfaldast og Ísland ekki verið undanþegið þeirri þróun en staðfest er að stafrænar árásir Rússa á NATO ríki árið 2022 hafi aukist um 300% frá árinu 2020.²²

Þá er í skýrslu ríkislögreglustjóra um fjölþáttaógnir bent á að á Vesturlöndum gæti mikillar tortryggni í garð kínverskra tæknifyrirtækja meðal annars vegna þess að í kínverski löggjöf er gert ráð fyrir að þarlend stjórnvöld geti krafist aðstoðar við upplýsingaöflun frá kínverskum stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Þannig gæti allur sá tækja- og hugbúnaður frá Kína sem almenningur og stjórnvöld á Íslandi kaupa og nýta á ári hverju verið til þess fallinn að draga úr stafrænu öryggi og þá sérstaklega ef hann tengist viðkvæmum upplýsingum stjórnvalda eða mikilvægum innviðum.

²¹ Mælt í fjölda brottfara erlendra farþega, tölur frá Ferðamálastofu.

²² Ríkislögreglustjóri, 2023. Fjölþáttaógnir.

Ísland undirritaði í maí 2022 aðra viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvubrot um auknið samstarf og upplýsingagjöf fyrir rafræn sönnunargögn. Bókunin er til komin í ljósi aukinnar útbreiðslu netglæpa samhliða vaxandi notkun upplýsinga- og samskiptatækni. Yfirvöld á Íslandi hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og því aukna flækjustigi sem öflun sönnunargagna yfir landamæri getur haft í för með sér fyrir meðferð sakamála, hvort sem þau eru til meðferðar í refsilögsögu Íslands eða annarra ríkja. Til stendur að fullgilda bókunina með tilheyrandi lagabreytingum á næstu misserum. Þann 2. nóvember 2022 birti Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, í samstarfi við önnur ráðuneyti, fyrstu aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í netöryggi sem gildir frá 2022-2026. Aðgerðaráætlunin byggir á Netöryggisstefnu Íslands fyrir árin 2022-2037. Dómsmálaráðuneytið ber ábyrgð á nokkrum aðgerðum sem stefnt er að fara í til að auka netöryggi á Íslandi og sporna við netglæpum.

Stofnaður hefur verið starfshópur í samstarfi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið undir formennsku dómsmálaráðuneytisins sem hefur það hlutverk að endurskoða regluverk varðandi starfsemi vefhýsingarfyrirtækja með staðfestu á Íslandi sem er aðgerð sem háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið er ábyrgt fyrir. Markmiðið er að reyna að taka á því lagalega tómarúmi sem er í kringum skráningu notendaupplýsinga í hýsingarþjónustu og hefur leitt til þess að netglæpir hafa þrífist í netumdæmi Íslands.

6. Varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru mikilvægur þáttur í að standa vörð um trúverðugleika og tiltrú á fjármálakerfið. Ísland hefur um áratugaskeið tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á vettvangi Evrópusambandsins og FATF (Financial Action Task Force), en í aðild að FATF felst skuldbinding um að samræma löggjöf og reglur hér að landi að tilmælum FATF. Frá árinu 2020, er staðfest var á allsherjarfundi FATF að Ísland hefði lokið aðgerðum og úrbótum í tengslum við fjórðu úttekt FATF með fullnægjandi hætti, hefur verið unnið að því að efla enn frekar varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Birtist það meðal annars í stefnu stjórnvalda í málaflóknum, bættri löggjöf, auknum mannafla hjá ýmsum stjórnvöldum og aukinni áherslu á málaflokkinn innan stjórnvöldanna. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka vinnur embætti ríkislögreglustjóra áhættumat sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi. Áhættumatið er uppfært á tveggja ára fresti og var síðast gefið út árið 2023. Samhliða annast stýrihópur dómsmálaráðherra gerð aðgerðaráætlunar þar sem brugðist er við niðurstöðum áhættumatsins með aðgerðum í málaflóknum, þvert á stjórnkerfið. Í áhættumati 2023 var fyrri áhættumat, fyrir árin 2021-2023, endurskoðað en litlar breytingar urðu milli ára á niðurstöðum áhættuflokkunar matsþátta. Greind áhætta taldist enn mikil vegna peningabættis þegar kemur að skattsvikum sem frumbrotum peningabættis, misnotkun á virðisaukaskattkerfinu og misnotkun á hlutafélagiforminu, flutningi reiðufjár og reiðufjárviðskiptum, fjármunasendingum svo og sófnunarkössum og happdrættisvélum. Miðar gildandi aðgerðaráætlun stjórnvalda við aðgerðir til að auka varnir á þeim sviðum. Vinnur stýrihópur dómsmálaráðherra að yfirferð og endurskoðun gildandi aðgerðaráætlunar, og er áætlað að ný áætlun verði gefin út í á næstu mánuðum ásamt nýrri stefnu stjórnvalda.

Á árinu 2018 voru sett ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka en með þeim var fjórða peningabættistilskipun Evrópusambandsins innleidd að stærstum hluta. Lögin hafa síðan tekið breytingum tvívegis, sbr. lög nr. 96/2020 sem varða innleiðingu á fimmtu peningabættistilskipun ESB og lög nr. 62/2022 sem varða m.a. innleiðingu breyttra tilmæla FATF um svokallaðar sýndareignir. Fyrir liggja tillögur að svokölluðum AML pakka ESB, þ.e. þrjár reglugerðir og loks sjötta peningabættistilskipunin, sem munu kalla á heildarendurskoðun löggjafar á sviði peningabættis þegar þar að kemur.

Greinargerð forsætisráðuneytisins

Með vísan til 1. mgr. 8. gr. laga um þjóðaröryggisráð var kallað eftir greinargerð forsætisráðuneytisins um hvernig ráðuneytið og undirstofnanir þess unnu á árinu 2023 að því að framkvæma 10. áherslupátt þjóðaröryggisstefnunnar sem er svohljóðandi: „Að stefna stjórnvalda taki mið af öðrum ógnum sem þarfnast fullrar athygli, svo sem hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og ógnum við stjórnskipun, stjórnkerfi og fjarskipti, þar á meðal fjarskiptatengingar við útlönd, orkuöryggi og fjármála- og efnahagsöryggi.“

Forsætisráðuneytið fer með mál er varða stjórnskipun lýðveldisins Íslands og Stjórnarráð Íslands í heild, þar á meðal forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðsins sbr. ákvæði laga um Stjórnarráð Íslands. Á árinu 2023 var unnið að, í samvinnu við dómsmálaráðuneytið og embætti ríkislögreglustjóra, endurskoðun reglna um öryggismál æðstu stjórnar ríkisins frá 27. maí 1999 og reglna frá 22. júlí 2003 um öryggiskröfur fyrir ráðuneyti og heimili ráðherra. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið á árinu 2024.

Þá var áfram unnið að greiningu á áhættu og áfallapoli æðstu stjórnar en skv. almannavarnarlögum er sú skylda lögð á ráðuneyti og stofnanir sem undir þau heyra að kanna áfallapol þess hluta íslensks samfélags sem fellur undir starfssvið þeirra, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir.

Greinargerð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins

Alþingi ályktaði 15. desember 2023 að fela háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að vinna stefnumótandi aðgerðir til ársins 2025 til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi (þingsályktun nr. 6/154). Aðgerðirnar byggist á sýn um Ísland sem þekkingarsamfélag.

Í kafla 4 um markmið til árangurs í fjarskiptum, upplýsingatækni og netöryggi er greint frá stöðu og framtíðaráskorunum í málaflokknum er varða m.a. slíkar ógnir, beint og óbeint. Þá eru taldar upp og útlistaðar aðgerðir sem styðja við markmið í fjarskiptum, upplýsingatækni og netöryggi til ársins 2025:

- a. **Uppbygging öflugs upplýsingasamfélags í alþjóðlegu samstarfi.**
 - Hæfnisetur Íslands í netöryggi fékk nafnið Eyvör, en áður var þetta kallað samstarfsvettvangur fræðslu, menntunar og rannsókna á sviði netöryggis. Áfram var unnið að því að gera Eyvöru starfhæfa og áhersla var lögð á

góðan undirbúning verkefna sem síðar átti að skila inn sem afurðum og vörðum skv. styrkjasamningi við DIGITAL Europe áætlunina. Vinnan fólst m.a. í aðild að vinnuhópum Hæfniseturs Evrópu í netöryggi (ECCC) sem eru sjö talsins og átti Eyvör áheyrnarfulltrúa í þeim öllum. Þá sat fulltrúi Eyvarar tvo stjórnarfundum ECCC. Gerður var samningur um samvinnu (consortium agreement) við alla aðila innan Eyvarar og hafist var handa við að skila inn afurðum á grundvelli styrks frá DIGITAL EUROPE.

- Eyvör hélt kynningu á tveimur viðburðum í október, annars vegar „Framtíð upplýsingaöryggis“ á vegum Skýrslutæknifélags Íslands og hins vegar „Gögn í gíslingu“ sem var sameiginleg ráðstefna HVIN og CERT-ÍS. Á kynningunum var farið yfir fyrirhuguð verkefni Eyvarar ásamt stöðu aðgerðaáætlunar stjórnvalda í netöryggi.

b. **Ísland verði gígabitaland.** Með aðgerðinni er horft til eftirfarandi þátta:

- Að uppbygging háhraðaneta til heimila og fyrirtækja verði á þeim svæðum sem enn hafa ekki verið tengd slíkum netum.
- Að þróun, framboð og áfallaþol stofnnetna fjarskipta uppfylli þarfir markaðarins á hverjum tíma, svo sem með aðskildum lagnaleiðum.
- Að uppbygging fimmtu kynslóðar farneta eigi sér stað um allt land.
- Að nýrri farnet leysi af hólmi eldri kerfi eins og GSM, þriðju kynslóð farneta (3G) og TETRA.
- Að hugað verði sérstaklega að áfallaþoli mikilvægra fjarskiptastaða.
- Að farnet á helstu þjóðvegum og ferðamannastöðum verði óháð því hjá hvaða fjarskiptafyrirtæki áskriftin er.

c. **Samfellt háhraðafarnet á öllum stofnvegum.**

d. **Aukið öryggi með nýja fjarskiptasæstrengnum IRIS.**

e. **Umgjörð og regluverk um stafræna þróun.**

f. **Geta til viðbragða við netöryggisógnum og -atvikum betur tryggð.**

g. **Lykilaðgerðum í netöryggisstefnu komið í framkvæmd.**

- Í kjölfar þess að ný aðgerðaáætlun stjórnvalda í netöryggismálum var kynnt í lok árs 2022 fór af stað framkvæmd fjölda aðgerða á sviði netöryggis. Aðgerðaáætlunin samanstóð af 64 fjölbreyttum aðgerðum, sem byggja annars vegar á markmiðum og áherslum netöryggisstefnu Íslands og hins vegar á víðtæku samráði þvert á ráðuneyti og stofnanir. Á ábyrgð HVIN voru 20 aðgerðir, sem ýmist voru framkvæmdar af HVIN, FST eða CERT-ÍS.
- Fjölbreyttar aðgerðir studdu m.a. við netöryggivitund og aukið aðgengi að netöryggismenntun og þjálfun. Þar ber hæst skipulagning netöryggismánaðarins, netöryggikeppni Íslands (Gagnaglíman) og vefráðstefna um netöryggi hlutaneta, nýtt mastersnám í tölvuöryggi, þýðing á stöðlum og stofnun Eyvarar NCC-IS.

- Mikil áhersla var á framkvæmd aðgerða með það markmið að tryggja skilvirk viðbrögð við netöryggisatvikum sem ógnað geta réttindum einstaklinga, mikilvægum innviðum og samfélaginu í heild. Lokið var við framkvæmd netöryggisúttektar á völdum opinberum stofnunum. Einnig var unnið að endurskoðun stjórnskipulags netöryggismála hjá stjórnvöldum, en í þeim efnum var m.a. gefin út ný reglugerð um netöryggisráð, nr. 1720/2023 og unnið að mótun nýs vettvangs stjórnvalda auk hagsmunaaðila atvinnulífs á sviði netöryggis. Einnig var unnið að endurmati viðbragðsáætlana sem stuðla að áfallaþoli samfélagsins á sviði fjarskipta, greiningu á ávinningi þess að setja upp miðlæga vöktunarmiðstöð fyrir netöryggi, undirbúningi allsherjar viðbragðsæfingu netöryggis á Íslandi, mati á framkvæmd netöryggislaganna og stuðlað að vörnum gegn innlendum dreifðum álagsárásam.
- Vinna hófst við að samræma viðbrögð stjórnvalda við mikilli aukningu netsvika í samstarfi HVIN og FST.

Greinargerð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Jarðefnaeldsneytisbirgðir

Orkustefna Íslands til ársins 2050, skýrsla þjóðaröryggisráðs frá 2021 og aðgerðir sem átakshópur um úrbætur á innviðum skilgreindi í kjölfar fárveðursins 2019, kalla eftir að sett verði lágmarksviðmið fyrir öryggisbirgðir eldsneytis á Íslandi.

Í skýrslu Alþjóðaorkuráðsins (World Energy Council) frá árinu 2021 er bent á að Ísland er með einkunnina C á sviði orkuöryggis sem kemur aðallega til vegna skorts á neyðarbirgðum eldsneytis. Ísland skorar 56 stig af 100 mögulegum er varðar orkuöryggi og situr í 52. sæti af 100 löndum innan Alþjóðaorkuráðsins, fyrir neðan flest lönd Evrópu.

Starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins sem falið var að gera skýrslu um nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum skilaði skýrslu í ágúst 2022.

Evrópusambandið og Alþjóðaorkumálastofnunin (International Energy Agency, IEA) gera kröfu til aðildarríkja sinna um 90 daga neyðarbirgðir eldsneytis miðað við innflutning næstliðins árs. Eldsneyti notað til millilandasiglinga er ekki innifalið í þessum kröfum. Sem eyland ótengt orkukerfum annarra ríkja og háð innflutningi jarðefnaeldsneytis enn sem komið er, taldi starfshópur forsætisráðuneytisins ekki rök fyrir því að viðmið neyðarbirgða eldsneytis væri lægra en það sem er lagt er upp með í nágrennaríkjum og víðar.

Á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins er unnið að breytingu á lögum á grunni tillagna fyrrgreinds starfshóps þannig að lögfest verði 90 daga lágmarksviðmið jarðefnaeldsneytisbirgða.

Raforka og hiti

Í orkustefnu Íslands er orkuöryggi eitt af meginstoðum stefnunnar. Þar er sett fram það markmið að orkuþörf samfélagsins verði ávallt uppfyllt. Þar segir: „Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öruggt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuiðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúruvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum. Tryggja þarf að hitaveitur hafi öruggt aðgengi að jarðhitasvæðum svo að þær anní framtíðareftirspurn á sama tíma og vinnsla jarðvarmans er sjálfbær. Ábyrgð á orkuöryggi liggur hjá stjórnvöldum, ráðherra, ráðuneyti og undirstofnunum.

Lögum samkvæmt gegna fyrirtæki á orkumarkaði einnig mikilvægu hlutverki þegar kemur að orkuöryggi. Regluverk mælir fyrir um skýra ábyrgð, yfirsýn og hlutverk þessara aðila. Ástand orkuöryggis þarf að vakta og nota rétt útfærða öryggisvísa sem sýni fram á stöðu mála og þróun.”

Stjórnvöld hafa stutt við jarðhitaleit að nýju eftir langt hlé. Þá er unnið að jarðvarmamati fyrir Ísland á vegum Íslenskra orkurannsókna.

Starfshópar á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis hafa að undanfögnu unnið að tillögum sem miða að því að tryggja orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir almenning og minni fyrirtæki, sér í lagi vegna takmarkaðrar uppbyggingar orkukosta undanfarin ár sem og erfiðrar stöðu í vatnsbúskap lóna á Suðurlandi.

Greinargerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins

Það er hlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Seðlabanka Íslands, peningastefnunefndar og fjármálastöðugleikaráðs að stuðla að öryggi fjármálakerfisins og stöðugleika hagkerfisins.

Viðfangsefni hagstjórnarinnar er að ná niður verðbólgu sem var í hámarki í upphafi ársins 2023 þegar hún var um tíu prósent. Peningastefnunefnd hefur aukið taumhald peningastefnunnar mikið á síðasta ári. Nefndin hækkaði vexti í fjórum af sex vaxtaákvörðunum ársins 2023, allar á fyrstu átta mánuðunum. Innan ársins 2023 hækkuðu vextir úr 6% í 9,25% í ágúst. Lægstir voru vextir Seðlabankans 0,75% á fyrri helmingi ársins 2021 þegar þeir voru í lágmarki. Bankinn ákvað að halda vöxtum óbreyttum í október 2023 þegar vísbendingar voru um að það væri tekið að hægja á umsvifum í hagkerfinu en þrátt fyrir þrálátari háar verðbólguvæntingar en vonir stóðu til var þó ákveðið að halda vöxtum óbreyttum í ljósi óvissu á Reykjanesi þrátt fyrir að forsendur hafi verið fyrir áframhaldandi hækkun þeirra. Verðbólga hefur haldið áfram að lækka í upphafi árs 2024 en útgjöld ríkissjóðs vegna Grindavíkur og kjarasamningar draga að óbreyttu úr hagstjórnarlegu aðhaldi, sem nauðsynlegt er til að ná verðbólgu í markmið. Seðlabankinn hefur lýst því yfir að hann muni beita stjórnþækjum sínum eftir þörfum til að tryggja verðstöðugleika og fjármálastöðugleika áfram.

Árið 2023 fundaði fjármálastöðugleikanefnd fjórum sinnum, í mars, júní, september og desember. Á fyrsta fundi ársins ákvað nefndin að hækka sveiflujöfnunaraukann úr 2% í 2,5% í mars 2024. Helsta ástæða þess voru hraðar hækkunarir á fasteignamarkaði frá upphafi heimsfaraldursins og mikil verðbólga. Þrátt fyrir miklar húsnæðisverðshækkunarir þá er fjárhagsstaða heimila sterk og skuldahlutföll þeirra við söguleg lágmark. Nefndin áréttaði á þessum fyrsta fundi mikilvægi þess að koma á innlendri

smágreiðslulausn. Þegar leið á árið 2024 var farið að horfa meira til rekstraröryggis og viðbúnaðaráætlana í stað smágreiðslulausnarinnar þó henni hafi ekki verið ýtt út af borðinu. Nefndin fékk kynningu á reiðufé sem þrautavaralausn verði rof á rafrænni greiðslumiðlun. Í lok árs ákvað nefndin að halda sveiflujöfnunaraukanum óbreyttum þrátt fyrir óvissu vegna jarðhræringa á Reykjanesi væri fjármálastöðugleika ekki ógnað.

Þegar líður á árið 2024 og það næsta verða vextir á stórum hluta lánasamninga óverðtryggðra húsnæðislána sem nú bera fasta vexti endurskoðaðir. Þeir vextir eru umtalsvert lægri en bjóðast í dag og viðbúið er að greiðslubyrði þeirra lána hækki þegar fastvaxtatímabilinu lýkur. Þrátt fyrir háa vexti er hlutfall vaxtagjalda af ráðstöfunartekjum ekki ýkja háir í sögulegu samhengi vegna hóflegar skuldsetningar. Líkur eru þó á því að hlutfallið vaxi enn eftir því sem endurskoðunum lánasamninga vindur fram. Heimilin hafa haldið greiðslubyrði lána niðri með því að auka vægi verðtryggðrar fjármögnunar. Fjármálastöðugleikanefnd hefur ekki séð ástæðu til að breyta lánþegaskilyrðum að öðru leyti en því að þau voru rýmkuð í tilfelli Grindvíkinga.

Í núgildandi fjármálaáætlun sem nær til árána 2025-2029 er gert ráð fyrir að halli sem hefur verið viðvarandi frá árinu 2020 þegar COVID faraldurinn skall á snúist í afgang árið 2029. Þá er gert ráð fyrir að skuldahlutfall hins opinbera verði 37-38% af VLF á tímabili áætlunarinnar. Brýnt er að tryggja hófleg og lækkandi skuldahlutföll svo að ríkissjóður hafi burði til að styðja við hagkerfið í gegnum niðursveiflu og áföll

Viðnámsþróttur hagkerfisins er metinn mikill og kerfislæg áhætta minnkandi. Afgangur var á viðskiptajöfnuði á seinni hluta ársins 2023. Útlit er fyrir að svo verði áfram á næstu árum. Erlend staða þjóðarbúsins er áfram sterk.

Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd tíunda áhersluþáttar

Umgiörð um opinber fjármál og Seðlabanka hefur sannað gildi sitt síðustu ár. Samspil ríkisfjármála, þjóðhagsvarúðar og eftirlits með fjármálamarkaði hefur stutt við heilbrigðan fasteignamarkað og komið í veg fyrir að sveiflur vöxtum og verðbólgu leiði til kerfislægs greiðslu- og eða skuldavanda meðal heimila. Einnig hefur ríkissjóður haft svigrúm til að takast á við vanda sem steðjað hefur að Grindvíkingum vegna jarðhræringa og eldgosa á Reykjaneskaganum sem ekki sér fyrir endann á. Viðbrögð stjórnvalda hafa snúist um að koma Grindvíkingum í efnahagslegt var og tryggja fyrirtækjum rekstrargrundvöll á meðan óvissan er mest. Ákveðið hefur verið að kaupa upp íbúðir í Grindavík. Það mun hafa áhrif á einkaneyslu og verðbólgu einkum í gegnum fasteignamarkaðinn. Unnið verður að því að tryggja sem minnst áhrif á hagkerfið með því að lágmarka áhrif á peningamagn í umferð. Áhersla er á að auka framboð á íbúðum í samstarfi við sveitarfélög til að draga úr þenslu á markaðnum og bregðast við sívaxandi húsnæðisþörf.

Meginviðfangsefni hagstjórnar er að minnka verðbólgu og skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta ásamt því að styrkja stöðu ríkissjóðs með lækkun skuldahlutfallsins. Viðvarandi bati á afkomu ríkissjóðs styrkir ekki aðeins stöðu hans til að mæta áföllum heldur styður einnig við þjóðhagslegan sparnað og afgang á viðskiptajöfnuði.

Ábyrg hagstjórn síðustu ára hefur leitt til þess að frumjöfnuður er jákvæður en áætlað er að ná jákvæðum heildarjöfnuði árið 2029. Skuldahlutfallið er hætt að hækka og gert er ráð fyrir að það lækki á tímabili fjármálaáætlunar þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga og vegna náttúruhamfaranna í Grindavík.

XI

Friðlýsing fyrir kjarnavopnum að teknu tilliti til alþjóðas- skuldbindinga

Ellefti áherslupáttur:

„Að Ísland og íslensk landhelgi sé friðlýst fyrir kjarnavopnum, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga, í því augnamiði að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins

Stöðnun hefur einkennt viðræður um afvopnun og framkvæmd gildandi afvopnunarsamninga undanfarin ár. Óhætt er að fullyrða að frá innrás Rússlands í Úkraínu árið 2022 hafi meira og minna öll afvopnunarmál verið í hnút. Á síðastliðnu ári drógu Rússar til dæmis til baka fullgildingu sína á samningnum um bann við prófun á kjarnorkuvopnum (CTBT). Innrás Rússa í Úkraínu hefur aukið hættu á því að geryðingarvopnum, til dæmis kjarnavopnum eða efnavopnum, verði beitt í hernaði eða að kjarnorkuslys verði. Því er mikilvægt að aðildarríki að bæði Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og Efnavopnastofnuninni (OPCW) virði skuldbindingar sínar.

Jákvæðustu tíðindi af afvopnunarmálum á árinu 2023 hljóta að teljast staðfest eyðing Bandaríkjanna á síðustu birgðum sínum af efnavopnum í júlí. Nú hefur öllum efnavopnum, sem aðildarríki Efnavopnasamningsins hafa gefið upp, verið eytt en samkvæmt ákvæðum samningsins áttu öll aðildarríkin að ljúka eyðingu slíkra vopna fyrir 30. september 2023. Þó er talið að nokkrar birgðir slíkra vopna sem ekki hafa verið gefnar upp séu enn til.

Sem fyrr er forgangsmál fyrir alþjóðaöryggi að styrkja framkvæmd samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna og friðsamlega nýtingu kjarnorku (NPT-samningsins). Undirbúningur fyrir næstu endurskoðunarráðstefnu samningsins sem fyrirhuguð er á árinu 2026 hófst á liðnu ári. Enn sem komið er eru ekki teikn á lofti um að sú endurskoðun verði árangursrík.

Samningurinn um bann við kjarnavopnum gekk í gildi 22. janúar 2021 og var önnur ríkjaráðstefna aðildarríkjanna haldin í lok nóvember 2023. Unnið er samkvæmt verkáætlun að því að styrkja innviði samningsins en næsta ríkjaráðstefna hans verður í mars 2025. Erfitt er að meta vægi þess samnings í afvopnun kjarnavopna á þessari stundu því ekkert kjarnavopnaríki er þar aðili. Öll aðildarríki bannsamningsins eiga hins vegar aðild að samningnum um bann við útbreiðslu kjarnavopna. Lítt dulin orðræða rússneskra stjórnvalda um beitingu kjarnavopna í samhengi við stríðsrekstur þeirra í Úkraínu kann að styrkja bannsamninginn og köll eftir eyðingu kjarnavopna.

En orðræða Rússlands um geryðingavopn, vaxandi kjarnavopnabúr Norður-Kóreu og meint brot á samningnum um bann við útbreiðslu kjarnavopna getur einnig aukið vægi kjarnavopnafélingar í að koma í veg fyrir átök. Vinna við framtíðarsáttmála Sameinuðu þjóðanna tekur á afvopnunarmálum og þá sérstaklega kjarnavopnum og gæti niðurstaðan, sem verður ljós á sérstökum leiðtogafundi í september 2024, markað leið fyrir framtíð afvopnunarmála á heimsvísu.

Rússland hefur jafnt og þétt hætt þátttöku eða sagt sig frá samningum og eftirlitskerfum sem styðja gagnsæi og vígbúnaðartakmarkanir samhliða því að hefja árásarstríð gegn nágrannaríkjum sínum Úkraínu og Georgíu og haldið úti herliði í Moldóvu. Dæmi um ógöngurnar sem afvopnunarmál eru komin í er frestun á framkvæmd samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu (Conventional Armed Forces in Europe Treaty, CFE-samningsins) en sumarið 2023 tilkynntu Rússar um úrsögn sína úr samningnum. Rétt er þó að hafa í huga að Rússland frestaði framkvæmd samningsins þegar árið 2007. Til þess að þrýsta á Rússa um að virða skuldbindingar sínar gagnvart CFE-samningnum höfðu aðrir samningsaðilar haldið áfram að framfylgja ákvæðum hans og brugðist við aðgerðum Rússa með ýmsum hætti.

Þann 7. nóvember 2023 sendi Norður-Atlantshafsráðið út yfirlýsingu um að aðildarríki Atlantshafsbandalagsins muni fresta framkvæmd CFE-samningsins um óákveðinn tíma. Frestun á framkvæmd samningsins felur í sér að hægt verði að hefja framkvæmd samningsins að nýju við fyrsta tækifæri ef aðstæður leyfa. Ísland mun áfram beita sér fyrir því að leitað verði leiða til að tryggja gagnsæi og takmarka vígbúnað. Ekki er búist við að frestunin breyti miklu um viðbúnað eða umsvif ríkja Atlantshafsbandalagsins heldur felur hún fyrst og fremst í sér skilaboð vegna ákvörðunar Rússlands.

Sviptingar og vaxandi spennan í alþjóðasamskiptum settu svipá störf afvopunarnefndar Sameinuðu þjóðanna (1. nefnd) og þá sérstaklega vegna árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu og átakanna í Mið-Austurlöndum. Erfiðlega gekk að ná saman um lykíllályktanir, meðal annars hvað varðar afvopnun í geimnum og netöryggi. Þó náðist nokkuð breið samstaða um nýja ályktun um sjálfvirk vopnakerfi sem miðar að því að skapa alþjóðleg viðmið um þróun þeirra og notkun. Einnig var samþykkt ályktun um nauðsyn þess að samningsbinda aðgerðir gegn nýtingu geislavirkra efna í hernaðarskyni (radiological weapons). Þá fer vægi umfjöllunar um hvernig megi forða vígvæðingu himingeimsins á þessum viðsjárverðu tímum vaxandi. Það er ljóst að öflugar tækniframfarir eru að hafa veruleg áhrif á afvopunarumræðu og verða krefjandi verkefni á þeim vettvangi í framtíðinni. Einnig er til að taka að vaxandi átök víða um heim hafa sett þrýsting á þá samninga og pólitísku skuldbindingar sem þegar eru í gildi og fjalla um vopnaviðskipti og heftingu á útbreiðslu smávopna.

Fyrir liggur að takast þarf á við nýjar ógnir sem leiða af tækniframförum í vígbúnaðargerð og nýjum átakavíddum, svo sem netógnum, geimógnum og beitingu gervigreindar í hernaði, svo eitthvað sé nefnt. Ísland hefur þar skipað sér í hóp líkt þenkjandi ríkja og er aðili að yfirlýsingu um ábyrga notkun gervigreindar og sjálfvirkni í hernaði sem kynnt var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna síðastliðið haust. Útgangspunkturinn þar er að ríki eigi fullan rétt á að notfæra sér gervigreind og sjálfvirkni í jákvæðu framfaraskyni en óhjákvæmilegt sé að setja skorður við því að þessi tækni sé notuð með óábyrgum hætti þannig að hún ógni ekki stöðugleika, valdi ekki öðrum óþarfa hættu eða komist í hendur á óábyrgum aðilum. Ábyrg notkun gervigreindar og sjálfvirkni í hernaði feli meðal annars í sér að mannhöndin sé

ætið við stjórnvölinn þannig að hægt verði að grípa inn í ef þarf. Gætt verði að því að notkun sé í samræmi við alþjóðalög og þá sérstaklega mannúðarlög.

Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd ellefta áherslupáttar

Síðastliðið sumar samþykkti Alþingi lög nr. 67/2023 um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit. Megintilgangur þeirra er að sameina á einn stað ýmis lög sem varða þessa málaflokka og nú er í einum lagabálki fjallað um alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í tengslum við afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit.

Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða ellefta áherslupáttar

Í apríl 2023 greindi utanríkisráðherra frá ákvörðun sinni um að heimila kjarnorkuknúnum kafbátum bandaríska sjóhersins að hafa stutta viðkomu við Ísland til að taka á móti kosti og skipta út áhafnarmedlimum. Ákvörðunin er liður í stefnu íslenskra stjórnvalda að styðja við aukið eftirlit og viðbragðsgetu bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi. Sem fyrr er skilyrði fyrir komu herskipa bandalagsríkja til landsins að stjórnvöld í viðkomandi ríkjum bæði þekki og virði ákvæði þjóðaröryggisstefnunnar um að Ísland og íslensk landhelgi sé friðlýst fyrir kjarnavopnum, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga. Var þessi stefna áréttuð við bandarísk stjórnvöld þegar heimild fyrir komu kafbátanna var veitt. Kafbátarnir sem fá heimild til að hafa viðdvöl í íslenskri landhelgi bera ekki kjarnavopn samkvæmt stefnu Bandaríkjanna og eru ekki útbúnir til þess. Tvær heimsóknir fóru fram árið 2023 og tvær það sem af er ári 2024. Hafa þær allar heppnast vel í þétu samráði og samstarfi utanríkisráðuneytisins, Landhelgisgæslu Íslands, ríkislögreglustjóra, Geislavarna ríkisins og annarra aðila innan stjórnkerfisins. Framkvæmd heimsókna byggir á verklagsreglum sem samdar voru með aðkomu framangreindra aðila. Fulltrúar bandarískra stjórnvalda munu koma hingað til lands í nóvember 2024 til að standa fyrir fræðslu og samtali við þá innlendu aðila sem koma að framkvæmd heimsókna.

Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd ellefta áherslupáttar

Alþjóðlegar skuldbindingar á sviði afvopnunarmála og vígbúnaðartakmarkana eiga undir högg að sækja. Mikilvægt er að sporna við þeirri þróun og er lögð rík áhersla á að varðveita og styrkja samninga á þessu sviði. Sem fyrr mun Ísland áfram leggja sitt af mörkum til framgangs raunhæfrar afvopunar með virkri þátttöku á alþjóðavettvangi þar sem afvopnunarmál eru til umfjöllunar og í samráði við önnur ríki um hvernig beri að takast á við nýjar ógnir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir.

XII

Þjóðaröryggisráð

Tólfti áherslupáttur:

„Að þjóðaröryggisráð, er starfi á grundvelli sérstakra laga, meti ástand og horfur í þjóðaröryggismálum með reglulegum hætti, hafi eftirlit með framfylgd þjóðaröryggisstefnunnar, endurspegli þá breiðu sýn á þjóðaröryggi sem birtist í stefnunni og standi fyrir endurskoðun hennar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.“

Greinargerð forsætisráðherra og formanns þjóðaröryggisráðs

Þjóðaröryggisráð starfar samkvæmt sérstökum lögum nr. 98/2016 um þjóðaröryggisráð, þar sem er kveðið á um skipan ráðsins, hlutverk þess og lögbundin verkefni. Þjóðaröryggisráð starfar á grundvelli sérstakra laga og hefur það því sjálfstæða, lögbundna tilvist. Þjóðaröryggisráð er sjálfstæður lögbundinn stjórnsýsluaðili.

Þjóðaröryggisráð er samráðs- og eftirlitsvettvangur um framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar og þjóðaröryggismál auk þess sem ráðið hefur tiltekin lögbundin verkefni.

Markmið stefnunnar er að tryggja sjálfstæði, fullveldi, lýðræðislegt stjórnarfar og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna, varnir landsins og vernd stjórnkerfis og mikilvægra innviða samfélagsins. Stefnan byggir á víðtækri skilgreiningu á þjóðaröryggi og tekur til fjölmargra málefnasviða stjórnkerfisins.

Samkvæmt ályktun Alþingis um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland er ríkisstjórninni falið að fylgja stefnu um þjóðaröryggi. Því er framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar er á ábyrgð ráðuneyta og stofnana. Verkaskipting um framkvæmd stefnunnar er skýr og er ákveðin í forsetaúrskurði um skipting stjórnarmálefna milli ráðuneyta.

Þjóðaröryggisráð hefur eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis. Fjallað er um framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar á fundum ráðsins og í sérstökum árlegum skýrslum þjóðaröryggisráðs um framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar sem byggir á greinargerðum hlutaðeigandi ráðuneyta.

Þjóðaröryggisráð skal meta ástand og horfur í þjóðaröryggismálum og fjalla um önnur málefni er varða þjóðaröryggi. Þjóðaröryggisráð skal eiga samráð við Alþingi og almannavarnaráð. Þá skal ráðið stuðla að endurskoðun þjóðaröryggisstefnunnar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þá ber þjóðaröryggisráði að beita sér fyrir opinni og lýðræðislegri umræðu um þjóðaröryggismál og eflingu fræðslu og upplýsingagjöf um þau mál í samvinnu við háskólasamfélagið, hugveitur og fjölmiðla.

Skipan þjóðaröryggisráðs 2023

Í þjóðaröryggisráði eiga fast sæti forsætisráðherra, sem er formaður ráðsins, ráðherra sem fer með utanríkis- og varnarmál, ráðherra sem fer með almannavarnir og ráðuneytisstjórnar forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Enn fremur eiga fast sæti í ráðinu tveir alþingismenn, annar úr þingflokki sem skipar meirihluta á Alþingi en hinn úr þingflokki minnihluta. Þá sitja í ráðinu forstjóri Landhelgisgæslunnar, ríkislögreglustjóri og fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þjóðaröryggisráð getur kallað til fleiri ráðherra til setu í ráðinu varðandi einstök mál sem eru til umfjöllunar hjá ráðinu og tekur þá viðkomandi ráðuneytisstjóri einnig sæti í því.

Á árinu 2023 áttu sæti í þjóðaröryggisráði þau Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður þjóðaröryggisráðs, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra (til 14. október 2023), Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra (tók við embætti utanríkisráðherra 14. október 2023) Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra (til 19. Júní 2023), Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra (tók við embætti dómsmálaráðherra 19. júní 2023), Oddný G. Harðardóttir alþingismaður, Jóhann Friðrik Friðriksson alþingismaður, Bryndís Hlöðversdóttir, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, Martin Eyjólfsson ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Haukur Guðmundsson ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis, Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri, Georg Lárusson forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, og Smári Sigurðsson fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Á árinu 2023 kallaði þjóðaröryggisráð til setu í ráðinu vegna umfjöllunar um einstök málefni sbr. 2.mgr. 3.gr. laga um þjóðaröryggisráð þau Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Ásdísi Höllu Bragadóttur ráðuneytisstjóra háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis, Guðlaug Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Stefán Guðmundsson ráðuneytisstjóra umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Fundir þjóðaröryggisráðs 2023

Þjóðaröryggisráð starfar á fundum. Haldnir voru samtals 7 reglulegir fundir þjóðaröryggisráðs á árinu 2023.

Auk umræðna um mál sem efst eru á baugi hverju sinni voru eftirtalin málefni til sérstakrar umræðu á fundum þjóðaröryggisráðs á árinu 2023:

- Almannavarnir þ.m.t. Reykjanesskagi - staða mála, mikilvægi uppbyggingar á upplýsingatækni- og mælainnviðum Veðurstofunnar vegna þjóðaröryggis.
- Varnarsamvinna þ.m.t. kafbátaeftirlit við Ísland, varnaráætlanir fyrir Ísland, norrænt varnarsamstarf, varnaræfingar .
- Fjarskiptaöryggi þ.m.t. áhættumat Fjarskiptastofu, fjarskiptatengingar við útlönd, varafjarskiptaleið um gervihnetti.
- Staða mála á alþjóðavettvangi og alþjóðasamskipti þ.m.t. Úkraína - staða mála, stuðningsaðgerðir Íslands og bandalagsríkja.
- Löggæsla- og öryggismál þ.m.t. vöktun hafsvæðis og viðbúnaðargeta Landhelgisgæslu Íslands, vöktun sæstrengja, aðgerðir til eflingar lögreglu í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi, öryggisráðstafanir vegna leiðtogafundar Evrópuráðsins.

- Fjármála- og efnahagsöryggi þ.m.t. innlend greiðslumiðlun.
- Net- og upplýsingaöryggi.
- Áfallaþol þ.m.t. Neyðarbirgðir, viðbúnaður komi til rofs á fjarskiptatengingum við útlönd og rýni á mögulegri miðlun erlendra ríkja eða aðila þeim tengdum á „fölskum fréttum“, áróðri, lygum og undirróðri hér á landi sem miðar að því að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum.

Ritari þjóðaröryggisráðs

Í lögum um þjóðaröryggisráð kveðið á um starf ritara þjóðaröryggisráðs og að forsætisráðuneytið skuli veita ráðinu nauðsynlega starfsaðstöðu og aðstoð við störf þess. Ritari þjóðaröryggisráðs á árinu 2023 var Þórunn J. Hafstein skrifstofustjóri.

Ritari þjóðaröryggisráðs er tilnefndur af forsætisráðherra í samræmi við ákvæði laga um þjóðaröryggisráð og hefur hann starfsaðstöðu í forsætisráðuneytinu. Ritari þjóðaröryggisráðs, starfar í þágu þjóðaröryggisráðs, annast umsýslu vegna funda þjóðaröryggisráðs og vinnur að lögbundnum verkefnum ráðsins í umboði forsætisráðherra og formanns þjóðaröryggisráðs.

Ritari þjóðaröryggisráðs greinir helstu áskoranir og verkefni sem fram undan eru í ráðinu, svo halda megi utan um og framfylgja eftirlitsskyldu ráðsins um þjóðaröryggisstefnu í samræmi við ályktun Alþingis. Samkomulag er við ríkislögreglustjóra um virkt og gagnkvæmt samráð um greiningu upplýsinga og helstu áskoranir sem íslenskt samkomulag stendur frammi fyrir og varða framgang þjóðaröryggisstefnunnar.

Ritari þjóðaröryggisráðs gerir tillögur til forsætisráðherra að dagskrá funda þjóðaröryggisráðs og tryggir að mál sem borin eru upp á fundum þjóðaröryggisráðs séu vel undirbúin og að viðeigandi samráð milli ráðuneyta og stofnana sé viðhaft.

Samráð og samvinna innan stjórnkerfisins vegna starfa þjóðaröryggisráðs gekk vel á árinu 2023.

Samhent stjórnsýsla

Víða í stjórnsýslunni eru til staðar upplýsingar sem snerta ýmsa þætti öryggis ríkis og þjóðar. Til að sinna verkefnum sínum er þjóðaröryggisráði nauðsynlegt að hafa aðgang að öllum slíkum upplýsingum og tiltækum gögnum sem varða þjóðaröryggi.

Tengiliðahópur þjóðaröryggisráðs, sem í eru um 40 tengiliðir ráðuneyta, stofnana og opinberra hlutafélaga o.fl., auðveldar miðlun upplýsinga og skýrslugjöf til þjóðaröryggisráðs og er ritara til samráðs og ráðgjafar eftir þörfum. Við vinnslu verkefna þjóðaröryggisráðs er lögð áhersla á samhenta stjórnsýslu og gott upplýsingaflæði og samráð við ráðuneyti og stofnanir.

Þjóðaröryggisráð ákveður hvort koma skuli á laggirnar sérstökum samráðshópum sérfræðinga til þess undirbúa umfjöllun á vettvangi ráðsins. Fjöldmargir sérfræðingar úr stjórnkerfinu og háskólasamfélaginu hafa tekið þátt í störfum hópanna eða hátt í 130 sérfræðingar frá því að ráðið tók til starfa. Ritari þjóðaröryggisráðs hefur leitt starf hópanna.

Á árinu 2023 voru starfandi eftirtaldir samráðshópar á vegum þjóðaröryggisráðs til undirbúnings umfjöllun á fundum ráðsins:

- **Neyðarbirgðir.** Starfshópur skipaður tengiliðum ráðuneyta og var leiddur af ritara þjóðaröryggisráðs skilaði skýrslu í ágúst 2022 um nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum. Þar er að finna tillögur um mikilvæg skref til þess að koma á laggirnar neyðarbirgðum. Starfshópurinn gerði tillögu um að vörur og tæki á eftirtöldum sviðum ættu að teljast til neyðarbirgða: Matvæli og nauðsynleg aðföng vegna matvælaframleiðslu, jarðefnaeldsneyti, lyf, lækningatæki og hlífðarbúnaður, viðhaldshlutir og þjónusta vegna mikilvægra innviða samfélagsins, hreinsiefni og sæfiefni.

Hlutaðeigandi ráðuneyti, leiða samráð ríkisaðila, atvinnulífs og þriðja geirans við útfærslu tillagnanna hvert á sínu málefnaviði, á grundvelli sviðsábyrgðar ráðuneyta.

Þjóðaröryggisráð fól ritara þjóðaröryggisráðs í samráði við tengiliði frá matvælaráðuneyti, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, innviðaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti utanríkisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti að fylgja eftir starfi ráðuneytanna á árinu 2023.

- **Viðbúnaður komi til rofs á fjarskiptatengingum við útlönd.** Þjóðaröryggisráð fól ritara þjóðaröryggisráðs að leiða samráð sérfræðinga um mögulegar sviðsmyndir komi til rofs á fjarskiptatengingum við útlönd. Nánar tiltekið er markmið samráðsins að kortleggja gagnatengingar við útlönd og varafjarskiptaleiðir einkum er varða mikilvæga innviði og starfsemi, að greina skipulagsleg og tæknileg úrlausnarefni og útfærslur, m.a. með tilliti til viðgerðar- og viðbragðsgetu ef kemur til þess að það þurfi að gera við eða lagfæra sæstrengi. Enn fremur að hugað verði að gerð forgangsröðunar gagnaumferðar um takmarkaðar útlandatengingar komi til rofs á sæstrengjum og að fylgja eftir gerð viðbragðsáætlunar sem hægt verði að nota ef til sambandsrofs kemur. Í samráðhópnum eiga sæti tengiliðir frá forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti, Fjarskiptastofu, Netöryggissveit, FARICE, embætti ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu Íslands. Á árinu 2023 lagði samráðshópurinn megináherslu á að undirbúa tillögur að raunhæfri varafjarskiptaleið til útlanda fyrir mikilvæga starfsemi í landinu og miðaði þeirri vinnu vel.
- **Rýni á mögulegri miðlun erlendra ríkja eða aðila þeim tengdum á „fölskum fréttum“, áróðri, lygum og undirróðri hér á landi sem miðar að því að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum.** Með hliðsjón af markmiðum þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, sem hefur grunngildi þjóðarinnar að leiðarljósi, lýðræði og verndun mannréttinda samþykkti þjóðaröryggisráð í júlí 2023 að setja á laggirnar tengiliðahóp ráðsins, og fela honum að rýna mögulega miðlun erlendra ríkja eða aðila þeim tengdum á „fölskum fréttum“, áróðri, lygum og undirróðri hér á landi, sem miðar að því að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum. Tengiliðahópurinn skipa fulltrúar frá forsætisráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu, menningar- og viðskiptaráðuneytinu, háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, Ríkislögreglustjóra, Fjölmiðlanefnd, Fjarskiptastofu, Háskóla Íslands og samstarfsnefnd háskólastigsins. Ritari þjóðaröryggisráðs leiðir starf tengiliðahópsins. Tengiliðahópurinn starfar með

samráðshópi skipuðum fulltrúum sem tilnefndir hafa verið af formönnum þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, í þeim tilgangi að tryggja gagnsæi og samráð milli þjóðaröryggisráðs og Alþingis á sviði þjóðaröryggismála og styrkja aðkomu Alþingis að þjóðaröryggismálum.

Opin og lýðræðisleg umræða um þjóðaröryggismál

Þjóðaröryggisráð stóð fyrir ráðstefnu um þjóðaröryggi og alþjóðasamskipti 22. mars 2023 í Hörpu. Litið var til þess að örar breytingar á alþjóðavettvangi hafa í för með sér að stjórnvöld þurfa að takast á við samfélagslegar og alþjóðlegar áskoranir á sviði þjóðaröryggis með nýjum áherslum. Ritari þjóðaröryggisráðs annaðist undirbúning málþingsins í samvinnu við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og tengiliði frá utanríkisráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu, ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu Íslands. Ráðstefnan var afar vel sótt og fjölmargir aðilar ávörpuðu ráðstefnuna og tóku þátt í umræðum þ. á. m. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður þjóðaröryggisráðs, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, Christoph Heusgen, forstöðumaður Munich Security Conference.

Þjóðaröryggisráð heldur úti vefsvæði þar sem er að finna upplýsingar um ráðið og verkefni þess auk þess sem þar er að finna allt útgefið efni á vegum ráðsins.

Ritari þjóðaröryggisráðs á reglulega kynningar- og samráðsfundi með ráðuneytum og stofnunum, félagasamtökum og sendiráðum erlendra ríkja um þjóðaröryggisstefnuna og þjóðaröryggisráð.

Endurskoðun þjóðaröryggisstefnunnar

Samkvæmt lögum um þjóðaröryggisráð skal þjóðaröryggisráð stuðla að endurskoðun þjóðaröryggisstefnunnar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þjóðaröryggisráð vann að gerð tillagna um endurskoðun þjóðaröryggisstefnunnar á árinu 2022 sem voru kynntar í ríkisstjórn. Forsætisráðherra lagði fram á Alþingi tillögu að breytingu á þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland á Alþingi 22. nóvember 2022 sem endurspeglaði ábendingar þjóðaröryggisráðs og var hún samþykkt eftir þinglega meðferð í lok febrúar 2023.

Samstarf við framtíðarnefnd Alþingis

Á árinu 2023 var haldin sameiginleg vinnustofa þjóðaröryggisráðs og framtíðarnefndar Alþingis um verkefni er lúta að framtíðarfræðum og gagnsemi í málefnum er viðkoma þjóðaröryggi. Farið verður yfir aðferðafræði framtíðarfræða þ.m.t. mynstursgreiningu (e. trend analysis) á áhrifaþáttum í samfélaginu og aðferðafræði við uppsetningu framtíðarsviðsmynda.